

Hringvegurinn – Áhugaverðir staðir



September 2017

Höfundur: Sóley Jónasdóttir
Verkefnið var styrkt af: Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.
Mynd á forsíðu: Í Ljósavatnsskarði haustið 2016
Útgefið: September 2017.
Staður: Reykjavík.
Útgefandi: Vegagerðin, Borgartúni 5-7.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu eða álit Vegagerðarinnar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Umdæmi Vegagerðarinnar í Vík	5
2.1. Formáli	5
2.2. Niðurstöður	7
2.3. Umræður	20
3. Umdæmi Vegagerðarinnar á Selfossi	23
3.1. Formáli	23
3.2. Niðurstöður	25
3.3. Umræður	27
4. Umdæmi Vegagerðarinnar í Hafnarfirði	23
4.1. Formáli	23
4.2. Niðurstöður og umræður	25
5. Umdæmi Vegagerðarinnar í Borgarnesi	31
5.1. Formáli	31
5.2. Niðurstöður	33
5.3. Umræður	35
6. Umdæmi Vegagerðarinnar á Hvammstanga	39
6.1. Formáli	39
6.2. Niðurstöður	41
6.3. Umræður	46
7. Umdæmi Vegagerðarinnar á Sauðárkróki	49
7.1. Formáli	49
7.2. Niðurstöður	51
7.3. Umræður	54
8. Umdæmi Vegagerðarinnar á Akureyri	57
8.1. Formáli	57
8.2. Niðurstöður	59
8.3. Umræður	63
9. Umdæmi Vegagerðarinnar á Húsavík	65
9.1. Formáli	65
9.2. Niðurstöður	67
9.3. Umræður	77
10. Umdæmi Vegagerðarinnar í Fellabæ	79
10.1. Formáli	79
10.2. Niðurstöður	81
10.3. Umræður	84
11. Umdæmi Vegagerðarinnar á Reyðarfirði	87
11.1. Formáli	87
11.2. Niðurstöður	88
11.3. Umræður	89
12. Umdæmi Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði	91
12.1. Formáli	91
12.2. Niðurstöður	95
12.3. Umræður	115
13. Ferðapjónustuaðilar með hópferðabíla	121
13.1. Formáli	121
13.2. Umræður	123
14. Samantekt	125
15. Heimildaskrá	131
16. Þakkir	133

1. Inngangur

Þetta verkefni fjallar um kortlagningu staða, á og við Hringveginn, þar sem ferðamenn, einkum erlendir ferðamenn, stoppa til myndatöku. Verkefnið ber heitið „Hringvegurinn – Áhugaverðir staðir“, og er markmiðið með því að vinna samantekt um þá staði Hringvegarins þar sem ferðamenn stöðva í vegkanti til myndatöku. Oft er um tilviljanakennd stopp að ræða, svo sem vegna hesta nálægt vegi, annarra húsdýra, fugla, blóma, norðurljósa, birtuskilyrða, regnboga o.s.frv. sem ferðamönnum finnst gaman að mynda. Á sumum stöðum er þó stoppað ítrekað, og oftar en svo að það geti talist tilviljanakennt. Það eru þeir staðir sem fyrirhugað er að skrá og kortleggja í þessu verkefni.

Verkefnið var afmarkað við Hringveginn sem er samtals 1332 km á lengd og skiptist í 187 vegkafla (a1-y2). Núllpunktur Hringvegarins er á sýslumörkum Skaftafellssýslunnar tveggja á Skeiðarársandi. Vegurinn liggur um alla landshluta nema Vestfirði og Miðhálandið.

Hringleiðin um landið opnaðist árið 1974 þegar Skeiðarárbrú var opnuð.

Sótt var um styrk til rannsóknarsjóðs

Vegagerðarinnar árin 2015 og 2016 til þess að vinna að skráningu þessarra myndastoppistaða á Hringveginum. Sóley Jónasdóttir umhverfisfræðingur á hönnunardeild Vegagerðarinnar var verkefnisstjóri og sá um úrvinnslu gagna, ljósmyndun, kortagerð og skrif skýrslu. Aðrir þátttakendur eru Ásbjörn Ólafsson á þjónustudeild Vegagerðarinnar, Erna Bára Hreinsdóttir á hönnunardeild Vegagerðarinnar, Helga Aðalgeirsdóttir á hönnunardeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir á umferðardeild Vegagerðarinnar.

Við upplýsingaöflun var leitað fanga hjá þeim aðilum sem þekkja þjóðvegakerfi landsins hvað best, þ.e. starfsmönnum Vegagerðarinnar í þjónustu og rekstri, og sem vinna á vegum úti allan ársins hring og þekkja umhverfi þeirra hvað best. Haft var samband við forsvarsmenn þeirra 11 þjónustustöðva Vegagerðarinnar sem hafa hluta af Hringveginum innan síns umdæmis. Þjónustustöðvarnar voru heimsóttar og myndastoppistaðir ferðafólks skráðir með aðstoð Ágústas Freys Bjartmarssonar á Vegagerðinni í Vík í Mýrdal, Páls Halldórssonar á Vegagerðinni á Selfossi, Jóhanns B. Skúlasonar á Vegagerðinni í Hafnarfirði, Guðna Eðvarðssonar á Vegagerðinni í Borgarnesi, Guðmundar Sigurðssonar á Vegagerðinni á Hvammstanga, Páls Hlökkvers Kristjánssonar á Vegagerðinni á Akureyri, Gunnars Bóassonar á Vegagerðinni á Húsavík, Magnúsar Jóhannssonar á Vegagerðinni í Fellabæ og Reynis Gunnarssonar á Vegagerðinni á Höfn í Hornafirði.

Einnig var leitað til ferðaþjónustuaðila með hópferðabíla til að fá innsýn þeirra sem vinna á stærri bílum. Bílstjórar ferðaþjónustufyrirtækja þekkja vandamálið vel, auk þess að þekkja vel vegakerfið og kröfur ferðamanna um það hvar þeir vilji fá að stoppa til að mynda. Þeir ferðaþjónustuaðilar sem tóku þátt í verkefninu eru Guðmundur Tyrfingsson ehf., Hópbílar hf., Reykjavík Excursion, SBA Norðurleið, Snæland Grímsson og Tanni Travel.

Aðdraganda þessa verkefnis má rekja til þeirra aukningar sem orðið hefur á umferð erlendra ferðamanna um þjóðvegi landsins. Bæði hefur erlendum ferðamönnum sem koma til landsins fjölgað mikið á síðustu árum og svo hitt að ferðamáti þeirra sem sækja Ísland heim hefur einnig breyst og fleiri sem kjósa nú en áður að aka um landið á eigin vegum. Í skýrslu Rögvaldar Guðmundssonar, hjá Rannsóknnum og




Mynd 1.1. Ferðamaður austan Hornafjarðarfliðs að mynda álfir.

ráðgjöf ferðapjónustunnar, um *Akstur og öryggi erlendra ferðamanna árið 2016*, kemur fram að umferð bílaleigubíla tæplega sexfaldaðist hér á landi á árunum 2009-2016, auk þess sem erlendum ferðamönnum fjölgaði einnig verulega yfir vetrarmánuðina og er áætlað að vetrarumferð erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hafi tólfaldast yfir dimmustu vetrarmánuðina, janúar, febrúar, nóvember og desember, á sama árabili. (Rögvaldur Gunnarsson, 2017).

Erlendir ferðamenn á Íslandi koma frá öllum heimshornum, meðal annars frá löndum þar sem umferðar- og akstursmenning er með allt öðrum hætti en hér tíðkast. Þá er akstur í vetrarfærð eitthvað sem margir ferðamenn þekkja lítt.

Á mynd 1.2. eru upplýsingar um umferðaraukningu víðsvegar um landið.



Mynd 1.2. Umferðaraukning á Suðurlandi, Austurlandi og Norðurlandi árið 2016 (heimild: umferðardeild Vegagerðarinnar).

Með aukinni umferð hefur umferðaröryggi að sama skapi minnkað og hefur umferðarslysum fjölgað á undanförunum árum. Þá hefur þjóðfélagsumræða um samgöngur, ferðamennsku og umferðaröryggi verið nokkuð fyrirferðarmikil, aðallega vegna skorts á innviðum og fjármagni til viðhalds og uppbyggingar. Þann 13. febrúar 2016 birtist fyrirsögn á vefsíðu RÚV (www.ruv.is) „Þjóðvegur 1 – hættulegasti ferðamannastaðurinn“.

Áningarstaðir Vegagerðarinnar gegna ákveðnu hlutverki með tilliti til umferðaröryggis. Á þeim geta vegfarendur áð um stund áður en förinni er haldið lengra. Vegagerðin hefur nú umsjón með um 500 áningarstöðum víðsvegar um land sem ýmist eru flokkaðir sem áningarstaðir, vigtunar- og/eða keðjunarstaðir, eða útskot. Í gagnagrunni Vegagerðarinnar er yfirlit yfir flokkun áningarstaða á landinu og þar hefur verið bætt við flokknum *ferðamannaflokkur* þar sem viðkomandi staður er flokkaður út frá ferðamanninum sjálfum.

Þrátt fyrir áningarstaði, keðjunarstaði og útskot meðfram þjóðvegum landsins er mikið um að ferðamenn á bílaleigubílum stöðvi bílinn skyndilega, án nokkurs aðdraganda, á miðjum vegi eða vegkanti til að taka myndir. Ef myndefnið er hinum megin við þann stað sem stoppað er, gengur fólk yfir veginn til myndatöku. Margir hafa reynt það á eigin skinni í umferðinni þegar bíl fyrir framan er snarhemað og hurð opnuð. Hægt er að ímynda sér þær aðstæður sem bílstjórar stórra og þungra hópferðabíla og flutningabíla eru settir í með þessu háttarlagi.



Mynd 1.3. Við flugvélaflakið á Sólheimasandi í september 2016.

Ljóst er að um stórt umferðaröryggismál er að ræða en engar upplýsingar eða samantekt liggja fyrir um það hvar erlendir gestir stoppa helst á þjóðvegum til að taka myndir.

Með skráningu myndastoppistaða á Hringveginum er stefnt að því að niðurstöður verkefnisins geti nýst við staðsetningu nýrra áningarstaða í framtíðinni auk annarrar ákvarðanatöku í aðgerðum í umferðaröryggismálum. Þörf er á fjölgun áningarstaða, bílastæða og útskota við þjóðvegi landsins

Í eftirfarandi köflum; 2 – 12, er skráning þeirra staða á Hringveginum þar sem ferðamenn stoppa iðulega á vegi eða í vegkanti til myndatöku, með tilheyrandi aukinni slyshættu. Köflunum er raðað upp eftir umdæmi hverrar þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og byrjað á „upphafskafla“ Hringvegarins, vegkafla a1, sem er á Skeiðarársandi á sýslumörkum Austur- og Vestur Skaftafellssýslna, innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Vík í Mýrdal

2. Umdæmi Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal

2.1. Formáli

Þann 12. september 2016 var farið með Ágústi Frey Bjartmarssyni, yfirverkstjóra þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvarinnar og þeir staðir skráðir þar sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar í Vík sér um rekstur og þjónustu á rúmlega 192 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæði stöðvarinnar frá sýslumörkum Austur- og Vestur Skaftafellssýslu á Skeiðarársandi að austanverðu (1-a1), að Hlíðarvegi á Hvolsvelli (1-c0) að vestanverðu.


Vegkafla Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar í Vík má sjá í töflu 2.1.1.

Tafla 2.1.1. Vegkaflar innan umdæmis Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr	Knr	Heiti endapunkts	Lengd	Vlengd	Vfl	Heiti sveitarfélags
1	a1	Sýslumörk, sýslusteinn	Núpsstaður	9,01	S	Skaftárhreppur
1	a2	Núpsstaður	Dalshöfðavegur (2019-01)	11,13	S	Skaftárhreppur
1	a3	Dalshöfðavegur (2019-01)	Foss	9,44	S	Skaftárhreppur
1	a4	Foss	Klausturvegur (205-01)	11,41	S	Skaftárhreppur
1	a6	Klausturvegur (205-01)	Skál	13,14	S	Skaftárhreppur
1	a7	Skál	Skaftártunguvegur (208-00)	10,22	S	Skaftárhreppur
1	a8	Skaftártunguvegur (208-00)	Hrífunesvegur (209-01)	9,32	S	Skaftárhreppur
1	a9	Hrífunesvegur (209-01)	Álftaversvegur (211-01)	5,65	S	Skaftárhreppur
1	b0	Álftaversvegur (211-01)	Dýralækur tvö austustu ræsin	12,09	S	Skaftárhreppur
1	b1	Dýralækur tvö austustu ræsin	[..sveitarfélagsmörk..]	3,83	S	Skaftárhreppur
1	b1	[..sveitarfélagsmörk..]	Hjörleifshöfði	4,96	S	Mýrdalshreppur
1	b2	Hjörleifshöfði	Vík, vesturgafi Víkurþrjóns	12,03	S	Mýrdalshreppur
1	b3	Vík, vesturgafi Víkurþrjóns	Vík, Mýrarvegur, skurður t.v.	0,72	S	Mýrdalshreppur
1	b4	Vík, Mýrarvegur, skurður t.v.	Dyrhólavegur (218-01)	12,05	S	Mýrdalshreppur
1	b5	Dyrhólavegur (218-01)	Sýslumörk (vegri)	14,29	S	Mýrdalshreppur
1	b6	Sýslumörk (vegri)	Raufarfellsvegur (242-01) vestri endi	12,44	S	Rangárþing eystra
1	b7	Raufarfellsvegur (242-01) vestri endi	Sandhólavegur (247-01) eystri endi	13,10	S	Rangárþing eystra
1	b8	Sandhólavegur (247-01) eystri endi	Dímonarvegur (250-01)	11,82	S	Rangárþing eystra
1	b9	Dímonarvegur (250-01)	Bakkavegur (253-01)	6,02	S	Rangárþing eystra
1	c0	Bakkavegur (253-01)	Hvolsvöllur, Hlíðarvegur	10,13	S	Rangárþing eystra

Á teikningu 2.1.1 eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Vík, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við stopp ferðafólks á vegi eða vegkanti. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Vík í Mýrdal.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 2.2 Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins á umræddu svæði.



Teikning 2.1.1 Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringvegnum, innan þjónustusvæðis Víkur í Mýrdal, sem ferðafólk stöppar ítrekað á til myndatöku.

2.2. Niðurstöður

Eftirfarandi texti og myndir eru til frekari upplýsingar um þá staði sem merktir eru á teikningu 2.1.1.

1-a1 Sýslumörk, sýslusteinn - Núpsstaður

1. Algengt er að ferðafólk stoppi **beggja vegna brúar yfir Núpsvötn, austan Lómagnúps**. Sé fólk á austurleið blasa Skeiðarárjökull og Öræfajökull við frá þessum stað, auk annarra skriðjökla Vatnajökuls. Landslagið er fjölbreytt, Skeiðarársandur, jöklar og stórfengleg fjöll, m.a. Lómagnúpur og Súlutindar sem rísa vestan við Skeiðarárjökul og Færnestindar austan hans. Þá sjást Skaftafellsfjöll og Skaftafellsheiði vel og einnig sést í áttina að Morsárdal. Á vesturleið er sjónarhorn á Lómagnúp mjög gott.

Á þessu svæði bera kantar merki þess að bílum sé lagt í vegkanti. Leiðigarðar og önnur svæði, þar sem aka má út af, eru alls staðar nýtt til myndatöku.



Mynd 2.2.1. Við vestari enda brúar yfir Núpsvötn. Lómagnúpur blasir við í vesturátt.



Mynd 2.2.2. Austan brúar yfir Núpsvötn. Vegkantur er víða illa farinn.



Mynd 2.2.3. Skeiðarárjökull blasir við milli Súlutinda í vestri og Færnestinda í austri. Fyrir miðri mynd er gamall varnargarður sem m.a. er nýttur af ferðafólki til ljósmyndatöku.

2. Við heimreið að Núpsstað, vestan við Lómagnúp, er algengt að ferðafólk stoppi til að taka myndir. Á Núpsstað eru gömul bæjarhús sem talin eru dæmigerð fyrir bæi á Íslandi á síðustu öldum. Þeirra merkast er bænhúsið sem er ein af örfáum torfkirkjum sem enn eru til á landinu. Bæjarstæðið er einkar fallegt með klettamyndunum, fossi og skógi vöxnum hliðum og bæjarhúsum sem kúra undir hliðinni. Skammt austan við Núpsstað fellur Aurá. Auðvelt er að komast gangandi niður að Aurá, sem fellur vestan Núpsstaðar. Þá er Lómagnúpur vinsælt myndefni og gott sjónarhorn er að honum frá þessum stað sé maður á austurleið, auk þess sem Örfajökull blasir við. Eykur það enn frekar áhuga fólks á staðnum.

Heimreiðin að Núpsstað er lokuð með hliði en ferðafólk leggur bílum sínum við hliðið og gengur heim að Núpsstað til myndatöku. Einnig er lagt í vegkanti gegnt heimreiðinni og ber vegöxl þess augljós merki. Miðlína vegarins er heil á þessum stað.



Mynd 2.2.4. Núpsstaður í Fljótshverfi er vinsæll áningarstaður ferðafólks.



Mynd 2.2.5. Vegkantur gegnt heimreið að Núpsstað er vinsæll stoppistaður erlendra gesta. Lómagnúpur blasir við og Örfajökull gægist framan hans.

1-a3 Dalshöfðavegur (2019-01) - Foss

3. **Fossálar** eru skammt austan vegar að Dverghömrum og um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Veiði er í Fossálum og algengt að sjá veiðimenn á svæðinu. Austan einbreiðrar brúar yfir Fossála stoppa erlendir gestir gjarnan, beggja vegna Hringvegar. Algengara er þó að bílum sé lagt sunnan vegar og gengið yfir veginn að Fossálunum. Vegkantar eru brotnir og svæðið orðið moldartroðið beggja vegna.

Aðdráttarafi svæðisins er fallett straumvatn með grónum hólum (hvönn) og fossum sem fellur um mosavaxna hraunbreiðu. Ofan Fossála eru ævintýrlegar klettamyndanir með hellum. Miklar andstæður eru í litum landslagsins.

Þá er aðdráttarafi Fossála í klakaböndum einnig mikið yfir vetrarmánuðina.



Mynd 2.2.6. Fossálar til vinstri á myndinni. Eins og sjá má er svæðið úttraðkað beggja vegna vegarins.



Mynd 2.2.7. Fossálar.



Mynd 2.2.8. Dökkar klettaborgir með grasi vöxnum hlíðum og mosa vöxnu hrauni.

1-a4 Foss – Klausturvegur (205-01)

4. Við **Foss á Síðu** er stoppað hvar sem er en staðurinn er afar vinsæll til að taka myndir. Ferðmenn leggja bílum sínum í vegkantinum nærri fossinum, beggja vegna hans og ganga yfir veginn til myndatöku. Oft myndast hálfgerð öngþveiti á svæðinu vegna þessa. Heil lína er á veginum á þessum stað enda liggur hann í beygju neðan fossins og vegsýn er skert. Axlir og vegkantar, beggja vegna fossins bera víða merki átroðnings.



Mynd 2.2.9. Foss á Síðu.



Myndir 2.2.10. og 2.2.11. Bílum er lagt hvar sem er nærri fossinum, beggja vegna hans.

1-a6 Klausturvegur (205-01) - Skál

5. Í Eldhrauni er stoppað hvar sem er til að mynda mosavaxið hraunið. Vegöxl á veginum um hraunið er víða örmjó (sem engin) og því má oft sjá bílum lagt á veginum sjálfum. Fremur lítill, ómerktur áningarstaður, með malaryfirborði, er milli stöðva 8700-8800 en árið 2015 var hann færður lítilliga til og stækkaður. Mikil ásókn er í þennan stað og annar hann engan veginn öllum þeim sem vilja nýta sér hann til áningar.



Myndir 2.2.12-2.2.14. Myndir úr Eldhrauni (Heimild: Sandra Brá Jóhannesdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps. Slæður úr fyrirlestri hennar á ráðstefnu sambands íslenskra sveitarfélaga þann 3. mars 2017).



Mynd 2.2.15. Ferðamaður dást að mosavöxnu eldhrauni.



Mynd 2.2.16. Ferðamaður tekur mynd af mosanum.

1-b1 Dýralækur, tvö austustu ræsin – Hjörleifshöfði

6. Á Mýrdalssandi, í lúpínubreiðu vestan Blautukvíslar, er vinsælt að stoppa til myndatöku. Útsýni er að Hafursey og Hjörleifshöfða og til norðurs er falleg jöklasýn, m.a. að Kötlujökli. Sandurinn næst vegi er vaxinn lúpínu og þegar hún er í blóma gefur litur hennar svæðinu enn meira aðdráttarafl og vinsælt er meðal ferðafólks að ganga út í lúpínubreiðuna til myndatöku.

Tveir vetrarvegir sem eru á Mýrdalssandi, milli stöðva 6700-7100 og 7760-8000, eru oft þéttsetnir af ferðafólki, auk Hringvegarins beggja vegna vetrarveganna.

Vegkantar á sandinum bera þess merki að á þeim sé ekið og bílum lagt. Meðal annars má víða sjá gróðurvana dældir inn í þéttvaxna lúpínubreiðuna meðfram veginum.



Mynd 2.2.17. Vetrarvegur á Mýrdalssandi



Mynd 2.2.18. Troðnir vegkantar á Mýrdalssandi

1-b2 Hjörleifshöfði – Vík, vesturgafi Víkurprjóns

7. **Við Múlakvísl** er algengt að ferðafólk stoppi til myndatöku beggja vegna núverandi brúar. Landið opnast til austurs yfir lúpínuvaxinn Mýrdalssand og yfir dökka sandaura Múlakvíslar til hafs. Þá blasa Hjörleifshöfði og Hafursey við.

Vegkantar austan ár eru flatir og ferðafólk nýtir sér það mikið til áningar, þrátt fyrir að skammt vestan brúarinnar sé áningarstaður Vegagerðarinnar með upplýsingaskiltum.



Mynd 2.2.19. Horft í vestur að Múlakvísl. Á þessum stað er vinsælt að stoppa á vegöxl eða í vegkanti.



Mynd 2.2.20. Austan Múlakvíslar hvíla gestir sig. Hjörleifshöfði er til hægrri á myndinni.

1-b5 Dyrhólavegur (218-01) – Sýslumörk (vegrist)

8. **Á Sólheimasandi**, milli stöðva 11900-12000, var til skamms tíma algengt að sjá bílum lagt beggja vegna Hringvegarins. Oft voru bílar um 50 talsins og gat skapast öngþveiti þegar þeim var lagt hér og þar og ferðafólk gengu yfir og eftir veginum. Gönguslóði er niður að flugvélaflaki Douglas C-47 sem vinsælt er orðið að mynda, sér í lagi eftir að poppstjarnan Justin Bieber og indversku Bollywood-kvikmyndastjörnurnar Shah Rukh Khan og Kajol tóku upp atriði þar sem flak flugvélarinnar var áberandi. Vegalengdin frá Hringveginum að flugvélinni er um 3,5 km.

Þá er vinsælt að taka sólarlagsmyndir og brúðkaupsmyndir á sandinum, auk norðurljósamynda á haustin og vetrum. Auk flugvélarinnar blasir Atlandshafið við, vel sést til Dyrhólaeyjar og Péturseyjar auk þess sem sést til jökla í norðri.

Til að bregðast við ástandinu hefur Vegagerðin nú, í samráði við landeigendur, afmarkað bílastæði sunnan Hringvegar.



Myndir 2.2.21. og 2.2.22. lýsa umræddu svæði á Sólheimasandi ágætlega. Myndirnar eru teknar um miðjan september og straumur ferðafólks að svæðinu virðist endalaus.



Mynd 2.2.23. Horft í austur að umræddum stoppistað erlendra gestaá Sólheimasandi.

1-b6 Sýslumörk (vegrist) – Raufarfellsvegur (242-01) vestri endi

9. Á hæð á **Skógarsandi**, í **lúpínubreiðu gegnt Sólheimajökli**, er mikið stoppað til myndatöku. Útsýnishringurinn frá staðnum er tilkomumikill, fjalla- og jöklasýn auk þess sem sést til hafs. Þá sést vel til Dyrhólaeyjar. Þegar lúpínan er í blóma er vinsælt að fara út í breiðuna og taka myndir. Vegkantar á þessum stað bera skýr merki átroðnings.

Þess má geta að á svæðinu er mjög lítið plan (malarpúði), fast við Hringveg (rúmar vart tvo bíla með góðu móti), ómerkt og vel falið í lúpínubreiðunni. Ef fjármagn fæst stendur til að stækka planið og merkja það og með því reyna að draga úr myndastoppi á vegi á þessu svæði.



Mynd 2.2.24. Vegkantur á Skógarsandi.



Mynd 2.2.25. Lítið plan sem þörf er á að stækka.



Mynd 2.2.26. Útsýni til austurs frá planinu.



Mynd 2.2.27. Útsýni til norðurs í átt að Sólheimajökli.

10. Þegar ekið er til austurs og komið fyrir Skógarnúp er algengt að sjá ferðafólk stoppa skyndilega til myndatöku þegar **Skógarfoss** blasir við. Þá leggur ferðafólk bílum gjarnan í hægri vegkanti og gengur yfir veginn til myndatöku að vegriði sem er vinstra megin vegar. Einnig er töluvert stoppað austan brúar yfir Skógá.

Vinstri vegkantur ber augljós merki mikils átroðnings vegna myndastoppa ferðafólks.



Mynd 2.2.28. Skógarfoss austan Skógarnúps



Mynd 2.2.29. Vegkantur gegnt Skógarfossi.

11. **Drangshellir undir Eyjafjöllum.** Á Drangshlíðarvegi 2 (2297), sem liggur heim að Drangshlíð 2, má iðulega sjá ferðafólk vera að taka myndir. Þar er skemmtilegt myndefni; sérkennilegur móbergsdrangur sem er áberandi í landslagi. Þá eru torfbærir og lágreist hús byggð utan í kletta. Þarna var kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar; *Þar sem hrafninn flýgur*, tekin upp. Plan með bundnu slitlagi er framan við Drangshlíðarveg 2 og oft margir bílar þar í einu og þéttlagt út á veg. Landið er í einkaeigu og hafa landeigendur komið fyrir skilti við hlið að heimreið býlisins.



Mynd 2.2.30. Bílar við Drangshlíð 2.



Mynd 2.2.31. Myndefnið við Drangshlíð 2.

12. Rútshellir undir Eyjafjöllum er skammt vestan við Drangshelli. Afar vinsælt er að stoppa þar til myndatöku á vegslóða sem var áður gamli þjóðvegurinn og liggur samsíða núverandi Hringvegi. Einnig er lagt í vegkanti Hringvegjar þegar fjöldinn er mikill. Þessi staður er slæmur til áningar þar sem nokkuð blind beygja er á þeim stað þar sem bílum er sveigt út af þjóðveginum og mikil umferð er um svæðið. Í rigningum verður hann eitt forarsvað.

Svæðið er í einkaeigu og afgirt. Girðingin aftrar þó ekki ferðafólki sem klifrar yfir hana til að komast að hellinum.

Upplýsingaskilti um hellinn er við girðinguna á „bílastæðinu“, sjá mynd 1.2.32.



Mynd 2.2.32. Stoppistaður við Rútshelli.



Mynd 2.2.33. Ferðafólk klifrar yfir girðingu.



Mynd 2.2.34. Rútshellir undir Eyjafjöllum.



Mynd 2.2.35. Vegkantar við Rútshelli bera merki átroðning.

1 - b7 Raufarfellsvegur (242-01) vestri endi – Sandhólsmavegur (247-01) eystri endi.

13. Plan með bundnu slitlagi er neðan heimreiðar að Þorvaldseyri og þar er mikið stoppað til myndatöku. Planið var upphaflega mjólkurbílaplan en var merkt sem áningarstaður í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli árið 2010, þegar ásókn í staðinn jókst gríðarlega. Bæjarstæðið er fagurt og fallegt að horfa heim að býlinu þar sem Eyjafjallajökull trónir yfir eins og rjómatoppur. Upplýsingaskilti um eldgosíð í Eyjafjallajökli er á staðnum.

Staðurinn er mjög lítill og rúmar ekki marga bíla. Oft er lagt beggja vegna Hringvegarins, næst planinu við Þorvaldseyri. Ferðmenn ganga yfir þjóðveginn til myndatöku þrátt fyrir mikla umferð á svæðinu.

Þá er algengt að ferðafólk heimsæki eldfjallasetrið Þorvaldseyri sem staðsett er neðan vegar um 1,3 km vestan við heimreið að Þorvaldseyri og gangi síðan á milli eldfjallasetsursins og Þorvaldseyrar. Því er umferð gangandi ferðafólks á veginum, eða við hlið hans, einnig töluverð.



Mynd 2.2.36. Þorvaldseyri.



Mynd 2.2.37. Hringvegurinn er víða þveraður.



Mynd 2.2.38. Heimreið að Þorvaldseyri er vinsæll áningarstaður eins og sjá má. Einkenni átroðnings eru greinileg.

1 – b8 Sandhólmavegur (247-01) eystri endi - Dímonarvegur (250-01)

14. Við Hvamm vestan Hvammsnúps undir Eyjafjöllum er mikið stoppað og sést það greinilega á vegköntum á svæðinu. Þeir eru víða útflettir, brotnir og troðnir. Undir núpnum kúrir bærin Hvammur. Landslagið er fagurt og litadýrð mikil í náttúrunni, með fjölbreyttum gróðurlendum og votlendi næst vegi. Fagurlega formaðir klettar rísa upp úr jörðu við Hofsá, skammt vestan Hvamms, og auka enn frekar fjölbreytileika svæðisins.


Óhætt er að fullyrða að allur kaflinn milli Hvamms og Sauðhúsvallar undir Eyjafjöllum (2,7 km) sé undirlagður af myndastoppi ferðafólks.



Mynd 2.2.39. Hvammur undir Hvammsnúpi.



Mynd 2.2.40. Vegkantar við Hvamm eru mjög illa farnir.



Mynd 2.2.41. Klettar sem rísa upp úr landinu eins og risaeðla og vekja athygli ferðafólks.



Mynd 2.2.42. Vegkantar og axlir á svæðinu. Horft til vesturs í átt að Sauðhúsvelli.

15. Beggja vegna brúar yfir Markarfljótið er mikið stoppað til myndatöku. Svartir Markarfljótsaurar vestan fagurgærna Eyjafjalla, þar sem Seljalandsfoss er í forgrunni, fanga athygli fólks. Þá eykur flatlendið neðan Eyjafjalla enn á landslagsfjölbreytni svæðisins auk þess sem gott útsýni er til Vestmannaeyja.

Við brúarendana eru lítil útskot sem eru mikið nýtt auk vegkanta í kring.



Mynd 2.2.43. Algengt að sjá ferðafólk taka myndir beggja vegna brúar yfir Markarfljót. Vigtunarstaður er við vestari brúarenda.



Mynd 2.2.44. Horft í átt að Seljalandsfossi undir Eyjafjöllum.



Mynd 2.2.45 Vel sést til Vestmannaeyja frá Markarfljóti.

1 – c0 Bakkavegur (253-01) – Hvolsvöllur, Hlíðarvegur

16. Milli Markarfljóts og Hvolsvallar, þegar útsýni fer að opnast í austur er mikið stoppað á vegi og/eða vegkanti til myndatöku, sér í lagi ferðafólk á austurleið. Útsýni er fagurt með fjalla- og jöklasýn þar sem Eyjafjöllin og Eyjafjallajökull blasa við. Mismunandi litatónar náttúrunnar og breytilegur blámi fjallanna í Þórsmörk fanga athygli ferðafólks sem er á leið um svæðið. Þá sést í Seljalandsfoss í fjarska, auk þess sem ágætlega sést til Vestmannaeyja.



Mynd 2.2.47. Horft í átt að Þórsmörk. Blámi fjallanna vekur athygli ferðafólks enda minnir útsýnið um margt á málverk. Mynd tekin skammt austan Hvítaness þar sem er vinsælt að stoppa.

2.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegar sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Vík eru **16 staðir skráðir (1-16)** sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 2.3.1.

Tafla 2.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Vík.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 2.1.1.	Staðsetning
1	a1	1	Við Núpsvötn
1	a1	2	Heimeið að Núpsstað
1	a3	3	Fossálar
1	a4	4	Foss á Síðu
1	a5	5	Eldhraun
1	b1	6	Mýrdalssandur
1	b2	7	Við Múlakvísl
1	b5	8	Á Sólheimasandi
1	b6	9	Skógarsandur gegnt Sólheimajökli
1	b6	10	Gegnt Skógarfossi
1	b6	11	Drangshellir undir Eyjafjöllum
1	b6	12	Rútshellir undir Eyjafjöllum
1	b7	13	Heimreið að Porvaldseyri
1	b8	14	Hvammur undir Hvammsnúpi
1	b9	15	Brú yfir Markarfljót, beggja vegna
1	c0	16	Milli Markarfljóts og Hvolsvallar

Á svæðinu er þegar að finna 16 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarplön, sjá töflu 2.3.2. Þeir staðir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 2.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	a21	Djúpá	Áningarstaður	Áningarstaður
1	a3	Hverfisfljót	Áningarstaður	Áningarstaður
1	a6	Eldhraun að Klaustri	Áningarstaður	Áningarstaður
1	a8	Laufskálavarða	Áningarstaður	Áhugaverður staður
1	b01	Dýralækir	Áningarstaður	Áningarstaður
1	b22	Múlakvísl	Áningarstaður	Áhugaverður staður
1	b4	Vík í Mýrdal vestan	Útskot	Útskot
1	b4	Gatnabrún	Áningarstaður	Áningarstaður
1	b5	Klifandi v/Pétursey	Áningarstaður	Áningarstaður
1	b6	Rútshellir	Útskot	Upplýsingastaður
1	b7	Porvaldseyri	Áningarstaður	Áningarstaður
1	b8	Heimaland	Vigtunarstaður	Útskot
1	b8	Markarfljót	Vigtunarstaður	Útskot
1	b8	Seljaland (Þórsmörk)	Áningarstaður	Áningarstaður
1	b8	Sauðhúsvöllur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	c0	Austan Hvolsvallar	Útskot	Upplýsingastaður

Á sumum þeirra staða sem skráðir eru í töflu 2.3.1. er ekki um að ræða einn ákveðinn stað heldur nokkra staði á sama svæði þar sem sjónarhorn á það sem fangar athygli gesta á svæðinu er gott. Þannig að þó svo að mikið sé stoppað við **Núpsvötn (1)** og við heimreið að **Núpsstað (2)**, m.a. til að mynda Lómagnúp, er óhætt að segja að allt Fljótshverfið sé undir í myndastoppi þar sem sjónarhorn að Lómagnúpi er gott. Bæði Núpsvötn og Núpsstaður eru innan svæðis nr. 701 á náttúruminjaskrá þar sem

allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul liggur innan þess vegna sérstöðu m.t.t. náttúrufars og fegurðar, söguminja og gamalla bygginga.

Myndastopp við **Fossála (3)** og **Foss á Síðu (4)** er einnig afar vinsælt og finna bílstjórar rútubíla í ferðapjónustu fyrir miklum þrýstingi frá ferðafólki um að stoppa á þessum stöðum. Báðir staðirnir eru aftur á móti varhugaverðir m.t.t. umferðaröryggis og eru auk þess án allrar aðstöðu til áningar og því er stoppað hér og þar á vegsvæðinu. Algengt er að sjá ferðafólk við myndatöku á miðjum vegi.

Eldhraun (5) er svæði þar sem þörf er á verulegum úrbótum. Ferðafólk, hvort heldur sem er á eigin vegum eða í rútu með ferðapjónustuaðilum, er áfjád í stoppa hvar sem er í hrauninu og mynda þær kynjamyndir sem felast í hrauninu og snerta mosann sem þekur það, eins og sjá má á myndum 2.2.12-2.2.16. Einungis einn áningarstaður er í Eldhrauninu að austanverðu, skammt vestan Klausturs, og annar hann engan veginn þeim fjölda sem á leið um svæðið. Til að komast hjá stjórnlausu stoppi gesta um svæðið þyrfti að koma upp annarri aðstöðu í hrauninu að vestanverðu til að sporna gegn frekari ágangi. Mosavaxið eldhraunið eru jarðminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Alaskalúpínan (*Lupinus nootkatensis*) er áberandi á söndunum undir Mýrdalsjökli og þegar hún er í blóma hefur hún mikið aðdráttarafli fyrir ferðafólk á svæðinu. Vinsælt er að ganga út í lúpínubeiðuna og láta einungis höfuð sitt standa upp úr fjólubláu hafinu og með jökul í bakgrunni. Þetta á við um öll svæðin þar sem lúpína vex, þ.e. Mýrdalssand, Sólheimasand og Skógasand. Þá hefur flatlendið á Mýrdalssandi með jökla- og hafsýn, auk Hafurseyjar og Hjörleifshöfða aðdráttarafli. Það sama gildir um Sólheimasand og Pétursey sem stendur upp úr flatlendinu í kring. Þá eru norðurljósaferðir á Mýrdalssandi vinsælar meðal ferðafólks.

Þar sem landið á söndunum er tillögulega flatt þyrfti trúlega ekki að koma til mikils jarðrasks við gerð aðstöðu á þessum stöðum. Á **Skógasandi gegnt Sólheimajökli (9)** er mikið um myndastopp ferðafólks og þar er þegar komið lítið ómerkt plan á góðum útsýnisstað sem e.t.v. væri tilvalið að stækka, ef aðkoma að því uppfyllir kröfur um umferðaröryggi.

Við **Skógafoss (10)** skapast á stundum vísir að ófremdarástandi þegar ferðafólk á austurleið ekur fyrir Skógarnúp og Skógarfoss blasir við. Fyrstu viðbrögð þess eru oft að snarstoppa á veginum við brú yfir Skógá og/eða leggja í vegkanti til myndatöku. Þá á það einnig til að villast á heimreiðum og aka Drangshlíðardalsveg (2295), vestan Skógár, sem liggur heim að Drangshlíðardal í stað Skógavegar (2420), skammt austan brúar yfir Skógá, sem liggur að Skógum. Þar sem heimreið að Skógum og Skógafossi er skammt austan brúarinnar má velta fyrir sér hvort skýrari merkingar um hvernig eigi að komast að Skógafossi myndu ekki draga úr myndastoppum ferðafólks á þessum stað og auka þar með umferðaröryggi.

Ferðapjónustuaðilar á stórum hópferðabílum hafa margir minnst á þennan stað sem sérlega varhugaverðan vegna ofangreinds háttalags.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987.

Við **Drangshelli (11)** undir Eyjafjöllum vantar aðstöðu til áningar þar sem nú er stoppað framan við heimreið að Drangshlíðarvegi 2. Drangurinn í Drangshlíð er nr. 713 á náttúruuminjaskrá enda sérkennilegur og áberandi einkenni í landslagi.

Þá þyrfti að lagfæra útskot Vegagerðarinnar við **Rútshelli (12)** þar sem sá staður verður nánast ófær eftir rigningu. Báðir þessir staðir; þ.e. Drangshellir og Rútshellir eru vinsælir ferðamannastaðir.

Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum (13) hlaut heimsfrægð eftir eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 og mikill fjöldi ferðafólks stoppar við heimreið að Þorvaldseyri til myndatöku. Þar er plan með bundnu slitlagi, eins og við heimreið að Drangshlíðarvegi 2, og í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar er staðurinn merktur sem áningarstaður. Þar eru upplýsingaskilti og bekkur. Mögulega er tilvist áningarstaðarins komin til vegna mjólkurbílaplans sem var þarna áður, en var merkt sem áningarstaður og hlaut þar með nýtt hlutverk. Ef grípa á til úrbóta á þessum stað þarf að skoða svæðið, milli heimreiðar að Þorvaldseyri og eldfjallasetursins að Þorvaldseyri sem er skammt vestar, sem eina heild þar sem flestir gestanna

heimsækja báða staðina auk þess sem algengt er að sjá ferðafólk ganga á milli þessara tveggja áfangastaða.

Eins og kom fram í kafla 2.2. þá er töluvert stoppað á veginum við **Hvamm undir Hvammsnúpi (14)** og nær myndastoppið jafnvel vestur að Sauðhúsvelli.

Við **Markarfljót (15)** er stoppað beggja vegna brúarinnar og við hana er oft margt um manninn. Vestan fljótsins er vigtunarstaður Vegagerðarinnar sem einnig er vel nýttur.

Þjóðvegurinn liggur um svæði nr. 719 á náttúruminjaskrá á um 6 km kafla frá Markarfljóti og vestur að Álum.

Milli Markarfljóts og Hvolsvallar (16) er það aðallega ferðafólk á austurleið sem stoppar þegar útsýni að Eyjafjallajökli, Eyjafjöllum og Seljalandsfossi fer að birtast. Kaflinn austan Hvítaness er sérlega vinsæll í því tilliti.

Hringvegurinn innan umdæmis Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal er orðinn fjölfarin ferðamannaleið og sjá starfsmenn þjónustu greinilegan mun á fjölda á milli ára. Þá er árstíðasveifla tekin að dragast saman og að sögn yfirverkstjóra Vegagerðarinnar í Vík þá er ferðamannafjöldi nú á veturna eins og hann var á sumrin fyrir um 5 árum síðan. Í Vík var íbúafjöldi 318 manns þann 31. desember 2016 en í plássinu eru gistirými fyrir 3000 manns.

Ferðamannastraumurinn liggur að mestu út frá höfuðborgarsvæðinu, og töluvert meira er um að ferðafólk á austurleið stoppi, á vegi eða í vegkanti til myndatöku, en ferðafólk á vesturleið. Sést það víða greinilega á vegköntum.

Mjög hentugt er að ferðast um Suðurlandsundirlendið þar sem stutt er á milli vinsælla staða. Gera má ráð fyrir um 15-20 mínútna akstri á milli fagurra fossa, fjalla og jökla. Sumir staðir við Hringveginn hafa þó greinilega meira aðdráttarafli en aðrir staðir eins og t.d. Seljalandsfoss, Þorvaldseyri, Skógafoss, flugvélaflakið á Sólheimasandi, Eldhraun, Foss á Síðu, Fossálar og Lómagnúpur. Þá eru ótalin Dyrhólaey og Reynisfjara.

3. Umdæmi Vegagerðarinnar á Selfossi

3.1. Formáli

Þann 13. september 2016 var farið með Páli Halldórssyni, rekstrarstjóra svæðismiðstöðar Vegagerðarinnar á Selfossi, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Selfossi og þeir staðir skráðir þar sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Selfossi sér um rekstur á rúmlega 82 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæði stöðvarinnar frá Hlíðarvegi á Hvolsvelli (vegkafli 1-c1) að austanverðu, og að sýslumörkum Árness- og Kjósarsýslu, skammt vestan Litlu Kaffistofunnar á Hellisheiði (vegkafli 1-d9) að vestanverðu.

Vegkaflar Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar á Selfossi má sjá í töflu 3.1.1.

Tafla 3.1.1. Vegkaflar Hringvegarins sem eru innan umdæmis Vegagerðarinnar á Selfossi. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	c1	Hringvegur	Hvolsvöllur, Hlíðarvegur	Hvolsvöllur, Hvolsgata	0,28	S	Rangárþ eystra
1	c2	Hringvegur	Hvolsvöllur, Hvolsgata	[..sveitarfélagsmörk..]	3,70	S	Rangárþ eystra
1	c2	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Oddavegur (266-01)	3,92	S	Rangárþ ytra
1	c3	Hringvegur	Oddavegur (266-01)	Hella, Þrúðvangur	4,99	S	Rangárþ ytra
1	c4	Hringvegur	Hella, Þrúðvangur	Þykkvabæjarvegur (25-01)	0,84	S	Rangárþ ytra
1	c5	Hringvegur	Þykkvabæjarvegur (25-01)	Rauðalækur (brú)	3,04	S	Rangárþ ytra
1	c7	Hringvegur	Rauðalækur (brú)	Landvegur (26-01)	3,50	S	Rangárþ ytra
1	c8	Hringvegur	Landvegur (26-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	0,71	S	Rangárþ ytra
1	c8	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Sýslumörk, Þjórsá	9,53	S	Ásahr
1	d1	Hringvegur	Sýslumörk, Þjórsá	Skeiðavegur (30-01)	3,18	S	Flóahreppur
1	d2	Hringvegur	Skeiðavegur (30-01)	Gaulverjabæjarvegur (33-01)	13,70	S	Flóahreppur
1	d3	Hringvegur	Gaulverjabæjarvegur (33-01)	Selfoss, Laugardælavegur (3020-01)	0,26	S	Árborg
1	d4	Hringvegur	Selfoss, Laugardælavegur (3020-01)	Selfoss, Eyrarbyggðavegur (34-01)	1,30	S	Árborg
1	d5	Hringvegur	Selfoss, Eyrarbyggðavegur (34-01)	Biskupstungnabraut (35-01)	1,78	S	Árborg
1	d6	Hringvegur	Biskupstungnabraut (35-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	0,09	S	Árborg
1	d6	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	[..sveitarfélagsmörk..]	9,17	S	Ölfus
1	d6	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Þorlákshafnarvegur (38-01)	1,25	S	Hveragerði
1	d8	Hringvegur	Þorlákshafnarvegur (38-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	4,10	S	Hveragerði
1	d8	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Þrengslavegur (39-01), brú	12,51	S	Ölfus
1	d9	Hringvegur	Þrengslavegur (39-01), brú	Sýslumörk (skilti)	4,41	S	Ölfus

Á teikningu 3.1.1 eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Selfossi, sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við myndastopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Selfossi.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 3.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins á umræddu svæði.



Teikning 3.1.1. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði Hringvegarins, innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Selfossi, sem ferðafólk stoppar ítrekað á til myndatöku.

3.2. Niðurstöður

Eftirfarandi texti og myndir eru til frekari upplýsingar um merкта staði á teikningu 3.1.1.


1-c2 Hvolsvöllur, Hvolsgata – Oddavegur (266-01)

17. Á vegkafla c2, **milli Hvolsvallar og Hellu**, er algengt að fólk á austurleið stoppi til myndatöku þegar útsýni opnast til norðurs og austurs. Landslag er fjölbreytilegt og sést m.a. í hið fræga eldfjall Heklu í fjarska, fjallið Þríhyrning sem gnæfir yfir Fljóthlíðina, Tindafjallajökul, inn í Þórsmörk og að Eyjafjöllum með Eyjafjallajökul ofan þeirra eins og rjómatopp. Þá sést einnig vel til Vestmannaeyja. Gróðurlendi svæðisins, m.a. skógræktarsvæði, lúpínubreiður, ræktuð tún og villt náttúra, auka enn frekar á fjölbreytileika svæðisins.

Á þessum vegkafla bera vegkantar víða merki ágangs. Þá er algengt að sjá bílum lagt við vegamót, t.d. vegamót Hringvegjar og Rangárvallavegar (264) og vegamót Hringvegjar og Oddavegar (266).



Mynd 3.2.1. Fjallið Þríhyrningar er lengst við vinstri á myndinni. Horft er inn í Þórsmörk.



Mynd 3.2.2. Hekla blasir við frá umræddu svæði (heimild: www.googleearth.com).

1-d8 Þorlákshafnarvegur (38-01) – Þrengslavegur (39-01)

18. Algengt er að sjá ferðfólk á austurleið stoppa til myndatöku við **Kambabrún, efst í Kömbunum á Hellisheiði**. Þar var (er) áningarstaður með bundnu slitlagi sem stóð til að endurbyggja og lagfæra þegar vegurinn um Hellisheiði var endurbyggður á árunum 2014-2015. Upplýsingaskilti er í jaðri plansins og hringsjá sunnan áningarstaðarins, sem að liggur troðinn slóði. Aðkoma að staðnum er varhugaverð þar sem tenging að honum liggur í beygju og er umferð um svæðið þétt og hröð. Útsýnið er aftur á móti stórfenglegt og á staðnum blasir við allt undirlendið milli Eyjafjalla og Þorlákshafnar, auk Vestmannaeyja.

Þessi staður er mjög vinsæll og algengt að umferðaröngþveiti myndist við inn- og útakstur af áningarstaðnum með tilheyrandi aukinni slyshættu á Hringveginum.



Mynd 3.2.3. Gamli áningarstaðurinn við Kambabrún á Hellisheiði.



Mynd 3.2.4. Hringsjá skammt sunnan við gamla áningarstaðinn. Ölfusá og Ölfusárós blasa við.

3.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegjar sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Selfossi eru einungis **2 staðir skráðir (17-18)** þar sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 3.3.1.

Tafla 3.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Selfossi.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 3.1.1	Staðsetning
1	c2	17	Milli Hvolsvallar og Hellu
1	d8	18	Kambabrún á Helliheiði

Á svæðinu er þegar að finna 8 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarplön, sjá töflu 3.3.2. Þeir staðir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 3.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	ferðamannaflokkun
1	c2	Vestan Hvolsvallar	útskot	Upplýsingastaður
1	c8	Landvegamót	útskot	Útskot
1	c8	Ásabrekka	opinn skógur	Áhugaverður staður
1	d2	Tún í Flóa	Vigtunarstaður	Útskot
1	d2	Skeiðavegamót	Áningarstaður	Áningastaður
1	d6	Við Biskupstungnabraut	Vigtunarstaður	Útskot
1	d6	Kögunarhóll við Ingólfsfjall	Áningarstaður	Áningastaður
1	d8	Kambabrún	Útskot	Áhugaverður staður

Það sem einkennir umferðina á Hringveginum milli Hvolsvallar og sýslumarka á Helliheiði, er hve þétt hún er, samfelld og hröð, *sér í lagi til austurs*. Því mun eftirfarandi umfjöllum einnig liggja þá leiðina.

Að sögn rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Selfossi er lítið um að ferðafólk stoppi á Hringveginum, eða vegkanti hans, milli sýslumarka á Helliheiði og Selfoss, nema á núverandi útskoti í Kömbunum, en eins og sjá má í töflu 3.3.2 er útskot skráð á Kambabrún í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar. Jafnvel þótt að einhver aðstaða til áningar sé til staða á **Kambabrún (18)**, var ákveðið að hafa hann með í þessari samantekt vegna þess hve fjölsóttur og vinæll hann er, en varhugaverður m.t.t. umferðaröryggis. Mikil og þétt umferð er niður Kambana og núverandi útafkeyrsla af vegi er í beygju þar sem kantlína er heilmáluð. Bílstjórar rútbíla í ferðaþjónustu finna fyrir miklum þrýstingi frá ferðafólki um að stoppa á þessum stað en aðstaða fyrir hópferðabíla er engin og ómögulegt er fyrir þá að aka inn á staðinn, eða stoppa í nágrenni hans. Hringsjá er á staðnum enda stórbrotið útsýni. Sést m.a. vel yfir Varmá og Ölfusforir í Grafningshreppi, en Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi og eru innan svæðis nr. 751 á náttúruminjaskrá.

Nauðsynlegt er að bæta úr aðgengi að staðnum og innan hans.

Á milli Hveragerðis og Selfoss er lítið um myndastopp ferðafólks á vegi eða vegkanti, enda umferðin þétt. Áningarstaður Vegagerðarinnar við Kögunarhól undir Ingólfsfjalli er þó vinsæll og vekja krossarnir við staðinn eftirtekt en þeir voru reistir til minningar um þá sem látist hafa í slysum á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss.

Á veginum milli Selfoss og Hellu er lítið um myndastopp vegna einhvers sérstaks fyrirbæris í umhverfinu. Á þeim kafla er frekar um að ræða tilviljanakennt stopp, t.d. vegna hesta, blóma eða annars sambærilegs.

Áningarstaður Vegagerðarinnar við Skeiðavegamót, auk vigtunarstaðar Vegagerðarinnar við Tún í Flóa, skógurinn við Ásabrekku og útskot við Landsvegamót eru þó vel nýttir staðir til áningar og/eða myndatöku.



Mynd 3.3.1. Áningarstaður Vegagerðarinnar við Kagaðarhól undir Ingólfsfjalli (Ljósmynd: Vegagerðin)

Milli Hellu og Hvolsvallar (17) breytist mynstrið nokkuð þegar útsýnið opnast til norðurs og blámi fjallanna á Emstrum og Fjallabaki blasa við. Þá sést til Eyjafjalla og Eyjafjallajökuls í austri, og suðaustur til Vestmannaeyja. Á þessum vegkafla er stoppað hér og þar á vegi og vegkanti. Um nokkra staði er að ræða vegna sama útsýnisins, auk þess sem allar heimreiðar og aðrar vegtengingar eru nýttar til áningar og myndatöku.

4. Umdæmi Vegagerðarinnar í Hafnarfirði

4.1. Formáli

Þann 26. október 2016 var farið með Jóhanni B. Skúlasyni, yfirverkstjóra þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Hafnarfirði, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvarinnar og þeir staðir skráðir þar sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar í Hafnarfirði sér um rekstur á rúmlega 38 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæði stöðvarinnar frá sveitarfélagamörkum Ölfuss og Kópavogsbæjar, skammt vestan Litlu Kaffistofunnar (1-e1), að syðri enda Hvalfjarðarganga í Reykjavík (1-f7). Um 12 km af þjónustusvæði Vegagerðarinnar í Hafnarfirði liggja innan þéttbýlis, eða milli 1e3 – 1f5.

Vegkafla Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar í Hafnarfirði má sjá í töflu 4.1.1:

Tafla 4.1.1. Vegkaflar innan þjónustustöðvarinnar í Hafnarfirði. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	e1	Hringvegur	[..rekstrarstjórsvæði..]	[..sveitarfélagsmörk..]	6,41	S	Kópavogsbær
1	e1	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Nesjavallaleið (435-00)	0,83	S	Mosfellsbær
1	e2	Hringvegur	Nesjavallaleið (435-00)	Breiðholtsbraut (413-01)	3,46	S	Reykjavík
1	e3	Hringvegur	Breiðholtsbraut (413-01)	Nesbraut (49-01)	2,38	S	Reykjavík
1	f2	Hringvegur	Nesbraut (49-01)	Úlfarsfellsvegur	2,19	S	Reykjavík
1	f3	Hringvegur	Úlfarsfellsvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	1,60	S	Reykjavík
1	f3	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Reykjavegur	3,18	S	Mosfellsbær
1	f4	Hringvegur	Reykjavegur	Pingvallavegur (36-12)	1,62	S	Mosfellsbær
1	f5	Hringvegur	Pingvallavegur (36-12)	[..sveitarfélagsmörk..]	1,50	S	Mosfellsbær
1	f5	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Brautarholtsvegur (458-01)	10,42	S	Reykjavík
1	f6	Hringvegur	Brautarholtsvegur (458-01)	Hvalfjarðarvegur (47-01)	3,58	S	Reykjavík
1	f7	Hringvegur	Hvalfjarðarvegur (47-01)	Hvalfjarðargöng, syðri endi	0,94	S	Reykjavík

Á teikningu 4.1.1. er sýndur sá hluti Hringvegarins sem er innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Hafnarfirði.



Teikning 4.1. Rauð breið lína sýnir Hringveg innan þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Hafnarfirði.

4.2. Niðurstaða og Umræður

Á Hringveginum, milli Litlu Kaffistofunnar og Hvalfjarðarganga, er engin staður skráður þar sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa til myndatöku. Frekar er um nokkuð tilviljanakennd myndastopp að ræða þó keðjunarplön, vigtunarstaðir og heimreiðar séu nýtt til áningar. Það sem einkennir umferðina á höfuðborgarsvæðinu er hve þétt og samfelld hún er. Eini staðurinn, sem nokkuð algengt er að sjá ferðafólk hnappdreifast á, er neðan Esjubergs á Kjalarnesi, en þar eru oft hestar innan girðingar og reiðleið er meðfram vegi. Vestan heimreiðar að Esjubergi er útskot sem ferðamenn leggja bílum sínum á.

Á svæðinu er að finna 8 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem útskot eða vigtunar- og keðjunarstaðir. Á svæðinu er 1 skráður áningarstaður og bílastæði og upplýsingaskilti við Mógilsá er skráð sem vegasjoppa. Ástæða þeirrar skráningar er sú að skammt sunnan bílastæðisins er veitinga- og kaffihúsið Esjustofa, sjá töflu 4.2.1. Allir skráðir staðir í töflu 4.2.1 eru vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 4.2.1. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegakflí	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	e1	Sandskeið	Vigtunarstaður	Útskot
1	e1	Silungapollur	Vigtunarstaður	Útskot
1	e2	Olís Norðlingaholti	Útskot	Útskot
1	e2	Rauðavatn	Útskot	Útskot
1	f5	Sjávarhólar	Áningarstaður	Áningarstaður
1	f5	Mógilsá	Vegasjoppa	Áhugaverður staður
1	f6	Við Blikdalsá	Vigtunarstaður	Upplýsingastaður
1	f7	Bílastæði sunnan Hvalfjarðarganga	Útskot	Útskot

Það sem einkennir allt svæðið með tilliti til myndastoppa erlendra gesta eru norðurljósaferðir. Í þeim tilgangi er bílum allstaðar lagt þar sem möguleiki er fyrir hendi, svo sem á vigtunar- og/eða keðjunarstöðum, áningarstöðum, útskotum og námuvegum. Þá er bílastæðið við Litlu Kaffistofuna vinsælt til áningar. Ferðapjónustufyrirtæki sem bjóða upp á norðurljósaferðir fara frekar út af þjóðveginum og inn á hliðarvegi hans til áningar og er algengt að sjá hópa fólks á Bláfjallavegi (417), Nesjavallaleið (435), Heiðmerkurvegi við Rauðhóla (408) og Hafranesvegi (431). Þá er heimreið að Gunnarshólma og stæði við Hólmsá einnig mikið nýtt í norðurljósaferðum.

5. Umdæmi Vegagerðarinnar í Borgarnesi

5.1. Formáli

Þann 29. ágúst 2016 var farið með Guðna Eðvarðssyni, flokksstjóra hjá þjónustustöð svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar í Borgarnesi, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvarinnar og þeir staðir skráðir sem ferðafólk stoppar gjarnar á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi sér um rekstur á rúmlega 103 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæði stöðvarinnar frá nyrðri enda Hvalfjarðarganga í suðri (1-g0) og norður að sýslumörkum við Bláhæð á Holtavörðuheidi (1-h4).


Vegkaflar Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar í Borgarnesi má sjá í töflu 5.1.1

Tafla 5.1.1. Vegkaflar Hringvegarins innan umdæmis Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	g0	Hringvegur	Hvalfjarðargöng, nyrðri endi	Akrafallsvegur (51-01) við Innrihólm	0,48	S	Hvalfjarðarsveit
1	g1	Hringvegur	Akrafallsvegur (51-01) við Innrihólm	Akrafallsvegur (51-02) við Urriðaá	10,93	S	Hvalfjarðarsveit
1	g2	Hringvegur	Akrafallsvegur (51-02) við Urriðaá	Hvalfjarðarvegur (47-12)	1,10	S	Hvalfjarðarsveit
1	g3	Hringvegur	Hvalfjarðarvegur (47-12)	Hafnarvegur (5087-01)	11,64	S	Hvalfjarðarsveit
1	g4	Hringvegur	Hafnarvegur (5087-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	7,40	S	Hvalfjarðarsveit
1	g4	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Borgarfjarðarbraut (50-01)	1,01	S	Borgarbyggð
1	g5	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-01)	Borgarnes, Borgarbraut	2,48	S	Borgarbyggð
1	g6	Hringvegur	Borgarnes, Borgarbraut	Hrafnaklettur	1,15	S	Borgarbyggð
1	g7	Hringvegur	Hrafnaklettur	Snæfellsnesvegur (54-02)	0,80	S	Borgarbyggð
1	g8	Hringvegur	Snæfellsnesvegur (54-02)	Hvítárvallavegur (510-01)	8,59	S	Borgarbyggð
1	g9	Hringvegur	Hvítárvallavegur (510-01)	Borgarfjarðarbraut (50-05)	9,12	S	Borgarbyggð
1	h0	Hringvegur	Borgarfjarðarbraut (50-05)	Laxfoss	7,74	S	Borgarbyggð
1	h1	Hringvegur	Laxfoss	Vestfjarðavegur (60-01)	9,95	S	Borgarbyggð
1	h2	Hringvegur	Vestfjarðavegur (60-01)	Norðurárdalsvegur (528-02)	10,70	S	Borgarbyggð
1	h3	Hringvegur	Norðurárdalsvegur (528-02)	Norðurá við Fornahvamm	9,01	S	Borgarbyggð
1	h4	Hringvegur	Norðurá við Fornahvamm	Sýslumörk (skilti)	11,45	S	Borgarbyggð

Á teikningu 5.1.1 eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Borgarnesi, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við stopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Borgarnesi.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 5.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins innan umrædds svæðis.



Teikning 5.1.1 Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum, innan þjónustusvæðis Vegagerðarinnar í Borgarnesi, sem ferðafólk stoppar ítrekað á til myndatöku.

5.2. Niðurstöður

Eftirfarandi texti og myndir eru til frekari upplýsingar um þá staði sem merktir eru á teikningu 5.1.1.

1-g3 Hvalfjarðarvegur (47-12) - Hafnarvegur (5087-01)

19. Gegnt Skipanesi við Leirárvog hefur verið sett framhjálaup á hægri vegkant til að auðvelda umferðarflæði framhjá þeim bílum sem beygt er til vinstri niður að Skipanesi. Framhjálaupið er mikið nýtt af ferðamönnum sem áningarstaður og algengt er að sjá fjölda bíla lagt þar, jafnvel beggja vegna vegarins. Hestar, sem laða að ferðafólk, eru þarna innan girðinga.

Alla jafna eru myndastoppistaðir vegna hesta innan girðingar ekki skráðir. Þessi staður er aftur á móti það varhugaverður að ástæða þykir til að hafa hann með í þessari skráningu. Umferðin á svæðinu er bæði þétt og hröð.



Mynd 5.2.1. Framhjálaup gegnt heimreið að Skipanesi. Algeng sjón að sjá ferðamenn skoða hesta þarna.



Mynd 5.2.2. Horft í suðaustur á umræddum stað.

1-h0 Borgarfjarðarbraut (50-05) - Laxfoss

20. Í Kolásbrekkunni er alengt að ferðamenn á *suðurlæið* stoppi þegar útsýni opnast til suðurs og austurs yfir fjölbreytilegt landslag Bæjarsveitar og Andakílsins. Hafnarfjallsfjallgarðurinn með Skessuhorni blasir við, auk Skorradalsháls og Lundarháls. Þá fellur Norðurá fram skammt austan við Kolásbrekkuna og Norðurárbrú á Borgarfjarðarbraut blasir við. Klettastallar eru neðan vegar og kjarri og skógi vaxin sumarhúsabyggð ofan vegar.

Þessi staður er varhugaverður þar sem umferðin um svæðið er hröð og engin aðstaða til áningar.



Mynd 5.2.3. Horft yfir að Hafnarfjalli frá Kolásbrekkunni.

5.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegarins sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Borgarnesi eru einungis **2 staðir skráðir (19-20)** á Hringveginum sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 5.3.1.

Tafla 5.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Borgarnesi.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 5.1.1.	Staðsetning
1	g3	19	Gegnt Skipanesi í Leirárvogi
1	h0	20	Í Kolásbrekkunni

Á svæðinu er þegar að finna 12 staði, auk vegasjoppa, sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarstaðir, sjá töflu 5.3.2. Þeir staðir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 5.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	g1	Norðan Hvalfjarðarganga	Útskot	Upplýsingastaður
1	g3	Fiskilækur	Útskot	Útskot
1	g4	Hafnarfjall	Áningarstaður	Áningarstaður
1	g5	Seleyri-norður	Vigtunarstaður	Útskot
1	g5	Seleyri-suður	Vigtunarstaður	Útskot
1	g9	Svignaskarð	Útskot	Útskot
1	g9	Daníelslundur	Opinn skógur	Áningarstaður
1	h0	Grafarkot	Útskot	Útskot
1	h1	Grábrók	Áningarstaður	Ferðamannastaður
1	h2	Hvammsskógur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	h3	Kattarhryggur við Norðurá	Áningarstaður	Áningarstaður
1	h4	Keðjunarstaður sunnan Holtavörðuheiðar	Útskot	Útskot

Jafnvel þó að einungis 2 myndastoppistaðir ferðamanna séu skráðir í töflu 5.3.1. er ekki um að ræða tæmandi lista. Heimreiðar á svæðinu og tengingar, sem liggja út frá Hringvegi, eru einnig vel nýttar til myndastoppa.

Algengt er að sjá erlenda gesti leggja bílum sínum við Laxárbakka og ganga þaðan á veginum eða vegkanti að núverandi brú yfir Laxá, rápa um brúna beggja vegna eða taka myndir á henni miðri.

Þá eru norðurljósaferðir á svæðinu tíðar og algengt að sjá erlenda gesti t.d. á Hafnarvegi (5087-01) skammt sunnan Hafnarár. Þar er nokkuð gott rými, bæði fyrir hópferðabíla sem og minni bíla. Aðstöðuhús Orkuveitu Reykjavíkur er þar skammt norðan Hafnarvegar og komið hefur verið að erlendum gesti liggjandi á miðjum Hringveginum við vegamótin að Hafnarvegi, með myndavélina á andlitinu, horfandi eftir norðurljósum.



Mynd 5.3.1. Horft eftir Hafnarvegi til austurs í átt að Hringvegi.



Mynd 5.3.2. Aðstöðuhús Orkuveitu Reykjavíkur við Hafnarveg.

Þá eru allir þeir staðir Vegagerðarinnar á svæðinu, þ.e. þau útskot, áningar- og vigtunarstaðir sem koma fram í töflu 5.3.1. vel nýtt.

Til dæmis útskotið norðan Hvalfjarðarganga. Það er ómerkt en um er að ræða stórt stæði sem auðveldlega rúmar nokkra hópferðabíla og fjölda minni bíla. Erlendir gestir nýta þennan stað mikið til myndatöku þar sem gott útsýni að höfuðborginni er frá honum.

Auðvelt væri að auka merkingar og koma fyrir aðstöðu til áningar.



Mynd 5.3.3. Ferðamenn að taka myndir á umræddum stað við nyrðri enda Hvalfjarðarganga.

Þá er aðkoma að áningarstaðnum undir Hafnarfjalli, gegnt Borgarnesi, varhugaverður. Tvær tengingar eru inn á áningarstaðinn. Þar er bekkur og borð auk upplýsingaskilta. Staðurinn er vel nýttur enda er fallett útsýni inn og út Borgarfjörðinn, bæjarstæði Borgarness, fögur fjallasýn, sund, sker, höfðar, nes og leirur Hvítár blasa við á fjöru.

Ástandið á þessu svæði einkennist af þéttri og hraðri umferð þar sem samfelldar bílalestir eru algeng sjón. Umferðin er oft á tíðum svo þétt að hættulegt getur reynst að kljúfa sig úr bílalestinni og beygja inn á áningarstaðinn. Þá er miðlína heil við áningarstaðinn, vegna skertrar vegsýnar.

Oft má sjá erlenda gesti, sem stoppa þarna, ganga yfir á vinstri öxl vegarins og taka myndir þaðan yfir fjörðinn, með tilheyrandi slyshættu.



Mynd 5.3.4. Horft inn Borgarfjörðinn.



Mynd 5.3.5. Horft í norður í átt að áningarstaðnum.



Mynd 5.3.6. Langar bílalestir og hröð umferð er algeng sjón undir Hafnarfjalli.

Annar áningarstaður sem er innan umdæmis Vegagerðarinnar í Borgarnesi og þyrfti að gera bragarbót á er áningarstaðurinn í Svignaskarði. Staðsetning staðarins með tilliti til útsýnis er frábær og á staðnum er hringskífa með upplýsingum um helstu kennileiti; jökla og fjöll. Aðkoman að staðnum er aftur á móti slæm þar sem tenging að honum er á blindhæð og því miðlína Hringvegarins með heilli línu við tenginguna, vegna skertrar vegsýnar.



Mynd 5.3.7. Umræddur áningarstaður í Svignaskarði. Gengið er frá bílastæði upp á hæð þar sem er hringskífa, borð og bekkir. Útsýni frá staðnum er frábært.

Ef hægt væri að auk aðgengi að þessum áningarstað og bæta merkingar og aðkomu að honum er hugsanlegt að draga myndi úr myndastoppi erlendra gesta í **Kolásbrekkunni (20)**.

Á þessu svæði í Borgarfirðinum er oft þétt umferð og því erfitt að kljúfa sig út úr bílalest að áningarstað með stuttum fyrirvara. Huga þyrfti að ítarlegri merkingum þeirra staða sem eru fyrir hendi.

Ferðamannastaðurinn Grábrók er alltaf vel nýttur, bæði af innlendum og erlendum gestum og léttir trúlega verulega á álagi gesta annarsstaðar í Grábrókarhrauni.

Einkenni ferðamannastraumsins á þeim hluta Hringvegur sem liggur innan umdæmis þjónstustöðvar Vegagerðarinnar í Borgarnesi, einkennist af nálægð við höfuðborgarsvæðið. Stoppað er á tiltölulega fáum stöðum frá Hvalfjarðargöngum og upp á Holtavörðuheiði. Grábrók er sá staður sem laðar mest að þó einnig séu töluvert að á áningarstað undir Hafnarfjalli, í Svignaskarði og á Kattarhrygg við Norðurá.

6 Umdæmi Vegagerðarinnar á Hvammstanga

6.1. Formáli

Pann 6. nóvember 2015 var farið með Guðmundi Sigurðssyni, yfirverkstjóra þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvammstanga, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvarinnar og þeir staðir skráðir þar sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Hvammstanga sér um rekstur á tæplega 102 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæði stöðvarinnar í sumarþjónustu frá sýslumörkum á Bláhæð á Holtavörðuheidi (1-1) að vegamótum við Skagastrandarveg (1-m1) skammt austan við Blönduós. Vetrarþjónustusvæðið hefst sunnar og miðast við Sveinatungu í Norðurárdal í Borgarbyggð og endar við Efstubraut á Blönduósi (1-m0).

Í þessari samantekt er miðað við sumarþjónustusvæði.


Vegkaflar Hringvegarins í umdæmi þjónustustöðvarinnar á Hvammstanga má sjá í töflu 6.1.1.:

Tafla 6.1.1. Vegkaflar Hringvegarins innan þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvammstanga. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	j1	Hringvegur	Sýslumörk (skilti)	Miklagil (skilti)	10,85	S	Húnaþing vestra
1	j2	Hringvegur	Miklagil (skilti)	Innstrandavegur (68-01)	9,98	S	Húnaþing vestra
1	k1	Hringvegur	Innstrandavegur (68-01)	Hrútatunguvegur (701-01)	0,91	S	Húnaþing vestra
1	k2	Hringvegur	Hrútatunguvegur (701-01)	Reykjaskólavegur (7020-01)	11,35	S	Húnaþing vestra
1	k3	Hringvegur	Reykjaskólavegur (7020-01)	Heggstaðanesvegur (702-02)	11,85	S	Húnaþing vestra
1	k4	Hringvegur	Heggstaðanesvegur (702-02)	Hvammstangavegur (72-01)	4,07	S	Húnaþing vestra
1	k5	Hringvegur	Hvammstangavegur (72-01)	Vatnsnesvegur (711-07)	6,99	S	Húnaþing vestra
1	k6	Hringvegur	Vatnsnesvegur (711-07)	Víðidalsvegur (715-02) eystri endi	10,57	S	Húnaþing vestra
1	k7	Hringvegur	Víðidalsvegur (715-02) eystri endi	Gljúfurá	11,68	S	Húnaþing vestra
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá	[..sveitarfélagsmörk..]	0,01	S	Húnaþing vestra
1	k8	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Reykjabraut (724-01)	11,39	S	Húnavatnshreppur
1	k9	Hringvegur	Reykjabraut (724-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	10,28	S	Húnavatnshreppur
1	k9	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Svínvetningabraut (731-01)	1,12	S	Blönduós
1	m0	Hringvegur	Svínvetningabraut (731-01)	Blönduós, Efstubraut	0,83	S	Blönduós

Á teikningu 6.1.1. eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Hvammstanga, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við stopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Hvammstanga.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 6.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins innan umrædds svæðis.



Teikning 6.1.1. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum, innan þjónustusvæðis Vegagerðarinnar á Hvammstanga, sem ferðafólk stoppar ítrekað á til myndatöku.

6.2. Niðurstöður

Eftirfarandi texti og myndir eru til frekari upplýsingar um þá staði sem merktir eru á teikningu 6.1.1.

1-j1 Sýslumörk (skilti) – Miklagil (Skilti)

21. Á Holtavörðuheiði, á malarplani við veðurstöð sem er nærri hæsta punkti heiðarinnar, og í brekkunni neðan hennar, Hrútafjarðarmegin, stoppar ferðafólk gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku. Þó sínu fleiri sem er á *norðurleið*. Útsýni er víðáttmikið og í góðu skyggni gnæfir Tröllakirkja yfir landið í vestri, Hrútafjörðurinn blasir við til norðurs og jafnvel Kaldbakshorn á Ströndum. Þá sést Eiríksjökull í suðaustri.

Landslagið er heiðalandslag með mýrardrögum, mosavöxnum melum, lyngi og votlendi með tjörnum. Töluvert fuglalíf er á heiðinni og algengt að sjá fugla, m.a. álftr á tjörnum nærri vegi.



Mynd 6.2.1. Tröllakirkja á Holtavörðuheiði. Fjallið er þekkt kennileiti og sést langt að, bæði úr Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi.



Mynd 6.2.2. Horft í suður í átt að Lambafelli og Eiríksjökli.



Mynd 6.2.3. Horft út Hrútafjörðinn. Fjöllin á ströndum blasa við.

1-k2 Hrútatunguvegur (701)– Reykjaskólavegur (7020)

22. Við Brandagil, innanlega í austanverðum Hrótafirði stoppar ferðafólk oft. Gott útsýni er yfir leirur og sjávarfitjar Hrótafjarðar, upp á Holtavörðuheiði að Tröllakirkju, yfir Borðeyri og út Hrótafjörð og að Strandafjöllum í norðri.

Frá þessum stað liggur reiðleið niður í fjöru og yfir leirur Hrótafjarðar og út eftir vesturströnd Hrótafjarðar (sjá vegslóðina <http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.php?client=hestar>). Nokkuð algengt er að sjá hópa ferðafólks ríða þessa leið í útfiri og er það sjónarspil fyrir marga.



Mynd 6.2.4. Útsýni yfir leirur og sjávarfitjar í Hrótafirði og upp á Holtavörðuheiði að Tröllakirkju.



Mynd 6.2.5. Horft út Hrótafjörð á umræddum stað.

23. Gegnt Borðeyri, við eyðibýlið Gilsstaði í Hrútafirði, stoppar ferðafólk oft, *sér í lagi á suðurleið*. Þar lá áður símalína yfir fjörðinn og er minnismerki Póst og síma 1911 fest þar á þrílu.

Útsýni er gott að Borðeyri, auk þess sem Tröllakirkja á Holtavörðuheiði blasir við og í norðri sjást Strandafjöllin



Mynd 6.2.6. Horft yfir Hrútafjörð í átt að Borðeyri.

24. Við Reykjaskóla, gegnt vegamótum Hringvegur og Reykjaskólavegar (7020) sem liggur niður að gamla héraðsskólanum að Reykjum í Hrútafirði, er mikið stoppað til myndatöku. Nokkur umferð er niður að Reykjaskóla frá Hringveginum og hefur framhjálaup verið byggt við veginn. Þar leggur ferðafólk bílum sínum og ganga yfir veginn til myndatöku, með tilheyrandi slyshættu. Vegsýn er takmörkuð á þessum stað sem gerir staðinn enn varhugaverðari m.t.t. umferðaröryggis.



Mynd 6.2.7. Reykur sést stíga upp úr jörðinni á Reykjum.



Mynd 6.2.8. Framhjálaupið við vegamótin.

1-k3 Reykjaskólavegur (7020) - Heggstaðanesvegur (702)

25. Gegnt vegamótum Hringvegur og Svertingsstaðavegar (7047) á Heggstaðanesi er gjarnan stoppað. Ástæðan er trúlega útsýni yfir að Hvammstanga og Laugarbakka auk þess sem sést út Miðfjörð og yfir að Strandafjöllum.



Mynd 6.2.9. Horft yfir að Hvammstanga.



Mynd 6.2.10. Horft í átt að Laugarbakka.

1-k4 Heggstaðanesvegur (702) – Hvammstangavegur (72)

26. Í brekkunni niður **Ósleitið í Miðfirði** stoppar ferðafólk mikið á vegi eða vegöxl til myndatöku, sér í lagi á suðurleið, þegar útsýni opnast inn og út og yfir fjörðinn. Fallegt útsýni er frá brekkunni yfir að Heggstaðanesi og inn Miðfjörð. Einnig sést út á Strandir, m.a. fjallið Kaldbaksvíkurhorn. Þá blasa óshólmar Miðfjarðarar við þar sem hún kvíslast til sjávar neðan Ósleitisins.



Mynd 6.2.11. Miðfjarðará kvíslast til sjávar neðan Ósleitisins. Minni myndin sýnir sjónarhornið inn fjörðinn.

1-k8 Gljúfurá – Reykjabraut (724)

27. Við **Þrístapa** í Þingi er mikið stoppað. Að sögn starfsmanna Vegagerðarinnar og landeigenda á svæðinu hefur orðið merkjanlega aukning eftir að bókin Náðarstund eftir Hannah Kent kom út. Sú saga hefur farið sigurför um heiminn og hlotið fjölda viðurkenninga. Við Þrístapa er nú upplýsingaskilti en engin aðstaða, hvorki til að leggja bíl né til áningar. Aðkoma að staðnum úr norðaustri er slæm vegna stuttra sjónlengda. Þá er staðurinn uppi á hæð, sé komið úr norðausturátt.



Mynd 6.2.12. Horft í átt að upplýsingaskilti við Þrístapa.

28. Á Hringveginum í Þingi, skammt sunnan býlanna Axlar 1 og 2, er stoppað þegar útsýnið opnast inn Vatnsdalinn, yfir Flóðið og Vatnsdalshólana, eftir bökkum og hólum Hnausakvíslar og út yfir Þingeyrar, Hópið, Vatnsnesið og Strandarfjöllin. Góð yfirsýn er einnig yfir votlendið neðan vegarins og ríkulegt fuglalífið þar. Bílum er víða lagt í vegkanti á þessum stað.



Mynd 6.2.13. Horft yfir Vatnsnesið og út Húna fjöruð.



Mynd 6.2.14. Horft yfir Vatnsdalshóla og inn Vatnsdal.

6.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegarins sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvammstanga eru **8 staðir (21-28)** á Hringveginum sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 6.3.1.

Tafla 6.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Hvammstanga.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 6.1.1.	Staðsetning
1	j1	21	Holtavörðuheiði, Hrutafjarðarmegin
1	k2	22	Við Brandagil
1	k2	23	Gegnt Borðeyri
1	k2	24	Við Reykjaskóla
1	k3	25	Við Svertingsstaði á Heggstaðanesi
1	k4	26	Ósleitið í Miðfirði
1	k8	27	Þrístapar
1	k8	28	Þingi

Af skráðum myndastoppistöðum í töflu 6.3.1. er algengast að sjá ferðafólk stoppa á Holtavörðuheiði, niður Ósleitið og við Þrístapa.

Víða á Hringveginum **niður af Holtavörðuheiði Hrutafjarðarmegin (21)**, er stoppað eins og áður hefur komið fram, enda útsýni stórkostlegt. Ekki um að ræða einn ákveðinn stað heldur nokkra staði á sama svæði þar sem sjónarhorn á það sem fangar athygli gesta á svæðinu er gott. Fáar tengingar eru út af Hringvegi á þessum kafla og því lítið annað í boði fyrir gesti en að stoppa á vegi og vegkanti. Koma þyrfti fyrir rúmgóðum áningarstað á þessu svæði og merkja hann vel í þeirri von að ferðafólk dreifist minna um veginn á þessum kafla.

Það sama gildir um brekkuna niður **Ósleitið í Miðfirði (26)**. Þar er um nokkra staði að ræða sem gestir stoppa á til að njóta útsýnisins en engin aðstaða er þar til áningar. Mikilvægt er að úr því verði bætt.

Þrístapa í Þingi (27) er getið í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar en vegna þess hve fjölsóttur og vinsæll staðurinn er, er hann hafður með í þessu skráningarverkefni um myndastoppistaði ferðafólks. Aðstaða við hann felst í einu upplýsingaskilti. Þá er staðsetning hans varhugaverð þar sem töluvert blint er austan hans og vegsýn lítil.

Á Hringveginum í **Þingi (28)**, ofan Eylendisins, eru allar vegtengingar á svæðinu nýttar til áningar og myndatöku, auk þess sem oft er stoppað á vegi eða vegöxl til myndatöku. Fagurt útsýni er yfir Vatnsdalshólana og Eylendið og það fjölbreytta dýralíf sem þar er. Vatnsdalshólar eru verndaðir og skráðir sem svæði nr. 407 í náttúruminjasrá. Þá er Eylendið innan svæðis nr. 408. á náttúruminjasrá, m.a. vegna flæðimýra, óshólma og vatna á svæðinu með fjölbreyttu lífi.

Samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar er nú þegar að finna 7 staði sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarstaðir, sjá töflu 6.3.2. Þeir staðir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku. Þá eru ótaldir veitingarskálarnir; Staðarskáli í Hrutafirði og Víðihlíð í Víðidal.

Tafla 6.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	j2	Sunnan við Votahvamm	Útskot	útskot
1	j2	Selá	Vigtunarstaður	Útskot
1	k5	Norðurbraut	Áningarstaður	Áningarstaður
1	k8	Þrístapar	Útskot	Upplýsingastaður
1	k8	Sveinsstaðir/Ólafslundur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	k9	Hjaltabakki	Útskot	Útskot

Auk ofangreindra áningarstaða Vegagerðarinnar í töflu 6.3.2. er áningarstaður í landi sveitasetursins Gauksmýrar í Húnaþingi (1-k5) en þar er rekin ferðaþjónusta þar sem íslenska hestinum er gert hátt undir höfði. Eigendur jarðarinnar útbjuggu sjálfir áningarstað neðan Hringvegarins þaðan sem göngustígur liggur að Gauksmýrartjörn og votlendinu umhverfis hana. Þá er algengt að reiðfólk sé í nágrenni vegarins og hestar í girðingum meðfram vegi. Staðurinn er mikið notaður af ferðafólki. Hann er ómerktur og ekki óalgengt að það sé snögghemlað þegar tenging að honum kemur í ljós frá veginum.



Mynd 6.3.1. Bílastæði við Hringveg, neðan Gauksmýri.

Við annan stað, skammt austan Gauksmýrar, er einnig algengt að sjá ferðafólk aka út af vegi og inn á slóða neðan Hringvegar (1-k5) við Miðfjarðarvatn. Vegslóðinn liggur samsíða Hringvegi á kafla og m.a. að frístundahúsum við Miðfjarðarvatn. Ástæða þess að sótt er í þennan stað er trúlega Miðfjarðarvatn og umhverfi þess auk þess sem sést vestur að Holtavörðuheidi, m.a. að Tröllakirkju.

Víða meðfram Hringvegi, innan þjónustusvæðis Vegagerðarinnar á Hvammstanga, eru hestar innan girðingar sem laða að ferðafólk. Áberandi staður er í landi Hólabaks, skammt austan Gljúfurár, en þar er algengt að sjá hesta innan girðingar, norðan vegarins. Á þeim stað stoppar ferðafólk oft til að mynda. Staðurinn er á hæð og því varhugaverður. Hægt er að komast nálægt hestunum auk þess sem gott útsýni er að Vatnsdalshólum, að Þingeyrum og út á Þingeyrarsand, Hópið og Húnaþing.

7. Umdæmi Vegagerðarinnar á Sauðárkróki

7.1. Formáli

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Sauðárkróki sér um rekstur á tæplega 91,5 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæðið í sumarþjónustu frá Efstubraut á Blönduósi (1-m1) að sýslumörkum við Grjótá á Öxnadalshéiði (1-n1). Vetrarþjónustusvæðið endar vestar og miðast við Fremri-Kot í Norðurárdal.

Upplýsingar um myndastoppistaði ferðafólks á Hringveginum innan umdæmis Vegagerðarinnar á Sauðárkróki eru fengnar frá starfsmönnum þjónustustöðvarinnar, auk þess sem rætt var við landeigendur í Langadal og Blönduhlíð.

Í þessari samantekt er miðað við sumarþjónustusvæði.


Vegkafla Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar á Sauðárkróki má sjá í töflu 7.1.1.

Tafla 7.1.1. Vegkaflar Hringvegarins innan þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Sauðárkróki. Miðað er við vegkafla sumarþjónustu. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	m1	Hringvegur	Blönduós, Efstabraut	Skagastrandarvegur (74-01)	1,45	S	Blönduós
1	m2	Hringvegur	Skagastrandarvegur (74-01)	Hvammavegur (7378-01)	13,26	S	Blönduós
1	m3	Hringvegur	Hvammavegur (7378-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	1,75	S	Blönduós
1	m3	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Svínvetningabraut (731-03)	9,57	S	Húnavatnshreppur
1	m4	Hringvegur	Svínvetningabraut (731-03)	Víðivörðúás, veðurstöð (mastur)	8,95	S	Húnavatnshreppur
1	m5	Hringvegur	Víðivörðúás, veðurstöð (mastur)	[..sveitarfélagsmörk..]	4,32	S	Húnavatnshreppur
1	m5	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Skagafjarðarvegur (752-01)	9,83	S	Skagafjörður
1	m6	Hringvegur	Skagafjarðarvegur (752-01)	Sauðárkróksbraut (75-02)	0,75	S	Skagafjörður
1	m7	Hringvegur	Sauðárkróksbraut (75-02)	[..sveitarfélagsmörk..]	3,81	S	Skagafjörður
1	m7	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Síglufjarðarvegur (76-01)	1,01	S	Akrahreppur
1	m8	Hringvegur	Síglufjarðarvegur (76-01)	Miklibær	5,33	S	Akrahreppur
1	m9	Hringvegur	Miklibær	Kjálkavegur (759-01)	11,10	S	Akrahreppur
1	n0	Hringvegur	Kjálkavegur (759-01)	Fremrikotavegur (7570-01)	9,74	S	Akrahreppur
1	n1	Hringvegur	Fremrikotavegur (7570-01)	Sýslumörk, Grjótá (ræsi)	10,63	S	Akrahreppur

Á teikningu 7.1.1 eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis Vegagerðarinnar á Sauðárkróki, þar sem starfsmenn stöðvarinnar, auk landeigenda á svæðinu, verða ítrekað varir við myndastopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Sauðárkróki.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 7.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins innan svæðisins.



Teikning 7.1.1. Myndastopp ferðafólks á Hringveginum innan umdæmis Vegagerðarinnar á Sauðárkróki.

7.2. Niðurstöður

Eftirfarandi texti og myndir eru til frekari upplýsingar um þá staði sem merktir eru á teikningu 7.1.1.

1-m4 Svínvetningabraut (731-03) – Víðivörðuháls, veðurstöð (mastur)

29. Beggja vegna vegamóta Hringvegjar við Svartárdalsveg (734) eru 2 lítil útskot við Hringveginn. merkt með P-merki öðrumegin. Fyrri útskotið er hægra megin vegar um 200 m vestan umræddra vegamóti. Þaðan er gott útsýni inn Svartárdalinn og yfir bæina neðan vegar. Algengt er að sjá erlenda gesta á norðurleið stoppa þar til myndatöku.



Mynd 7.2.1. Umrætt útskot merkt með P-merki fyrir umferð á norðurleið (heimild: www.googleearth.com).


Hitt útskotið er vinstra megin vegar við umrædd vegamót og þar stoppar gjarnan ferðafólk á suðurleið. Um sama útsýni er að ræða og á fyrri útskotinu.



Mynd 7.2.2. Umrætt útskot við vegamótin merkt með P-merki fyrir umferð á norðurleið (heimild: www.googleearth.com).

Þessir staðir eru skráðir hér vegna þess hve varhugaverðir þeir eru. Varla er hægt að tala um útskot þar sem þau eru það þröng að bílar sem stöðvaðir eru á þeim eru að hluta til úti á veginum. Við seinna útskotið á mynd 7.2.2. er alvanalegt að sjá ferðafólk ganga á veginum út í hægri vegkant til myndatöku.

30. Skammt norðaustan við Bólstaðarhlíðará, í **krappri beygju ofan við Húnaver**, liggur tenging í norður út frá Hringvegi, sjá mynd 7.2.3. Þar er algengt að sjá ferðafólk stoppa og ganga út á veginn til myndatöku. Myndefnið er trúlega m.a. fjárréttin við Botnastaði, Bólstastaðarhlíðakirkja auk þess sem útsýnis inn Svartárdal. Þá er algengt að sjá hesta innan hliðs sem þar er á veginum.



Mynd 7.2.3. Bílum lagt m.a. á tengingu ofan vegar.



Mynd 7.2.3. Ferðafólk á gangi á vegsvæðinu.

31. Í Bólstaðarhlíðarbrekkunni eru þrjú „útskot“ vinstra megin vegar sem ferðamenn, aðallega þó ferðamenn á *vesturleið*, stoppa gjarnan á til myndatöku. Þau er þó svo lítil, varla fólksbílabreið, að ekki er raunhæft að tala um útskot. Umrædd „útskot“ eru merkt sem bílastæði (P) en veruleg hættu skapast ef hurð bíls sem lagt er á þeim er opnuð út að vegi.

Þar sem myndefnið er vestan vegarins, leggja ferðamenn bílum sínum á umræddum „útskotum“ og ganga yfir veginn til myndatöku.



Mynd 7.2.5. Eitt af þremur „útskotum“ í Bólstaðarhlíðarbrekku. Horft niður brekkuna.



Mynd 7.2.6. Horft upp brekkuna frá einu „útskotinu“.

Útsýni er myndrænt og sést inn Svartárdalinn og yfir Svartá í dalbotninum, ármót Svartár og Bólstaðarhlíðarár, auk þess sem sést yfir í Langadal. Í góðu veðri má einnig sjá hluta Grettisskyrtu, sem eru ljósir líparitgeirar í austanverðri Reykjanibbu ofan Reykja í mynni Svínadals.



Mynd 7.2.7. Fallett útsýni er úr Bólstaðarhlíðarbrekkunni.



Mynd 7.2.8. Mynd tekin út um framrúðu bíls á ferð en hún sýnir ferðamann leggja bíl sínum á einu útskotanna og ganga yfir þjóðveginn til myndatöku.

7.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegarins sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Sauðárkróki eru **3 staðir skráðir (29-30)** á Hringveginum sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 7.3.1.

Tafla 7.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Sauðárkróki.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 7.1.1.	Staðsetning
1	m4	29	Vegamót Hringvegar og Svartárdalsvegur
1	m4	30	Í krappri beygju ofan við Húnaver
1	m4	31	Bólstaðarhlíðarbrekka

Á svæðinu er þegar að finna 8 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarplön, sjá töflu 7.3.2. Þeir staðir eru einnig vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 7.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	m41	Svartárhorn	Áningarstaður	Áningarstaður
1	m5	Vatnshlíð	Útskot	Útskot
1	m5	Arnarstapi	Áningarstaður	Áhugaverður staður
1	m61	Varmahlíð	Áningarstaður	Áningarstaður
1	m7	Grundarstokkur	Útskot	Útskot
1	m72	Lauftún	Útskot	Útskot
1	m9	Uppsaliir	Vigtunarstaður	Útskot
1	m91	Örlygsstaðir	Áningarstaður	Áningarstaður
1	n11	Skógarhlíð	Áningarstaður	Áningarstaður

Þó einungis þrjú myndastoppistaðir ferðafólks séu skráðir á svæðinu, s.b.r. töflu 7.3.1., stoppar ferðafólk mun víðar. Í Langadal er víða hestastöð innan girðingar nálægt vegi og á einhverjum býlum er vetrarþétt svo þar eru hestar úti allan ársins hring. Algengt er að sjá ferðafólk snarstoppa þar sem hestar eru nærri vegi, sér í lagi ferðafólk á *suðurleið*. Landeigendur í Langadal segja að þrátt fyrir að hestarnir séu aðalaðdráttaraflíð þá stoppi ferðafólk einnig til að mynda aðrar skepnur. Enginn áningarstaður eða útskot er á Hringveginum í Langadal.

Vegagerðin er með áningarstað við Svartárhorn og er hann vel nýttur. Hann er rúmgóður með upplýsingaskiltum en óbundinn svo að í rigningum veðst hann upp í aur.

Skráður staður **ofan við Húnaver við Bólstaðarhlíðará (30)** er mjög varhugaverður jafnvel þótt bílum sé oft á tíðum lagt utan vegar á þeim stað. Umferð um svæðið er hröð auk þess sem vegurinn liggur í krappri beygju á þessum stað. Ferðafólk gengur út á veginn og meðfram honum á þessum stað til myndatöku. Það sama gildir um „útskotin“ við **vegamót Hringvegar og Svartárdalsvegur (29)** og í **Bólstaðarhlíðarbrekkunni (31)**. Þar er reyndar hluti bíla inn á vegi þar sem lítið pláss er til áningar. Ferðafólk þverar veginn og getur ástandið orðið sérlega hættulegt þegar bílar mætast við umrædd „útskot“ og ferðafólk á gangi í vegkanti. Vegurinn er mjór og er bratt fram af honum vestanverðum.

Uppi á Víðivörðuás er mikið stoppað til myndatöku þar sem útsýni opnast yfir Vatnshlíðarvatn og Vatnsskarðsá. Þetta á sér í lagi við um ferðafólk á *norðurleið*. Við veðurstöðina (1-m5) er útskot auk þess sem skammt austar er vestrarvegur á ásbrúninni. Ferðafólk eru því oftast utan vegar við myndatöku á þessu svæði en geta eigi að síður skapað hættu þegar þeir snarhemla um leið og útsýnið birtist þeim.

Aðrir myndastoppistaðir ferðafólks á Hringveginum milli Vatnsskarðs og Varmahlíðar miðast að mestu við þá aðstöðu sem þegar er fyrir hendi, þ.e. útskotíð í Vatnshlíð og áningarstað á Arnarstapa.

Á Hringveginum í Blönduhlíð er lítið um myndastopp ferðafólks á vegi. Samkvæmt landeigendum á svæðinu stoppa erlendir gestir á Hringvegi í Blönduhlíð aðallega á þeim fjölmörgu varnargörðum sem liggja upp að Hringvegi og reistir hafa verið meðfram Héraðsvötnum að austanverðu til að forðast landbrot, sjá mynd 7.3.1.



Mynd 7.3.1. Horft til norðurs út yfir varnargarða Héraðsvatna.

Þá er skilgreindur áningarstaður Vegagerðarinnar við Örylgsstaði vinsæll til áningar.

Í Norðurárdal er lítið um myndastopp á veginum sjálfum en oft má sjá ferðafólk aka út af veginum og leggja á öryggissvæði sem þar er meðfram vegi til að mynda Norðurá og/eða til að komast niður að ánni. Sunnan Hringvegjar á Öxnadalshéiði, á gilbarmi Krókár, er skilgreindur áningarstaður sem mikið er nýttur af ferðafólki til áningar. Þrátt fyrir þann stað er annar óskilgreindur staður skammt austar, austan Reiðgils, þar sem hægt er að keyra út af veginum að sunnanverðu, milli vegriða sem eru meðfram honum. Margir ferðamenn nýta sér það. Trúlega er það landþröng dalsins sem vegurinn liggur um á þessum stað sem heillar ferðafólk. Þá er útsýni austur heiðina með þjóðveginn meðfram ánni í dalbotninum, auk þess sem sést vestur til Norðurárdals. Frá staðnum er einnig hægt að komast niður að ánni. Staðurinn var ekki skráður sem myndastoppistaður á Hringvegi þar sem ferðamenn eru ekki inn á veginum sjálfum á þessum stað.



Mynd 7.3.2. Myndastopp við Reiðgil.



Mynd 7.3.3. Útsýni í austur út Öxnadalshéiði.

8. Umdæmi Vegagerðarinnar á Akureyri

8.1. Formáli

Þann 3. nóvember 2015 var farið með Páli Hlökkverri Kristjánssyni, verkstjóra á þjónustustöð svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri, um þann hluta Hringvegarins sem þjónustustöðin á Akureyri hefur umsjón með, og þeir staðir skráðir sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Akureyri sér um rekstur og þjónustu á rúmlega 98 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæðið í sumarþjónustu frá sýslumörkum við Grjótá á Öxnadalsheiði (1-p1) að Norðausturvegi, skammt austan við Kross í Ljósavatnsskarði (1-q5). Vetrarþjónustusvæðið hefst vestar og miðast við Fremri-Kot í Norðurárdal í Skagafirði. Í þessari samantekt er miðað við sumarþjónustusvæði.


Vegkafla Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar á Akureyri má sjá í töflu 8.1.1.

Tafla 8.1.1. Vegkaflar Hringvegarins í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri. Miðað er við vegkafla sumarþjónustu. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	p1	Hringvegur	Sýslumörk, Grjótá (ræsi)	Öxnadalsá	10,45	S	Hörgársveit
1	p2	Hringvegur	Öxnadalsá	Pverá (bær)	9,90	S	Hörgársveit
1	p3	Hringvegur	Pverá (bær)	Hörgárdalsvegur (815-01)	10,59	S	Hörgársveit
1	p4	Hringvegur	Hörgárdalsvegur (815-01)	Ólafsfjarðarvegur (82-01)	11,46	S	Hörgársveit
1	p5	Hringvegur	Ólafsfjarðarvegur (82-01)	Dagverðareyrvægur (816-01)	2,99	S	Hörgársveit
1	p6	Hringvegur	Dagverðareyrvægur (816-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	3,43	S	Hörgársveit
1	p6	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Akureyri, Hlíðarbraut	1,49	S	Akureyri
1	p7	Hringvegur	Akureyri, Hlíðarbraut	Akureyri, Aðalstræti	3,35	S	Akureyri
1	p8	Hringvegur	Akureyri, Aðalstræti	Eyjaþjórðarbraut vestri (821-00)	0,32	S	Akureyri
1	p9	Hringvegur	Eyjaþjórðarbraut vestri (821-00)	[..sveitarfélagsmörk..]	1,26	S	Akureyri
1	p9	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Eyjaþjórðarbraut eystri (829-01)	0,32	S	Eyjaþjórðarsveit
1	q0	Hringvegur	Eyjaþjórðarbraut eystri (829-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	0,59	S	Eyjaþjórðarsveit
1	q0	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Veigastaðavegur (828-01)	1,54	S	Svalbarðsstrandarhreppur
1	q1	Hringvegur	Veigastaðavegur (828-01)	Svalbarðseyrvægur (830-02)	7,10	S	Svalbarðsstrandarhreppur
1	q2	Hringvegur	Svalbarðseyrvægur (830-02)	Grenivíkuvægur (83-01)	5,52	S	Svalbarðsstrandarhreppur
1	q3	Hringvegur	Grenivíkuvægur (83-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	0,31	S	Svalbarðsstrandarhreppur
1	q3	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	[..sveitarfélagsmörk..]	3,95	S	Grýtubakkahreppur
1	q3	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Illugastaðavegur (833-01)	9,16	S	Pingeyjarsveit
1	q4	Hringvegur	Illugastaðavegur (833-01)	Fnjóskadalsvegur eystri (835-01)	0,89	S	Pingeyjarsveit
1	q5	Hringvegur	Fnjóskadalsvegur eystri (835-01)	Norðausturvegur (85-01)	13,83	S	Pingeyjarsveit

Á teikningu 8.1.1. eru skráðir þeir staðir á Hringveginum, sem eru í umsjón þjónustustöðvar svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri, og sem starfsmenn stöðvarinnar verða varir við ítrekuð myndastopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði Hringvegarins sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Akureyri.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að vinna í kafla 8.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins innan svæðisins.



Teikning 8.1.1. Myndastoppistaðir ferðafólks á Hringvegi innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði Hringvegarins sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku.

8.2. Niðurstöður

1-p1 Sýslumörk Grjótá (ræsi) – Öxnadalsá

32. Ferðafólk sem keyrir **niður Bakkaselsbrekkuna** á norðanverðri Öxnadalsheiði á Tröllaskaga stoppa gjarnan í henni miðri, eða þegar útsýnið opnast út Öxnadalinn og hrikalegur fjallgarður dalsins blasir við, með Öxnadalsá sem liðast um dalbotninn. Jafnvel þó vegrið séu í hægri vegöxl, hindrar það ekki myndatökur ferðafólks á þessum stað.



Mynd 8.2.1. Dæmigerður myndatökustaður



Mynd 8.2.2. Horft út Öxnadalinn frá Bakkaselsbrekku

1-p2 Öxnadalsá – Þverá (bær)

33. Gegnt Hrauni í Öxnadal, í landi Hóla og uppi á hæð, er nokkuð stórt bundið plan við Hringveginn að vestanverðu. Þar er mikið stoppað enda fallegt útsýni að Hraundröngum. Skemmtilegt hólalandslag, bæjarstæði Hrauns og fallegir litir í náttúrunni, m.a. mosavaxið hraun, er trúlega það sem fangar athygli ferðafólks. Malarpúðinn er ómerktur og því veit fólk ekki af honum fyrir en hann blasir við. Fyrir vikið er ferðafólk að stöðva bíla sínar á vegi, eða vegkanti, upp alla brekkuna til að taka myndir. Getið er um þennan stað á vefsíðunni www.TripAdvisor.com



Mynd 8.2.3. Hraundrangar í Öxnadal í nóvember 2015.



Mynd 8.2.4. Ómerktur malarpúði gegnt Hraundröngum. Horft suðvestur Öxnadal.



Mynd 8.2.5. Vegurinn norðan við malarpúðann þar sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa til myndatöku.

1-p9 Eyjafjarðarbraut vestri (821) – Eyjafjarðarbraut eystri (829)

- 34.** Svokallaður „Leiruvegur“ sem liggur yfir Eyjafjörðinn er vinsæll áningarstaður ferðafólks og þar er stoppað hvar sem er, beggja vegna vegarins. Vegurinn er á breiðri fyllingu og er nokkuð gott rými utan akbrautarinnar miðað við vegi annars staðar. Mjög fallett útsýni er af veginum, bæði inn yfir óshólma Eyjafjarðarár sem og út fjörðinn, auk þess sem fuglalíf er fjölskrúðugt. Auðvelt er að komast niður að sjó og á sumrin eru æðarfuglar með unga sína nærri veginum. Vegkantar eru víða brotnir vegna átroðnings.



Mynd 8.2.6. „Leiruvegur“ liggur um leirur Eyjafjarðarár og sjá má fyrir miðri mynd.



Myndir 8.2.7 og 8.2.8. Eins og sjá má er vegkanturinn breiður og því vinæll „áningarstaður“ ferðafólks.

1-q0 Eyjafjarðarbraut eystri (829) – Veigastaðavegur (828)

35. Útsýnisstaður er í Vaðlaheiði, skammt norðan Leiruvegjar. Hann er ómerktur og lítt sýnilegur þar sem skógur umkringir hann. Þó hér sé í raun aðstaða til áningar er staðurinn *mjög varhugaverður* og því tekin með í þessari úttekt. Nokkur slys eru skráð við staðinn, m.a. vegna ferðafólks sem sér skyndilega útsýnisstað, snarstöðvar og beygir inn á hann.

Skammt norðan við þennan stað, gengt Veigastaðavegi, er merktur útsýnis- og áningarstaður, með enn betra útsýni en þessi staður hefur upp á að bjóða.



Mynd 8.2.9. Haustmynd af umræddum stað. Yfir sumarið eru trén laufguð og lúpína í vegkanti sem hindrar sýnileika að staðnum frá vegi.

1-q3 Grenivíkurvegur (83) – Illugastaðavegur (833)

36. Frá vegamótum Hringvegjar og Grenivíkurvegjar (83) og góðan spöl upp á Víkurskarð er víða stoppað í vegkanti, sér í lagi af ferðafólki á leið niður Víkurskarðið. Vegrið eru meðfram stórum hluta kaflans á Víkurskarðinu en mikið hefur verið kvartað yfir aðstöðuleysi á vegkaflanum. Örlítill malarpúði er í vegkanti fyrir snjóruðningstæki, skammt ofan vegamótanna, annars er hvergi aðstaða til áningar. Þá er algengt að ferðafólk stoppi skyndilega við vegamót Hringvegjar

og Grenivíkurvegur, leggi bílum sínum í hvilft norðan þeirra, og gangi að vegriði á Grenivíkurvegi til myndatöku, fast við vegamótin og í beygju.

Útsýni af svæðinu er víðáttumikið en vel sést inn og út Eyjafjörð og yfir að fögrum fjallahring Tröllaskaga og Eyjafjarðar.



Mynd 8.2.10. Vegamót Grenivíkurvegur og Hringvegur



Mynd 8.2.11. Vegamótin eru vinsæll ljósmyndastaður ferðafólks.



Myndir 8.2.12 Malarpúði skammt ofan vegamóta Hringvegur og Grenivíkurvegur



Mynd 8.2.13. Víðáttumikið útsýni inn og út Eyjafjörðinn

37. Við vegamót Hringvegur og Hrísgærðisvegur (8621) í Fnjóskadal, er mikið stoppað. Ferðafólk leggur bílum sínum við vegamótin og fer út á veginn til myndatöku. Vegrið er á Hringveginum á þessum stað og er algeng að sjá ferðafólk standa við það. Trúlega er það fyrst og fremst fjölbreytt landslag sem laðar að, m.a. Flateyjarðalsfjöllin, Fnjóská sem liðast um dalbotninn með grónum hólum og fuglalífi. Vaglaskógur blasir við, auk votlendis og mólendis við Fnjóská.



Mynd 8.2.14. Heimreið að Hrísgærði. Mjög vinsæll áningarstaður ferðafólks.

8.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegjar sem er í umsjón þjónustustöðvar svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri eru **6 staðir skráðir (32-37)** sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku, sjá töflu 8.3.1.

Tafla 8.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Akureyri.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 8.1.1.	Staðsetning
1	p1	32	Bakkaselsbrekka á Öxnadalshéiði
1	p2	33	Gegnt Hrauni í Öxnadal
1	p9	34	"Leiruvegur" á Akureyri
1	q0	35	Útsýnisstaður í Vaðlareit
1	q3	36	Vegamót við Grenivíkurveg (83)
1	q3	37	Vegamót við Hrisgerðisveg (8621) í Fnjóskadal

Á svæðinu er þegar að finna 13 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunar- og keðjunarplön, sjá töflu 8.3.2.

Tafla 8.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannflokkun
1	p1	Við Bakkasel	Útskot	Útskot
1	p4	Hraun í Öxnadal	Útskot	Útskot
1	p32	Jónasarlundur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	p4	Skógarbakkar	Vigtunarstaður	Útskot
1	p6	Dvergasteinn	Vigtunarstaður	Útskot
1	p9	Leirurampur	Vigtunarstaður	Útskot
1	q0	Veigastaðir	Útskot	Útskot
1	q1	Vaðlareitur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	q2	Víkurskarð að vestan	Viktunar- og keðjunarplan	Útskot
1	q3	Plan fyrir snjósleðamenn	Útskot	Útskot
1	q3	Víkurskarð að austan	Viktunar- og keðjunarplan	Útskot
1	q5	Ljósavatn	Áningarstaður	Áningarstaður
1	q5	Kross í Ljósavatnsskarði	Viktunar- og keðjunarplan	Útskot

Ofangreindir staðir í töflu 8.3.2. eru allir vel nýttir af ferðafólki til áningar og myndatöku, og á þeim líkt og á sambærilegum stöðum annarsstaðar, gengur ferðafólk út á veginn til myndatöku ef myndefnið er hinum megin við stoppistaðinn. Á þessu svæði á það sérstaklega við um útskotið neðan Bakkaselsbrekku (1-p1) og vigtunar- og keðjunarplanið vestan Víkurskarðs að vestanverðu (1-q2), sjá myndir 8.3.1. - 8.3.3.



Mynd 8.3.1. Útskot neðan Bakkaselsbrekku.



Mynd 8.3.2. Útsýni út Öxnadalinn gegnt útskotinu.



Mynd 8.3.3. Vigtunar- og keðjunarplan í Víkurskarði að vestan. Horft upp á Víkurskarð.

Mögulega væri hægt að draga úr myndastoppi ferðafólks á einhverjum köflum Hringvegarins á þessu svæði með aukinni merkingu þeirra staða sem þegar eru fyrir hendi. Má þar helst nefna útskotið gegnt Hrauni í Öxnadal þar sem útsýni er fagurt og útsýni að Hraundröngum er mjög gott. Umrætt svæði var friðlýst sem fólkvangur árið 2007 auk þess að vera innan svæðis nr. 505 á náttúruminjaskrá, m.a. vegna fjölbreytilegs og fagurs lands með stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum. Það á einnig við um áningarstaðinn við Ljósavatn, því jafnvel þótt hann sé merktur er ferðafólk, *aðallega á austurleið*, að stoppa við víkurnar við vatnið vestanvert.

Hvað varðar **útsýnisstaðinn í Vaðlaheiði (35)** þarf að taka ákvörðun um hvað eigi að gera við hann. Framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækis með hópferðabíla segir að nauðsynlegt sé að annaðhvort fjarlægja hann eða merkja mun betur vegna þeirrar slysaþættu sem hann skapar nú.

Þá þyrfti að stækka og lagfæra skilgreindan áningarstað Vegagerðarinnar í Vaðlareitnum þar sem hann er mjög fjölsóttur. Aðkoman að honum er hættuleg, hann er gegnt vegamótum Hringvegar og Veigastaðavegar (828) auk þess sem miðlína Hringvegarins er heil á umræddum stað þar sem vegsýn er verulega skert.

Velta má fyrir sér hvort áhrif Vaðlaheiðarganga muni breyta þörf fyrir aðstöðu til myndatöku í **vestanverðu Víkurskarðinu (36)**, en ekki er vitað hvernig þjónusta og rekstri á núverandi vegi um Víkurskarð verður háttáð þegar Hringvegurinn færir úr Víkurskarði og um ný jarðgöng undir Vaðlaheiði. Leiðin til Grenivíkur mun áfram liggja um Grenivíkurveg (83), sem hefst nú neðst í Víkurskarði að vestanverðu skammt norðan Knarrarness. Núverandi **vegamót Hringvegar og Grenivíkurveg (36)** eru varhugaverð þar sem Grenivíkurvegur liggur í nokkuð krappri beygju inn á Hringveg með vegrið á vinstri vegöxl vegarins, sjá mynd 8.2.10. Þarna er vinsælt að stoppa og ganga að vegriðinu til myndatöku, enda fallett útsýni inn og út Eyjafjörð. Líklegt er að ferðafólk um Grenivíkurveg muni áfram stoppa á þessum stað, þó svo að Hringvegurinn um Víkurskarðið leggist af.

9. Umdæmi Vegagerðarinnar á Húsavík

9.1. Formáli

Þann 12. október 2015 var farið með Gunnari Bóassyni, yfirverkstjóra á þjónustustöð Vegagerðarinnar á Húsavík, um þann hluta Hringvegarins sem þjónustustöðin hefur umsjón með og þeir staðir skráðir sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Húsavík sér um rekstur og þjónustu á tæplega 100 km af Hringvegi landsins og nær þjónustuvæðið frá Norðausturvegi, skammt austan við Kross í Ljósavatnsskarði (1-q6) að sveitarfélagamörkum Skútustaðahrepps og Fljótaldshéraðs (1-r7).

Vegkaflar Hringvegarins innan umdæmis Vegagerðarinnar á Húsavík má sjá í töflu 9.1.1.


Tafla 9.1.1. Vegkaflar Hringvegarins í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	q6	Hringvegur	Norðausturvegur (85-01)	Bárðardalsvegur eystri (844-01)	4,34	S	Pingeyjarsveit
1	q7	Hringvegur	Bárðardalsvegur eystri (844-01)	Aðaldalsvegur (845-01)	9,65	S	Pingeyjarsveit
1	q8	Hringvegur	Aðaldalsvegur (845-01)	Brúnarvegur (8734-01)	10,05	S	Pingeyjarsveit
1	q9	Hringvegur	Brúnarvegur (8734-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	6,18	S	Pingeyjarsveit
1	q9	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Mývatnssveitarvegur (848-01)	6,49	S	Skútustaðahreppur
1	r0	Hringvegur	Mývatnssveitarvegur (848-01)	Kísilvegur (87-01)	12,38	S	Skútustaðahreppur
1	r1	Hringvegur	Kísilvegur (87-01)	Mývatnssveitarvegur (848-02)	3,94	S	Skútustaðahreppur
1	r2	Hringvegur	Mývatnssveitarvegur (848-02)	Jarðbaðsvegur (8815-01)	2,70	S	Skútustaðahreppur
1	r3	Hringvegur	Jarðbaðsvegur (8815-01)	Veðurstöð, mastur	17,56	S	Skútustaðahreppur
1	r4	Hringvegur	Veðurstöð, mastur	Dettifossvegur (862-01)	5,73	S	Skútustaðahreppur
1	r5	Hringvegur	Dettifossvegur (862-01)	[..sveitarfélagsmörk..]	9,87	S	Skútustaðahreppur
1	r5	Hringvegur	[..sveitarfélagsmörk..]	Jökulsá (ankerí)	0,02	S	Norðurþing
1	r6	Hringvegur	Jökulsá (ankerí)	Hólsfjallavegur (864-00)	0,75	S	Norðurþing
1	r7	Hringvegur	Hólsfjallavegur (864-00)	Sýslumörk, Biskupsháls (skilti)	10,10	S	Norðurþing

Á teikningu 9.1.1. eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Húsavík, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða varir við ítrekuð stopp ferðafólks til myndatöku.

Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Húsavík.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 9.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins á umræddu svæði.



Teikning 9.1.1. Myndastoppstaðir ferðafólks á Hringvegi innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík. Rauðu tölusettu hringimir vísa á þá staði Hringvegarinnar sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku.

9.2. Niðurstöður

1-q7 Bárðardalsvegur eystri (844-01) – Aðaldalsvegur (845-01)

38. Á Fljótshéiði er malarpúði norðan núverandi vegar á besta stað m.t.t. útsýnis. Þaðan er mjög víðsýnt og fagurt útsýni. Hægt er að sjá inn Bárðardal, Köldukinn, yfir Ljósavatn og Goðafoss. Malarpúðinn er ekki merktur og algengt er að bílar á leið *niður héiðina* stoppi hvar sem er á veginum eða í vegkanti um leið og Goðafoss blasir við. Sést greinilegur munur á vegköntum þar sem vinstri vegkantur er mun ver farinn en sá hægri.



Mynd 9.2.1. Malarpúðinn á Fljótshéiði.



Mynd 9.2.2. Mjög víðsýnt er frá staðnum. Horft í átt að Ljósavatnsskarði og inn Kaldakinn.

39. Á austanverðri Fljótheiðinni er, af einhverjum ástæðum, algengt að ferðafólk stoppi. Trúlega er það vegna útsýnis um Reykjadal og Lauga.



Mynd 9.2.3. Á austanverðri Fljótheiði þar sem algengt er að ferðafólk stoppi í vegkanti til myndatöku.

1-q9 Brúnarvegur (8734) – Mývatnssveitarvegur (848)

40. Við **suðurenda Mávvatns**, eru tvær vegtengingar inn á gamla vegslóða sem ferðafólk ekur gjarnan inn á til að taka myndir. Önnur tengingin er ofan vegar að vestanverðu við suðurenda Mávvatns og þar stoppar ferðafólk á *austurleið* gjarnan til að leggja bílum sínum áður en það gengur yfir Hringveginn að vatninu. Hin tengingin er uppi á hæð og neðan vegar, skammt austan Mávvatns og algengt er að sjá ferðafólk á *norðurleið* stoppa við hana.

Frá báðum þessu stöðum er fallett útsýni er yfir vatnið auk þess sem auðvelt er að komast niður að því.



Mynd 9.2.4. Stúturinn vestan við suðurenda Mávvatns.



Mynd 9.2.5. Útsýni í austurátt frá staðnum vestan við Mávvatn.



Mynd 9.2.6. Stúturinn á hæðinni suðaustan Mávvatns.



Mynd 9.2.7. Útsýni í frá hæðinni suðaustan Mávvatns.

41. Í **Skjólbrekku**, neðan áningarstaðar Vegagerðarinnar við Stöng, er víða mikið stoppað enda útsýni gott yfir allt Mývatnssvæðið. Í

norðanverðri brekkunni er ómerkt, en bundið, útskot sem mikið er notað til áningar og myndatöku. Miðlína er heil á hluta vegarins vegna skertrar vegsýnar.

Í Skjólbrekkunni stoppar ferðafólk hvar sem er, beggja vegna vegarins.



Mynd 9.2.8. Vegurinn við útskotið í Skjólbrekkunni.

42. Við Laxárbakka og Helluvað er mikið stoppað á veginum og í kanti hans. Vegrið var sett meðfram veginum beggja vegna á kafla og hefur myndastopp minnkað á þeim stað í kjölfar þess.

Á kaflanum **milli Helluvaðs og brúar yfir Laxá** er aftur á móti lagt beggja vegna vegar til áningar og myndatöku. Mikil náttúrufegurð er á svæðinu; hólmanir í Laxá, fuglalíf og fagurt útsýni.



Mynd 9.2.9. Vegurinn austan Helluvaðs. Víða má sjá útflatta vegkanta.



Mynd 9.2.10. Vegurinn austan Helluvaðs við Laxá.



Mynd 9.2.11. Andahópur á Laxá við Helluvað.

43. Við **nyrðri brúarenda brúar yfir Laxá** er mikið stoppað, fláinn er flatur og auðvelt að aka útaf veginum. Fast norðan við brúarendann er skilgreint útskot Vegagerðarinnar en sá staður er hvorki fugl né fiskur, og því trúlega stoppað við brúarendann (eins og sjá má á vegkanti).

Þá tiltók ferðapjónustuaðili þennan stað sérstaklega þar sem hann sagði ferðafólk í hópferðum oft óska eftir því að stoppað væri á þessum stað.

Útsýni er ágætt frá þessum stað, ferðafólk kemst auðveldlega niður að Laxá og getur fylgst með fuglalífi árinna.



Myndir 9.2.12 og 9.2.13. Staðurinn norðan brúar yfir Laxá þar sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa.

1-r0 Mývatnssveitarvegur (848) – Kísilvegur (87)

44. Mikið er stoppað við **Hraunborgir** sem eru fast við veginn og beggja vegna hans. Ferðafólk á það til að stöðva bíla sína skyndilega, þegar borgirnar ber fyrir augu. Hraunborgirnar eru ómerkta og engin aðstaða er við þær. Búið að loka aðgengi að annarri hraunborginni með lágum staurum og snæri þar sem verulega var farið að sjá á svæðinu vegna átroðnings. Vegkantar í kringum borgirnar eru illa farnir vegna átroðnings og vegfláar úttrampaðir.



Staurar og girðing við „bílastæði“



Myndir 9.2.14. og 9.2.15. Hraunborgir beggja vegna vegarins.

45. Mikið er stoppað við tvær **víkur sunnan við Vindbelg, auk Neslandavíkur** sem er skammt norðar. Á haustin eru breiður af rauðhöfðaöndum á vatninu auk annarra fugla. Auðvelt er að komast niður að vatninu á þessum stöðum og útsýni er gott. Við Neslandavík er stoppað hvar sem er þar sem hægt er að komast niður að vatninu og bera vegfláar við vatnið merki mikills ágangs.



Mynd 9.2.16. Horft að vík við vatnið.



Mynd 9.2.17. Auðvelt er að komast að vatninu.



Mynd 9.2.18. Allir staðir meðfram vatninu eru nýttir.



Mynd 9.2.19. Ferðamaður á leið niður að vatni.

46. Á vissum stað í Neslandavíkinni er útsýnið að Hverfelli/fjalli næstum samhverft og sést þá Búrfellið fyrir miðju þess. Mjög fagurt útsýni er frá staðnum og er mikið stoppað þar.



Mynd 9.2.20. Búrfellið stendur upp úr Hverfelli/fjalli.

1-r1 Kísilvegur (87) – Mývatnssveitarvegur (848)

47. Alls staðar meðfram veginum í **Eldhrauninu norðvestan Reykjahlíðar** er stoppað meðfram vegi. Hitaveita og raflögn var lögð í sunnanverðan vegkantinn og ljósleiðari hinumegin. Fyrir vikið er mjög auðvelt fyrir ferðafólk að keyra út í vegkant af núverandi vegi og ganga út í hraunið. Verulega sér á svæðinu vegna ágangs.



Mynd 9.2.21. Brotnir vegkantar og útlattar vegaxlir. við Eldhraunið.



Mynd 9.2.22. Alls staðar hjólför í vegköntum í Eldhrauninu.



Mynd 9.2.23. „Bílastæði“ farin að myndast í Eldhrauninu vegna ágangs.

1-r2 Mývatnssveitarvegur (848) – Jarðbaðsvegur (8815)

- 48. Við núverandi útskot við Stórugjá** er oft ófremdarástand þar sem svæðið er eftirsótt og engin aðstaða til áningar. Mögulega komast 2-3 bílar inn á „bifreiðastæðið“ sem þarna er en þeir sem á eftir koma leggja á veginum beggja vegna hans. Við „bifreiðastæðið“ eru auk þess merktar gönguleiðir að Grjótagjá og að Dimmuborgum.



Mynd 9.2.24. Afmarkað stæði við Stórugjá.



Mynd 9.2.25. Skilti á staðnum með upplýsingum um gönguvegalengdir að Grjótagjá og Dimmuborgum.

- 49.** Allur vegkaflinn, frá **vegamótum Hringvegar/Mývatnssveitarvegur (848) og að Jarðbaðsvegi (8815)**, er nýttur fyrir myndatökustopp. Alls staðar er stoppað á vegi og í vegkanti. Einnig eru tveir vetrarvegir sem eru norðan núverandi vegar vel nýttir sem myndatökustaðir. Algengt er að sjá umferðaröngþveiti annars vegar við vegamót Hringvegar og Grjótagjárvegar (860) og hins vegar við vegamót Hringvegar og Jarðbaðsvegar (8815). Bæði er ferðafólk að stoppa á vegamótum til myndatöku en einnig villist það á tengivegum svæðisins og ekur inn á Grjótagjárveg á leið sinni í jarðböðin, í stað Jarðbaðsvegar.



Mynd 9.2.26. Horft frá Hringvegi í átt að Námafjalli. Til vinstri má sjá ferðamann nýta vetrarveg við Hringveginn til myndastopps.

1-r3 Jarðbaðsvegur (8815) – Veðurstöð, mastur

50. Mikil ásókn er í „bláa vatnið“ við **Bjarnarflag** og oft umferðaröngþveiti við tengingu að því. Hægt er að komast niður að vatninu, austan þess, og er oft margt um manninn þar.



Mynd 9.2.27. Vinsæll staður við Bjarnarflag neðan Námafjalls.



Mynd 9.2.28. „Bílastæðið“ við Bjarnarflag hefur að mestu myndast vegna átroðnings ferðafólks.



Mynd 9.2.29. Tenging að Bjarnarlagi neðan Námafjalls.

51. Við gíginn **Dalborg** er vinsælt að stoppa og ganga upp á gíginn. Gegnt gígnum er útskot Vegagerðarinnar og þarf ferðafólk að þvera þjóðveginn á þessum stað til að komast að gígnum. Útskotið er lítið og oft margt um manninn þar. Staðurinn er verulega varhugaverður m.t.t. umferðaröryggis og er því skráður hér. Miðlína er heil á þessum stað þar sem vegsýn er skert. Göngustígar eru farnir að myndast í vegkanti allt í kringum útskotið og vegkantar eru illa farnir. Fjallasýn er víðuáttumikil og sést m.a. Jörundur, Hrafninnuhryggur, Príhryning, að Kröflu, Námafjall, Búrfell og austur í Möðrudalsfjallgarði.



Mynd 9.2.30. Útskot með upplýsingaskilti gegnt gígnum Dalborg.

52. Við Randir/Rjúpnakrika má oft sjá ferðafólk stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku. Miklar andstæður eru í landslagi, með annars vegar auðn og hins vegar hraunjaðri Búrfellshrauns. Þá hefur fjallasýnin aðdráttarafli með Búrfelli í suðri og Jörundi í norðri.



Mynd 9.2.31. Hraunjaðar Búrfellshrauns. Búrfell gægist upp úr því fyrir miðri mynd.

53. Mikið „jarðfall“ er vestan Austari Brekku og er vegrið beggja vegna vegarins á þeim stað. Þrátt fyrir vegrið fer ferðafólk mikið út úr bílum til myndatöku á þessum stað, ekki hvað síst við vegriðsendana. Útsýni er gott; fagur fjallahringur og fjölbreytt gróðurlendi með fléttum, mosa og víði- og lyngvöxnu hrauni.



Mynd 9.2.32. Mikið stoppað við vegriðsenda beggja jarðfallsins við Austari Brekku



Mynd 9.2.33. Fjallabláminn í suðri með Búrfell fyrir miðri mynd.

1-r5 Dettifossvegur – Jökulsá (ankeri)

54. Vinsælt er að stoppa í beygjunni við Jökulsá á Fjöllum.

Útsýni er fagurt yfir Jökulsána, jökulsárbrú og fjallahringinn.

Heil lína er á veginum á þessum stað enda staðurinn varhugaverður m.t.t. umferðaröryggis.



Mynd 9.2.34. Beygja vestan Jökulsár á Fjöllum.

1-r7 Hólsfjallavegur (864) – Sýslumörk, Biskupsháls (skilti)

55. Gömul náma sem vatn er í er neðan Biskupsháls. Þarna er vinsælt að stoppa enda getur ferðafólk auðveldlega farið út úr bílnum og út í auðnina allt um kring. Fjallasýn er góð með útsýni að Fjalladrottningunni.



Mynd 9.2.35. Gömul náma neðan Biskupsháls.

9.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegar sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík eru **18 staðir skráðir (38-55)** sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku, sjá töflu 9.3.1.

Tafla 9.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 9.1.1.	Staðsetning
1	q7	38	Fljótsheiði ofan Goðafoss
1	q7	39	Austanverð Fljótsheiði
1	q9	40	Suðurendi Mávatsns
1	q9	41	Skjólbrekka
1	q9	42	Milli Helluvaðs og Laxárbrúar.
1	r0	43	Nyrðri brúarendi Laxár
1	r0	44	Hraunborgir
1	r0	45	Víkur sunnan Vindbelgs
1	r0	46	Neslandavík
1	r1	47	Eldhraun vestan Reykjahlíðar
1	r2	48	Stóragjá
1	r2	49	Milli Grjótagjár og Jarðbaðsvegar
1	r2	50	Við Bjarnarflag
1	r3	51	Dalborg austan Kröfluvegar
1	r3	52	Við Randir (Rjúpnakrika)
1	r3	53	Upp á Skeiðflöt
1	r3	54	Við jarðfall vestan Vestari Brekku
1	r5	55	Í beygjuni að Jökulsá
1	r7	56	Gömul náma neðan Biskupaháls

Á svæðinu er að finna 7 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir eða útskot, sjá töflu 9.3.2.

Tafla 9.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannflokkun
1	q9	Við Stöng	Áningarstaður	Áningarstaður
1	r0	Laxárbrú	Útskot	Áhugaverður staður
1	r0	Grímsstaðir	Áningarstaður	Áningarstaður
1	r3	Dalborg	Útskot	Upplýsingastaður
1	r3	Námaskarð	Áningarstaður	Ferðamannastaður
1	r6	Jökulsá á Fjöllum (Grímsstaðir)	Áningarstaður	Áningarstaður
1	r7	Biskupsháls	Áningarstaður	Áningarstaður

Skilgreindir áningarstaðir Vegagerðarinnar í töflu 9.3.2 eru allir vel nýttir af ferðafólki til áningar og myndatöku. Ljóst er þó, að þar sem allt svæðið frá Goðafossi og austur fyrir Dettifossveg (862) er vinsælt ferðamannasvæði, að mikið vantar upp á aðstöðu fyrir gesti þess.

Á Fljótsheiði, ofan **Goðafoss (37)** er stoppað hvar sem er. Þar er þegar fyrir hendi rúmgóður malarpúði vinstra megin vegar sem væri hægt, með merkingum og bundnu yfirborði, að nýta sem áningarstað. Það myndi auka umferðaröryggi og draga verulega úr álagi á vegkanta vegarins neðan hans.

Þrátt fyrir að skilgreindur áningarstaður sé til staðar við Stöng í Mývatnssveit, ofan Skjólbrekku, stoppar ferðafólk hvar sem í **Skjólbrekkunni (40)**. Frábært útsýni er við Stöng en þess má þó geta að þegar umrædd úttekt fór fram hafði ruslagámi verið komið fyrir á besta útsýnisstað áningarstaðarins sjá mynd 9.3.1.

Frá áningarstað við Stöng og í Skjólbrekkunni er gott útsýni yfir Mývatn og Laxá sem eru vernduð samkvæmt sérstökum lögum, með það að markmiði að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Þá vantar betur skilgreindan áningarstað við **Laxá (42 og 43)**, þar sem gestir svæðisins sækja ákaft í að mynda straumvatnið og andahópa þess, og allur vegkaflinn milli Helluvaðs og Laxárbrúar einkennist af samfelldu stoppi ferðafólks. Það sama gildir um þær **víkur Mývatns þar sem**



Mynd 9.3.1. Áningarstaður við Stöng. Ruslagámur „fyrir“ útsýninu.

Hringvegurinn liggur nærri vatninu (45 og 46). Þar er alls staðar stoppað en þess má geta að vegurinn í kringum Mývatn er mjór eða aðeins um 6 m breiður.

Eldhraunið ofan Reykjahlíðar (47) hefur mikið aðdráttarafl og þar væri freistandi að stýra ferðalöngum inn á skilgreindan áningarstað í stað þess að hafa þá dreifða um alla vegkanta vegarins.

Útskotið við Stórugjá (48) er verulega varhugavert þar sem mikil ásókn er í svæðið og ófremdarástand fljótt að skapast þegar nokkrir bílar leggja þar í senn. Oft ná ökutæki langt út á veg og/eða þeim er lagt hvar sem er, beggja vegna vegarins við útskotið.

Þá er óhætt að segja að ófremdarástand sé á öllum kaflanum, **milli vegamóta Hringvegar/ Mývatnssveitarvegar - og Námaskarðs (49)**, og viðvarandi hætta á umferðaróhöppum þegar bílum er sífellt snögghemlað vegna einhvers í umhverfinu sem fangar athygli gesta þess. Við tengingu að Bjarnarflagi skapast oft mikil hætta og kaðrak. Staðurinn er orðinn það fjölsóttur að segja má að gestir svæðisins á fólksbílum og minni hópferðabílum fari vart fram hjá staðnum án þess að stoppa við „bláa vatnið“.

Þegar komið er yfir Námafjall og framhjá Námaskarði liggur Hringvegurinn um Búrfellshraun og Mývatnsöræfin, yfir Jökulsá á Fjöllum, að Biskupshálsi. Víða er stoppað í hrauninu og á öræfunum enda fagur fjallahringur svæðisins með mikið aðdráttarafl, sem og litir í náttúrunni og blámi fjallanna norðan Vatnajökuls. **Útskotið við Dalborg (50)** er varhugaverður staður þar sem miðlína er heil og gígurinn er gegnt útskotinu, hinum megin vegar svo gestir svæðisins þurfa að þvera Hringveginn til að komast að gígnum.

Við Randir (52) er stoppað hvar sem er á vegi og vegkanti, ekki hvað síst uppi á hæðum þar sem útsýni er gott. Öll tækifæri til að komast út af þjóðvegi eru einnig nýtt þar sem það er hægt, s.s. við veðurstöð Vegagerðarinnar á vegkafla r3, við Vegasveina á kafla r4 og slóða sem liggur að gangnamannakofanum Péturskirkju.

Hvað varðar myndastoppið í beygjunni við **Jökulsá á Fjöllum (54)** þá hefur lengi staðið til að byggja nýja brú skammt ofan/neðan núverandi brúar. Inni í þeirri framkvæmd er gert ráð fyrir áningarstað vestan Jökulsár og í tengslum við vegtengingar að nýrri brú.

Ljóst er að áningarstaðir á umræddu svæði eru allt of fáir miðað við fjölda ferðafólks sem heimsækir svæðið. Með fleiri áningarstöðum og góðum merkingum væri möguleiki á að leiðbeina gestum svæðisins af Hringveginum inn á öruggari staði og auka með því umferðaröryggi auk þess að tryggja verndun svæðisins með minni átroðningi.

10. Umdæmi Vegagerðarinnar í Fellabæ

10.1. Formáli

Þann 15. október 2015 var farið með Magnúsi Jóhannssyni, yfirverkstjóra þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Fellabæ, um þann hluta Hringvegarins sem fellur innan umdæmis þjónustustöðvarinnar og þeir staðir skráðir sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða í vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar í Fellabæ sér um rekstur og þjónustu á tæplega 162 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæðið frá sýslumörkum á Biskupshálsi (1-s1) að vegamótum Skriðdalsvegur og Axarvegur í Skriðdal (1-t7).


Vegkafla Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar í Fellabæ má sjá í töflu 10.1.1.

Tafla 10.1.1. Vegkaflar Hringvegarins í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Fellabæ. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr.	Knr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Heiti endapunkts	Lengd	Vfl.	Sveitarfélag
1	s1	Hringvegur	Sýslumörk, Biskupsháls (skilti)	Víðidalur	7,88	S	Fljótsdalshérað
1	s2	Hringvegur	Víðidalur	Möðrudalsleið (901-01)	8,67	S	Fljótsdalshérað
1	s3	Hringvegur	Möðrudalsleið (901-01)	Langadalsá (ræsi)	8,08	S	Fljótsdalshérað
1	s4	Hringvegur	Langadalsá (ræsi)	Norðausturvegur (85-44)	12,00	S	Fljótsdalshérað
1	s5	Hringvegur	Norðausturvegur (85-44)	Möðrudalsleið (901-03)	19,90	S	Fljótsdalshérað
1	s6	Hringvegur	Möðrudalsleið (901-03)	Jökuldalsvegur (923-01)	8,76	S	Fljótsdalshérað
1	s7	Hringvegur	Jökuldalsvegur (923-01)	Jökuldalsvegur eystri (924-01)	8,44	S	Fljótsdalshérað
1	s8	Hringvegur	Jökuldalsvegur eystri (924-01)	Hvannárvegur (9233-01)	9,68	S	Fljótsdalshérað
1	s9	Hringvegur	Hvannárvegur (9233-01)	Hlíðarvegur (917-01)	11,49	S	Fljótsdalshérað
1	t0	Hringvegur	Hlíðarvegur (917-01)	Skóghlíðarvegur (9251-01)	8,97	S	Fljótsdalshérað
1	t1	Hringvegur	Skóghlíðarvegur (9251-01)	Fellabær, Upphéraðsvegur	11,25	S	Fljótsdalshérað
1	t2	Hringvegur	Fellabær, Upphéraðsvegur	Fellabær, Lagarbraut	0,16	S	Fljótsdalshérað
1	t3	Hringvegur	Fellabær, Lagarbraut	Norðfjarðarvegur (92-00)	2,52	S	Fljótsdalshérað
1	t4	Hringvegur	Norðfjarðarvegur (92-00)	Upphéraðsvegur (931-09)	10,99	S	Fljótsdalshérað
1	t5	Hringvegur	Upphéraðsvegur (931-09)	Litlasandfell	10,25	S	Fljótsdalshérað
1	t6	Hringvegur	Litlasandfell	Skriðdalsvegur (937-02)	7,38	S	Fljótsdalshérað
1	t7	Hringvegur	Skriðdalsvegur (937-02)	Axarvegur (939-01)	15,13	S	Fljótsdalshérað

Á teikningu 10.1.1. eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Fellabæ, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við stopp ferðafólks. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar í Fellabæ.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 10.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins á umræddu svæði.



Teikning 10.1.1. Myndastoppistaðir ferðafólks á Hringvegi innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Fellabæ. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði Hringvegarins sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku.

10.2. Niðurstöður

1-s2 Víðidalur – Möðrudalsleið (901-01)

56. Í Vegaskarði, milli Sauðhnjúks og Vegahnjúks, er oft stoppað til að taka myndir af klettum sem þar eru. Trúlega er það einnig landþröngin í skarðinu sem heillar og/eða klettarnir í miðri sandauðninni. Skammt austan við klettana er Gunnuklettur en svo virðist sem ferðafólki sé ekki kunn sagan um Guðrúnu, vinnukonu í Möðrudal sem á að hafa orðið úti í klettaskútanum á leið sinni til Grímsstaða, og gefi honum því lítinn gaum.



Mynd 10.2.2. Landþröng í Vegaskarði.



Mynd 10.2.3. Klettamyndanir í Vegaskarði.

1-s4 Langadalsá (ræsi) – Norðausturvegur (85-44)

57. Þar sem Langadalsá fellur nærri vegi stoppar ferðafólk víða á vegi en nýta einnig skilgreint útskot Vegagerðarinnar sem þar er. Trúlega er ferðafólk að sækja í gróðurvin og fuglalíf við ána, en gróðurvinin við Langadalsá er áberandi andstæða við auðnina allt um kring, sér í lagi í morgunbirtunni. Þá sést Svartfell ef horft er í vestur. Algengt er að sjá fólk ganga um á vegi á þessum stað til að mynda beggja vegna hans.



Mynd 10.2.4. Bundið plan í Langadal sem ferðafólk nýtir sér gjarnan til áningar. Svartfell sést fyrir miðri mynd.



Mynd 10.2.5. Langadalsá og það umhverfi sem ferðafólk er að sækja í.

1-s7 Jökuldalsvegur (923-01) – Jökuldalsvegur eystri (924-01)

58. Við Fremsta-Rjúkandi í Jökuldal er mikið stoppað. Þar er engin aðstaða til áningar svo gestir svæðisins leggja bílum sínum á vegi og í vegkanti. Vinsælt er að ganga milli fossanna Fremsta-Rjúkandi og Ysta-Rjúkandi, sem er skammt austar. Búið er að útbúa útskot við Ysta-Rjúkandi. Vel sést til Dyrfjalla frá þessum stað.



Mynd 10.2.6. Fremsti-Rjúkandi, horft í vesturátt (heimild: www.ja.is).

59. Þá er einnig töluvert stoppað við vatnsföllin **Garðá í Jökuldal og Sauða** sem eru skammt austan Ysta-Rjúkandi. Engin aðstaða er til áningar neðan n svo gestir leggja bílum sínum á vegi eða vegkanti neðan þeirra.



Myndir 10.2.7. Garðá í Jökuldal.



Mynd 10.2.8. Ræsi neðan Garðár þar sem ferðamenn stoppa m.a. til að mynda vatnsfallið.



Mynd 10.2.9. Sauðá í Jökuldal.



Mynd 10.2.10. Þjóðvegurinn við Sauðá.

1-t5 Upphéraðsvegur (931-09) – Litla Sandfell

60. Við **Gilsá á Völlum í Skriðdal** er mikið stoppað til myndatöku enda landslagið fjölbreytt með Sandfellsskógi, gili og vatnsfalli sem fellur fram um það. Þá er gott útsýni yfir eldri brú á Gilsá sem stendur neðan núverandi brúar. Neðar í ánni er Grímsárvirkjun. Algengt er að ferðafólk leggi bílum sínum sunnan núverandi brúar, sem er einbreið, og gangi út á brúna til myndatöku.



Mynd 10.2.11. Brúin yfir Gilsá hjá Völlum



Mynd 10.2.12. Gamla brúin aðeins neðar í farveginum.

1-t7 Skriðdalsvegur (937) – Axarvegur (939-01)

61. Við **norður- og suðurenda Skriðuvatns** er mikið stoppað, sem og meðfram því. Útsýni er yfir vatnið og fjölbreytilegt landslagið í kring. Hægt að komast niður að vatninu. Lyngmóar, kjarr og votlendi er við sunnanvert vatnið og Vatnsskógar ofan vegar að austanverðu. Þá eykur ós Axarár með hólum og fuglalífi enn á fjölbreytileika svæðisins.

Hringvegurinn liggur fast meðfram austanverðu vatninu og þar eru nokkrar litlar eyrar sem vinsælt er að stoppa við til myndatöku.



Mynd 10.2.13. Mynd tekin skammt sunnan við Skriðuvatn.

10.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegar sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Fellabæ eru **6 staðir skráðir (56-61)** sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku, sjá töflu 10.3.1.

Tafla 10.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Fellabæ.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 10.1.1.	Staðsetning
1	s2	56	Í Vegaskarði
1	s4	57	Langidalur við Langadalsá
1	s7	58	Fremsti-Rjúkandi
1	s7	59	Garða og Sauða í Jökuldal
1	t5	60	Gilsá hjá Völlum
1	t7	61	Skríðuvatn

Á svæðinu eru 16 staðir skráðir í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunarstaðir, sjá töflu 10.3.2. Þeir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 10.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	s2	Víðidalur (Háreksstaðaleið)	Útskot	Útskot
1	s3	Jökulkinn	Útskot	Útskot
1	s3	Við Möðrudalsveg	Útskot	Upplýsingastaður
1	s4	Langidalur	Útskot	Útskot
1	s5	Lindasel (Háreksstaðaleið)	útskot	Útskot
1	s5	Við Norðausturveg	Áningarstaður	Upplýsingastaður
1	s5	Möðrudalsleið	Útskot	Upplýsingastaður
1	s7	Ysti-Rjúkandi	Útskot	Áhugaverður staður
1	s8	Hvanná	Útskot	Útskot
1	s8	Vikalækur í Jökuldal	Útskot	Útskot
1	s9	Hauksstaðahóll	Útskot	Útskot
1	t1	Jökulsá á Dal	Áningarstaður	Áningarstaður
1	t1	Skóghlíð	Vigtunarstaður	Útskot
1	t4	Egilsstaðakollur	Vigtunarstaður	Útskot
1	t6	Jóka	Útskot	Upplýsingastaður
1	t7	Haugar	Útskot	Útskot

Auk skilgreindra staða í töflu 10.3.2. eru allar tengingar á Hringveginum og önnur svæði utan hans, sem hægt er að stoppa á nýtt til áningar og myndatöku.

Má þar t.d. nefna tengingu niður að Víðidal og námu sem er fast vestan Vegaskarðs, frágengin að hluta. Útsýni frá námunni er gott yfir Víðidalinn og Víðidalsfjöll, auk þess sem fjalladrotningin blasir við í suðri upp úr auðninni. Ferðapjónustuaðili með hópferðabíla segir mikla ásókn í áningu á þessum stað.



Mynd 10.2.1. Frágengin náma vestan Vegaskarðs. Vinsæll stoppistaður ferðafólks. Útsýni þaðan að Herðubreið er gott.

Það sama gildir um skilgreint útskot Vegagerðarinnar í Jökulkinn. Útskotið er í raun rúmgóður malarpúði/bílastæði og beggja vegna tengingar að honum er merki um áningarstað. Útsýni frá honum er verulega tilkomumikið og víðsýnt inn á hálendi Íslands, norður eftir Víðidalsfjallgarði og austur að Svartfelli. Hægt væri að breyta staðnum í góðan áningarstað ef yfirborð yrði bundið og komið fyrir aðstöðu til áningar.

Í Langadal er það **Langadalsá (57)** sem er myndefnið og þar er þegar eitt útskot.

Í **Jökuldal (58 og 59)** þarf að bæta aðstöðu til áningar þar sem fossar dalsins hafa mikið aðdráttarafl. **Við Fremsta Rjúkandi (58)** er mikið stoppað enda blasir fossinn við þeim vegfarendur sem eru á *vesturleið*. Varhugavert er að stoppa við hann þar sem Hringvegurinn á svæðinu er mjór og vegsýn í austurátt skert. **Við Garðá og Sauðá (59)** er ekki nokkur aðstaða til áningar.

Trúlega er þó mest aðkallandi að gera bragarbót á svæðinu við **Skriðuvatn í Skriðdal (61)**, með tilliti til áningarstaða, enda myndastopp ferðafólks á vegi eða vegkanti mest áberandi á því svæði, beggja vegna vatnsins og meðfram því að austanverðu. Skriðuvatn, ásamt Þingmúla, Haugahólum og Vatnaskógum, svæði nr. 619 á náttúruverndarskrá, m.a. vegna lífríkis og gróðursældar.



Mynd 10.2.2. Horft í suður frá skilgreindu útskoti í Jökulkinn. Hringvegurinn liggur eftir miðri mynd. Útsýni frá staðnum er stórfenglegt.

11. Umdæmi Vegagerðarinnar á Reyðarfirði

11.1. Formáli

Eftirfarandi upplýsingar um myndastoppistaði ferðafólks á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvar svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði, eru fengnar frá Ara B. Guðmundssyni yfirverkstjóra þjónustustöðvarinnar.

Þjónustustöð svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði sér um rekstur og þjónustu á rúmlega 47 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæðið frá vegamótum Hringvegar (1-t8) og Axarvegar (939) efst í Skriðdal að Skrúðskambi fyrir mynni Breiðdalsvíkur að sunnanverðu (1-u2).


Vegkaflar Hringvegarins í umdæmi Vegagerðarinnar á Reyðarfirði má sjá í töflu 11.1.1.

Tafla 11.1.1. Vegkaflar Hringvegarins sem eru í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr	Knr	Heiti endapunkts	Lengd	Vlengd	Vfl	VTeg	Heiti sveitarfélags
1	t8	Hringvegur	Axarvegur (939-01)	Sel	12,11	S	Fliótsdalshreppur
1	t9	Hringvegur	Sel	Innri-Kleifarvegur (9622-01)	11,43	S	Breiðdalshreppur
1	u0	Hringvegur	Innri-Kleifarvegur (9622-01)	Suðurfjarðavegur (96-11)	13,84	S	Breiðdalshreppur
1	u1	Hringvegur	Suðurfjarðavegur (96-11)	Skrúðskambur	9,72	S	Breiðdalshreppur

Á teikningu 11.1.1. eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum, innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Reyðarfirði, þar sem starfsmenn stöðvarinnar verða ítrekað varir við stopp ferðafólks á vegi eða í vegkanti. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku, rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis þjónustustöðvarinnar á Reyðarfirði.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði er að finna í kafla 11.2. Þar eru þeir skráðir í sömu röð og vegkaflar Hringvegarins á umræddu svæði.



Teikning 11.1.1. Rauður tölusettur hringur nr. 62 vísar á þann stað á Hringveginum sem ferðafólk stoppar gjarnan á til myndatöku.

11.2. Niðurstöður

1-t8 Axarvegur (939-01) - Sel

62. Í Þröng á Breiðdalsheiði, í nágrenni við Heiðarvatn, er töluvert um að ferðafólk stoppi til myndatöku. Útsýni út Breiðdalinn er myndrænt þar sem Breiðdalsá liðast um dalsbotninn, umlukinn fögrum fjallahring.



Mynd 11.2.1. Breiðdalur. (ljósmynd: www.googleart.com)

11.3. Umræður

Á þeim hluta Hringveggar sem er í umsjón þjónustustöðvar svæðismiðstöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði er 1 staður skráður sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku, sjá töflu 11.3.1.

Tafla 11.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Reyðarfirði.

Vegur	Vegkafli	Skráningarnúmer á teikningu 11.1.	Staðsetning
1	t8	62	Við Þröng á Breiðdalsheiði

Á svæðinu eru 4 staðir skráðir í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot eða vigtunarstaðir, sjá töflu 9.3.2.

Tafla 11.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	t9	Vestari Innri-Kleifar	Áningarstaður	Áningarstaður
1	u0	Austari Innri-Kleifar	Útskot	Útskot
1	u1	Meleyri	Vigtunarstaður	Útskot
1	u1	Kleifar	Útskot	Útskot

Ekki er mikið um myndastopp á Hringvegi á umræddu svæði. Það er einna helst uppi á **Breiðdalsheiði (62)** sem gestir stöðva á vegi eða vegkanti þegar útsýni út Breiðdalinn opnast.

Þar er engin aðstaða til áningar og varhugavert að stoppa, þar sem vegurinn er mjór malarvegur með bröttum vegfláum. Þá eru á honum 2 hárnálabeygjur þar sem hann liggur niður Fosshjalla og ofan í Breiðdalinn.

Ofangreindir staðir í töflu 11.3.2. eru þó allir vel nýttir til áningar og myndatöku eins og sjá má á mynd 11.3.2. sem er tekin af www.ja.is af vigtunarstaðnum við Meleyri. Frá honum sést vel vestur Breiðdalinn og austur yfir sandinn og fjöruna við Breiðdalsvíkina.



Mynd 11.3.1. Hringvegurinn um Breiðdalsheiði er óbundinn (ljósmynd: www.googleearth.com)



Mynd 11.3.2. Vigtunarstaðurinn við Meleyri. Sjá má gesti á staðnum vera að taka myndir inn Breiðdalinn (ljósmynd: www.ja.is).

Við Kleifa í sunnanverðri Breiðdalsvík er lítið útskot (mynd 11.3.3.) sem er mikið nýtt til áningar. Útskotið er ómerkt og fast við leiðara sem er þar í vinstri vegöxl. Gott útsýni er inn og út fjörðinn og yfir að Breiðdalsvík. Þá eru hólmar og eyjar úti fyrir ströndinni sem gestum á svæðinu þykja áhugaverð. Þetta útskot þyrfti að stækka og merkja betur.



Mynd 11.3.3. Útskot við Kleifa í sunnanverðri Breiðdalsvík (ljósmynd: www.ja.is).

Þá er áningarstaðurinn við Vestari Innri-Kleifa (mynd 11.3.4) einnig nýttur, en hann er vart meira en útskot, þrátt fyrir að á honum séu borð og bekkur. Við hann er hægt að komast niður að Breiðdalsá sem er vinsælt meðal ferðafólks. Báðir þessir staðir, þ.e. við Kleifa og vestari Innri-Kleifa eru það ásóttir af ferðafólki að ástæða er til að gera á þeim endurbætur.



Mynd 11.3.4. Áningarstaður við vestari Innri-Kleifa (ljósmynd: www.ja.is).

12. Umdæmi Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði

12.1. Formáli

Dagana 27. – 28. september 2016 var farið með Reyni Gunnarssyni, yfirverkstjóra þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði, um þann hluta Hringvegarins sem þjónustustöðin hefur umsjón með og þeir staðir skráðir sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði sér um rekstur og þjónustu á tæplega 306 km af Hringvegi landsins og nær þjónustusvæðið að austanverðu frá afleggjara að Streitisvita í mynni Breiðdalsvíkur (1-u2), að sýslusteini sýslumarka Austur- og Vestur Skaftafellssýslna á Skeiðarásandi að vestanverðu (1-y2).

Þeir vegkaflar Hringvegarins sem þjónustustöðin hefur umsjón með, er að finna í töflu 12.1.1.


Tafla 12.1.1. Vegkaflar Hringvegarins í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði. Upplýsingar eru fengnar úr veggagnabanka Vegagerðarinnar.

Vnr	Knr	Heiti endapunts	Lengd	Vlengd	Vfl	Heiti sveitarfélags
1	u2	Skrúðskambur	Fossgerði	10,82	S	Djúpavogshreppur
1	u3	Fossgerði	Gautavíkurvegur (9657-01)	9,38	S	Djúpavogshreppur
1	u4	Gautavíkurvegur (9657-01)	Axarvegur (939-02)	12,19	S	Djúpavogshreppur
1	u5	Axarvegur (939-02)	Urðarteigsvegur (9671-01)	12,85	S	Djúpavogshreppur
1	u6	Urðarteigsvegur (9671-01)	Djúpavogsvegur (98-01)	7,95	S	Djúpavogshreppur
1	u7	Djúpavogsvegur (98-01)	Hamar	10,21	S	Djúpavogshreppur
1	u8	Hamar	Melrakkanes	7,97	S	Djúpavogshreppur
1	u9	Melrakkanes	Hofsvegur (9692-01)	12,96	S	Djúpavogshreppur
1	v0	Hofsvegur (9692-01)	Þvottárvegur (9699-01)	7,65	S	Djúpavogshreppur
1	v1	Þvottárvegur (9699-01)	Krossanes, sýslusteinn	7,58	S	Djúpavogshreppur
1	v2	Krossanes, sýslusteinn	Össurá (skilti)	13,24	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v3	Össurá (skilti)	Brekkuvegur (9712-01)	11,23	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v4	Brekkuvegur (9712-01)	Þorgeirsstaðavegur (9717-01)	10,22	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v5	Þorgeirsstaðavegur (9717-01)	Hornsvegur	9,96	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v6	Hornsvegur	Hafnarvegur (99-01)	6,67	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v7	Hafnarvegur (99-01)	Nesjaborp, Meðalfellsvegur (9765-01)	3,27	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v8	Nesjaborp, Meðalfellsvegur (9765-01)	Hoffellsvegur (984-01)	8,58	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	v9	Hoffellsvegur (984-01)	Hólmsvegur (9822-01)	15,29	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x0	Hólmsvegur (9822-01)	Smyrlabjargavegur (9832-01)	14,38	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x1	Smyrlabjargavegur (9832-01)	Kálfafellsstaður	10,46	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x2	Kálfafellsstaður	Reynivallavegur (9857-01)	11,17	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x3	Reynivallavegur (9857-01)	Jökulsá (ankeri)	11,75	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x4	Jökulsá (ankeri)	Fjallsá	10,77	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x5	Fjallsá	Kvíá	8,36	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x6	Kvíá	Mýri (bær)	12,32	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x7	Mýri (bær)	Kotá	9,11	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x8	Kotá	Svínafellsvegur (9797-01)	8,75	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	x9	Svínafellsvegur (9797-01)	Skaftafellsvegur (998-01)	4,99	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	y0	Skaftafellsvegur (998-01)	Sæluhúsavatn	10,22	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	y1	Sæluhúsavatn	Gígja	13,97	S	Sveitarfélagið Hornafjörður
1	y2	Gígja	Sýslumörk, sýslusteinn	1,46	S	Sveitarfélagið Hornafjörður


Á teikningu 12.1.1. -12.1.3 eru merktir inn þeir staðir á Hringveginum sem starfsmenn þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði verða varir við ítrekuð stopp ferðafólks á vegi eða vegkanti til myndatöku. Þessir staðir eru merktir með rauðum tölusettum hringjum frá 63 -102 en rauð breið lína sýnir Hringveginn innan umdæmis Vegagerðarinnar í Höfn í Hornafirði.



Teikning 12.1.1. Yfirlitsteikning af skráðum myndastoppistöðum ferðafólks innan umdæmis Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á þá staði Hringvegarins sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku.



Teikning 12.1.2. Rauðu tölusettu hringirnir vísa á skráða staði nr. 63-91 á Hringveginum, innan þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði, sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku.



Teikning 12.1.3. Rauðu töluseitu hringirnir vísa á skráða staði nr. 92-102 á Hringveginum, innan þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði, sem ferðafólk stoppar gjarnan á vegi eða vegkanti til myndatöku.

Nánari upplýsingar um skráða myndastoppistaði á teikningu 12.1.1.-12.1.3. er að finna í kafla 12.2. um niðurstöður skráningarinnar.

12.2. Niðurstöður

1-u2 Skrúðskambur Fossgerði

63. Algengt er að ferðafólk stoppi **við afleggjara að Streitisvita** og þar má oft sjá fjölda ferðafólks saman komið. Það sem trúlega fangar athygli fólks á þessum stað er fjölbreytt landslag, auk vitans sem sést vel frá vegi. Hamraveggur er ofan vegar en tjörn og votlendi neðan hans. Þá sést vel yfir Breiðdalsvíkina, að skörðóttum Súlutindum og allt að Kambanesvita.



Mynd 12.2.1. Streitisviti.




Mynd 12.2.2. Súlutindar í norðanverðri Breiðdalsvík

64. Ofan vegar, **við býlið Núp** milli Breiðdalsvíkur og Berufjarðar, er fagur foss sem fellur í stöllum niður hamrasyllur. Umhverfið er myndrænt með hrikalegum fjöllum. Þarna er algengt að sjá ferðamenn stöðva til myndatöku.



Mynd 12.2.3. Hrikaleg fjöll við Núp.



Mynd 12.2.4. Foss ofan við býlið Núp.

65. Skammt norðan við heimreið að býlinu Krossi, austan Krossdals við mynni Berufjarðar, stoppa ferðamenn gjarnan til að mynda **Krossfoss í Krosslæk** sem fellur þar fram af stöllóttum hömrum. Vegkantar á staðnum bera þess greinileg merki að þarna sé stoppað.



Mynd 12.2.5. Krossfoss.



Mynd 12.2.6. Vegkantur á Hringvegi neðan Krossfoss.

1-u5 Axarvegur (939-02) – Urðarteigsvegur (9671-01)

66. Í sunnanverðum Berufirði, **skammt utan við Hvítá** (ca. milli stöðva 11000-11500) má oft sjá bíla á vegi eða vegkanti og ferðamenn vera að ljósmynda kvíar fiskeldis sem þarna er. Vegkantar á svæðinu er víða brotnir eða útflattir vegna þessa. Útsýni inn, út og yfir fjörðinn er fagurt.



Mynd 12.2.7. Fiskeldiskvíar í Berufirði.



Mynd 12.2.8. Dæmigerðir vegkantar á Hringvegi á þessu svæði.

1-u6 Urðarteigsvegur (9671-01) – Djúpavogsvegur (98-01)

67. Mikið er sótt í **víkurnar austan Teigarhorns** og á þessu svæði er algengt að sjá bíla í vegkanti eða á vegi. Útsýni er mjög gott og sést vel inn Berufjörð. Búlandstindur blasir við og fjallgarðurinn allur í norðanverðum Berufirði. Vegkantar á þessum kafla eru víða brotnir eða vegaxlir útflattar vegna átroðnings. Þá er miðlínan heil á öllum kaflanum enda vegsýn víða takmörkuð. Síðast þegar vegkantar kaflans voru lagfærðir lét yfirverkstjóri Vegagerðarinnar á Höfn útbúa lítið útskot í vegkanti svo ökumenn gætu í það minnsta lagt bílum utan vegar. Útskotið er ekki hannað samkvæmt staðli, né merkt, en mikið nýtt af ferðafólki til áningar.



Mynd 12.2.9. Búlandstindur blasir við frá umræddum stað.



Mynd 12.2.10. Blindhæð skammt austan staðarins.

1-u8 Hamar - Melrakknes

68. Á öllum kaflanum í **sunnanverðum Hamarfirði** er vinsælt að stoppa. Hæðar- og planlegu vegarins á kaflanum er verulega ábótavant og blindhæðir eru víða. Þá er miðlína vegarins heil á lengstum hluta hans. Vegkantar eru víða brotnir og vegaxlir útflattar vegna átroðnings. Á nokkrum stöðum er hægt að aka út af vegi og nýtir ferðafólk sér það óspart. Aðrir staðir, m.a. þar sem Vegagerðin hefur sett malarhlöss í vegkant, eru einnig nýttir til áningar. Aðráttarafið á þessum vegkafla er Rauðaskriða, sem er handan fjarðarins, og hrikalegur fjallahringur.

Þá er mikið sótt í fjöruna milli Þakeyrartanga og Krossaness.



Mynd 12.2.11. Ferðamenn í Hamarsfirði. Bílum lagt á malapúða sem þar er.



Mynd 12.2.12. Víða í Hamarsfirði eru vegsýn skert.



Mynd 12.2.13. Útflattar vegaxlir og brotnir vegkantar er algeng sjón á þessum kafla.

69. Við mynni Hamarsfjarðar, tæplega 1 km norðan við Melrakkanes, er staður þar sem mjög algengt er að ferðafólk stoppi til myndatöku og dvelji jafnvel yfir nótt. Staðurinn er vafasamur m.t.t. umferðaöryggis þar sem miðlína vegarins er heil vegna stuttrar vegsýnar.


Myndefni á staðnum er fjölbreytt; Ofan vegar eru óvenjulegar klettamyndanir og neðan vegar eru sjávarfitjar. Búlandstindur blasir við auk fallegrar fjallasýnar. Þá er auðvelt aðgengi að fjöru og útsýni yfir til Djúpavogs. Út við fjörðinn eru klettastapar.



Mynd 12.2.14. Hér er algengt að sjá ferðamenn stoppa til myndatöku.



Myndir 12.2.15. Klettamyndanir ofan vegar.




Mynd 12.2.16. Tilkomumikil fjallasýn.

1-v0 Hofsvegur (9692-01) – Þvottárvegur (9699-01)


70. Við Þangbrandsbryggju í Álftafirði er vinsælt að stoppa, trúlega vegna myndræns og fjölbreytilegs landslags auk þess sem fjara og sjávarfitjar eru skammt frá veginum.

Núverandi vegur liggur um flatlendi en beggja vegna hans er votlendi sem er fagurt yfir sumartímann þegar fífan er í blóma. Innan við votlendið, ofan vegar, eru hamrabelti auk þess sem fjallahringur

Álftafjarðar blasir við ásamt eyjum, skerjum og sandrifi úti í firðinum. Hægt er að aka út af veginum við klettasnös sem þarna er og nýtir ferðafólk sér það mikið.



Mynd 12.2.17. Umræddur staður í botni Álftafjarðar.



Mynd 12.2.18. Umhverfi ofan vegar.

1-v2 Krossanes, sýslusteinn – Össurá (skilti)

71. Sunnan Krossaneslækjar, **skammt sunnan Hvalnesskriða**, er mikið stoppað til myndatöku. Útsýni er fagurt til suðurs yfir Hlíðarsand og Eystrahorn. Vegkantar á kaflanum bera þess víða merki að á þeim sé ekið og bílum lagt.



Mynd 12.2.19. Umræddur stoppstaður.



Mynd 12.2.20. Horft yfir Hlíðarsand frá umræddum stað.

72. Á **Hlíðarsandsandi** er mjög vinsælt að stoppa til myndatöku og algengt að fólk aki út í svartan sandinn til að komast niður að sjó, en festi sig á leiðinni í gljúpum sandinum. Má sjá för eftir bílar út um allan sandinn. Þjörgunarsveitir á svæðinu hafa í nógu að snúast við að losa bíla ferðamanna úr sandinum. Búið er að merkja svæðið með merkinu *Allur akstur vélknúinna ökutækja bannaður*, en það dugar skammt.

Aðdráttarafi svæðisins er trúlega svartur sandur, skriðurunnin fjöll og sjávarsýn. Miklar andstæður eru í litum þar sem fagurgrænn gróður er að skríða upp svartar hlíðarnar. Þá blasir Hvalnes við í suðri.

Á þessum stað geta veður verið válynd og ógnað öryggi þeirra sem leið eiga um svæðið.



Mynd 12.2.21. Horft suður að Eystrahorni frá Hlíðarsandi.



Mynd 12.2.22. Vegkantur á Hlíðarsandi.

73. Skammt **sunnan Hvaldalsár** er algengt að ferðamenn stoppi, séu þeir á norðurleið. Á þessum stað sést inn Hvaldal auk þess sem gott útsýni er yfir ós Hvaldalsár, Hvasshjalla, Hlíðarsand, og Hvalnesskriður. Þá sést til Papeyjar og í fjarska Súlutinda við Breiðdalsvík.




Mynd 12.2.23. Horft í norður yfir Hlíðarsand og í átt að Hvalnesskriðum

74. Á austanverðu Hvalnesi, **gegn Tófuhorni**, liggur gamall vegslóði niður að sjó. Við þennan vegslóða er algengt að ferðamenn stoppi til myndatöku eða aki jafnvel inn á hann. Strandlínan á Austfjörðum er vinælt myndefni ferðafólks enda víða stórbrotin. Þá eru Tófuhorn og Eystrahorn ofan vegar auk þess sem Hvasshjalli og Hvalnesskriður blasa við. Vegkantar á svæðinu hafa nýlega verið lagfærðir enda voru þeir orðnir illa farnir. Þá hefur mól einnig verið bætt á vegkantinn sem liggur að vegslóðanum.



Mynd 12.2.24. Umræddur staður



Mynd 12.2.25. Tófuhorn og Eystrahorn.

75. Þrátt fyrir að **Hvalnesviti** liggja ekki á Hringveginum er full ástæða til að taka þann stað með í þessari umfjöllun þar sem staðurinn er fjölsóttur og mikil umferð að honum, bæði umferð fólksbíla og rútbíla.

Hvalnesvitavegur (1-v21) er um 400 m langur og mjór malarslóði sem liggur út frá Hringvegi þar sem hann er í nokkuð kröppum og blindum boga. Þá eru vegamótin sjálf slæm, m.a. mjó og bratt er niður af Hringvegi á Hvalnesvitaveg.

Þarna skapast oft hættulegar aðstæður þegar umferð ferðafólks um svæðið er mikil.

Staðurinn er ekki skilgreindur sem ferðamannastaður og engin þjónusta er á svæðinu. Útsýni frá Hvalnesvita er aftur á móti stórbrotið. Í norðri sjást Berufjarðarfjöll og Streitisfjöll milli Berufjarðar og Breiðdalsvíkur. Í suðri blasir við fjallahringurinn að Stokksnesi, með Eystrahorni, Lónsfirði, Jökulsáraurum og Papafirði, auk sandrifs og fjölbreytilegs fuglalífs.



12.2.26. Hvalnesviti



Mynd 12.2.27. Horft í suðurátt frá Hvalnesvita.



Mynd 12.2.28. Horft í norður frá Hvalnesvita.

76. Rúmlega 400 m vestan tengingar að Hvalnesvita er önnur tenging sem liggur út frá Hringvegi að **Fjörum, sandrifi** sem liggur yfir Lónsfjörð. Þó hér sé ekki heldur um að ræða myndastopp á þjóðveginum er þessi staður tekinn með vegna þess hve fjölsóttur hann er og umferð oft mikil við hann, bæði umferð fólks- og rútbíla.

Útsýnið er myndrænt með tilkomumiklum fjallahring, svörtum sandi og fjölskrúðugu fuglalífi. Þá er vinsælt að ganga að Hvalneskrók og ofan í fjöruna í Lónsfirði.



Mynd 12.2.29. Fjörur. Tófuhorn og Eystrahorn. Svæðið ber merki mikils ágangs.



Mynd 12.2.30. Ferðamenn sem höfðu fest sig í sandinum. Ætluðu að aka út á sandrifið. Þau voru björguninni fegin og gáfu Íslandi sín bestu meðmæli.

77. Skammt austan Víkur 1 í Lónsfirði, eða í um 0,8 km fjarlægð, er mikið stoppað. Fjaran við Lónsfjörð er stutt frá vegi og tenging liggur út af Hringveginum í átt að henni. Miðlína er heil á þessum stað vegna stuttrar vegsýnar. Algengt er að sjá ferðafólk stoppa á veginum eða aka út af honum og jafnvel gista yfir nótt.

Fjallhringurinn er fagur og Vestrahorn blasir við. Ofan vegar eru sérstæðar klettamyndanir og skriðurunnar hlíðar neðan þeirra. Þá er fuglalíf á Lónsfirðinum afar ríkulegt. Farið er að sjá verulega á svæðinu vegna ágangs.



Mynd 12.2.31. Umrædd tenging á Hringvegi við Vík 1.



Mynd 12.2.32. Sérstæðar klettamyndanir ofan vegar.



Mynd 12.2.33. Fuglalíf við umræddan stað í lok september 2016.

1-V3 Össurá (skilti) – Brekkuvegur (9712-01)

78. Á þessum kafla, undir Svínhólafjalli er algengt að hestar séu innan girðingar neðan vegar. Þá er útsýni, yfir Lónsfjörð og fjallahringinn umhverfis hann, fagurt með hamrabeltum og skriðurunnum hlíðum.



Mynd 12.2.24. Umræddur staður, horft í átt að Hvalnesi.



Mynd 12.2.25. Algengt er að sjá hesta innan girðingar á þessum stað.

79. Við Skiphóla, skammt austan Reyðarár í Lóni, er mikið stoppað til myndatöku. Miðlína er heil á kaflanum enda einkennist vegurinn af af beygjum og blindhæðum þar sem hann liggur um og í gegnum klettabelti með votlendislænum inn á milli. Útsýni er myndrænt með fögrum fjallahring og fjölbreyttri náttúru. Vel sést að Vestrahorni.

Kantar vegarins á þessum stað eru víða útflettir vegna átroðnings. Ferðafólk leggur bílum sínum á blindhæð og gengur upp á klettana til myndatöku.



Mynd 12.2.26. Umræddur kafli og sjá má að vegkantur á hæðinni framundan er útflettur.

80. Skammt sunnan við brú yfir Karlsá er mikið stoppað til myndatöku enda umhverfið yfir aura Karlsár afar myndrænt. Fjallahringur er stórbrotinn, sandauðn neðan vegar og trjálundir ofan vegar. Þá er lúpinubreiða á kafla næst veginum og í blóma er vinsælt að mynda hana.



Mynd 12.2.27. Sunnan brúar á Karlsá (ljósmynd: www.googleearth.com)

1 – v4 Brekkuvegur (9712-01) – Þorgeirsstaðavegur (9719-01)

81. Þegar ekið er suður Hringveg, framhjá Stafafelli í Lóni, opnast **útsýni inn Lónsöræfi**. Útsýnið er fagurt með fjölbreytilegri litadýrð og náttúru. Fjallahringur með Vestrahorni, Jökulsáraurum og Dímu á sandinum, líparíti í fjöllum og mólendi með trjágróðri í sumarhúshverfi undir Stafafellsfjöllum.

Á þessum kafla er enginn áningarstaður og er alls staðar stoppað eins og vegkantar bera með sér. Kröpp beygja er við nyrðri brúarenda Jökulsár og fast við hana er tenging inn á Grænuhlíðarveg (9713) sem liggur að sumarhúshverfinu. Ökumenn stoppa bíla sínar mikið þar, sem og annarsstaðar á þessu svæði.



Mynd 12.2.28. Dæmigerður vegkantur á kaflanum.



Mynd 12.2.29. Mynd tekin af Grænuhlíðarvegi.



Mynd 12.2.30. Fjölbreytileiki náttúrunnar er mikill á þessu svæði. Díma stendur upp úr jökulaurunum.

82. Á kaflanum **beggja vegna Kollamúlavegar (980-01)**, sunnan brúar yfir Jökulsá í Lóni, er algengt að sjá ferðamenn á vegi eða vegkanti að mynda. Víðsýnt er á svæðinu og fjallahringurinn fagur. Vestrahorn sést í suðri og Hvalnes í norðri auk þess sem sést inn eftir Jökulsáraurum.




Mynd 12.2.31. Horft til suðurs að Vestrahorni. Kollamúlavegur liggur til hægri út frá Hringvegi.

1 – v5 Þorgeirsstaðavegur (9719-01) - Hornsvegur

83. Sunnan Þorgeirsstaða, á Hringveginum ofan við Þorgeirsstaðaklif, er oft margt um manninn. Eigandi Þorgeirsstaða kom fyrir rauðum stól uppi á kletti á þessu svæði og hefur verið vinsælt að taka myndir með umhverfi svæðisins í bakgrunni. Fjallasýn er fögur með Vestrahorni til suðurs. Votlendi, sjávarfitjar og fallegar klettamyndanir eru allt um kring auk þess sem Papafjörður og sandrif í mynni hans auka enn frekar á fjölbreytileika svæðisins.



Myndir 12.2.32. Á umræddum stað sunnan Þorgeirsstaða.



Mynd 12.2.33. Vegkantur á umræddum stað.

1-v8 Nesjaborp, Meðalfellsvegur (9765-01) – Hoffellsvegur (984-01)

84. Við Þveit er mikið stoppað. Útsýni er myndrænt með vatni, og votlendi umhverfis það, og jöklasýn handan þess. Á góðviðrisdögum er mikil speglun í vatninu sem eykur enn frekar á fegurð útsýnisins. Miðlína vegarins á þessum stað er heil.



Mynd 12.2.34. Horft yfir Þveit í átt að Viðborðsfjalli.



Mynd 12.2.35. Víða er farin að myndast lítil útskot vegna átroðnings.

85. Skammt norðar á sama vegkafla, við Lindarbakka, er einnig mikið stoppað. Fjalla- og jöklasýn er fögur, m.a. sést að Fláajökli, Svínafellsjökli og Hoffellssjökli. Þá eru klettamyndanir í fjöllum ofan Lindabakka sem fanga athygli ferðafólks á staðnum.



Mynd 12.2.36. Klettur við Lindarbakka.

86. Utan við Krossbæ er vinsælt að stoppa enda landslag myndrænt með fjölbreytilegum gróðurlendum, jökla- og fjallasýn, og Krossbæjarhrauni. Þá er mikið fuglalíf á svæðinu og mosavaxnir klettastallar ofan vegar sem auka enn á fjölbreytileika útsýnisins.



Mynd 12.2.37. Útsýni frá vegi utan við Krossbæ.



Mynd 12.2.38. Lágrestir klettastallar í landinu.

1-v9 Hoffellsvegur (984-01) – Hólmsvegur (9822-01)

87. Vegkaflinn allur, frá Hoffellsá og vestur fyrir Hornafjarðarfljót að eyðibýlinu Viðborðsseli, er undir í samfelldu myndastoppi ferðamanna.

Útsýni er sérlega myndrænt með jökla- og fjallasýn ofan vegar og flatlendi út að sjó neðan vegar. Næst vegi er votlendi með tjörnum og algengt að sjá álftrir á tjörnunum auk annarra fuglategunda. Yfir sumartímann þegar fuglar eru enn með unga er ástandið á vegkaflanum sérlega varhugavert vegna ágangs ferðafólks og eru vegkantar víða útflattir vegna þess, eins og sjá má á meðfylgandi myndum. Einnig er mikið stoppað á brúnni yfir Hornafjarðarfljót og við enda hennar beggja vegna. Mikil speglun er í vatninu sem ýtir enn frekar undir áhuga ferðafólks á svæðinu.

Þá er eyðibýlið Viðborð I, sem stendur neðan vegar vestan Hornafjarðarfljóts, mikið myndað.



Mynd 12.2.39. Vegkantar á „Fljótavegi“. Viðborðsfjall blasir við.



Mynd 12.2.40. Jöklasýn, fjallasýn og votlendi ofan vegar.



Mynd 12.2.41. Ferðamenn í vegkanti að taka myndir af álftafjölskyldu á tjörn neðan vegar.



Mynd 12.2.42. Vegkantar vestan Hornafjarðarflióts. Varhugaverður staður vegna ræsis.

88. Undir Viðborðsfjalli, á vegkaflanum milli eyðibýlanna Viðborðs I og Viðborðssels, er einnig víða stoppað eins og kantar vegarins bera merki. Á þessum vegkafla eru falleg og myndræn hamrabelti beggja vegna vegarins, gróin mosa og fléttum. Milli þeirra eru mýrardrög með votlendi og fuglalífi. Neðan vegar er víðáttumikið votlendi og sjá má yfir allt flatlendið, út að ós Hornafjarðarflióts.



Mynd 12.2.43. Hamrabelti neðan Viðborðsfjalls



Mynd 12.2.44. Vegkantar útflettir og miðlína heil vegna skertrar vegsýnar.

89. Við **eyðibýlið Viðborðssel** er mikið stoppað. Landslagið er myndrænt með rústum eyðibýlisins og fjallahring að baki þeirra. Þá er algengt að hestar séu innan girðingar. Fláajökull blasir við ofan vegar, auk Heinebergs- og Skálafellsjökuls, og víðáttumikið votlendi er neðan vegar. Vel sést niður að ós Hornafjarðarflióts. Sjá má áhrif myndastoppa ferðafólks á útfloftum vegköntum á svæðinu.



Mynd 12.2.45. Eyðibýlið Viðborðssel.



Mynd 12.2.46. Vegkantar svo útflettir að tvisvar sinnum, sumarið 2016, voru malarhlöss sett í kantinn til að sporna gegn því að hann brotnaði niður.

90. Skammt vestan við Djúpa á Mýrum, er **Baulutjörn**. Tjörnin er beint undir Fláajökli og vel sést til Skálafellsjökuls og Örfafjökuls. Hér er mikið stoppað til myndatöku. Fuglalíf er ríkulegt auk gróðurs á tjörninni og votlendinu umhverfis hana. Þegar fífan er í blóma er mikið sjónarspil að sjá jökla og fjöll speglast í tjörninni og fífu allt um kring.

Staðurinn er verulega varhugaverður og er heil lína á honum öllum. Einbreið brú yfir Djúpa er fast austan tjarnarinnar og blindhæð vestan hennar.



Mynd 12.2.47. Fagurt umhverfi Baulutjarnar.



Mynd 12.2.48. Miðlína er heil og jafnvel kantlínur einnig. Blindhæð er framundan og sjá má af vinstri akgrein að einbreið brú er framundan.

1-x0 Hólmsvegur (9822-01) – Smyrlabjargavegur (9831-01)

91. Skammt austan við Kolgrímu, í fyrrum farvegi Heinabergsvatna, er mikið stoppað. Myndrænt stallalandslag er ofan vegar og hamrar Skálafellshnútu til vesturs auk nálægðar við Skálafellsjökul. Þá sést yfir að Skálafelli.



Mynd 12.2.49. Horft yfir að Skálafellshnútu.



Mynd 12.2.50. Myndrænt stallalandslag.

1-x1 Smyrlabjargavegur (9832-01) – Kálfafellsstaður

92. Skammt vestan Staðarár í Suðursveit eru tjarnir beggja vegna vegarins. Tjörnin ofan vegar er stærri og nefnist **Fífutjörn**. Þarna er mikið stoppa enda sjónarspil þegar fífan er í blóma. Gamall vegur liggur ofan vegar sem mikið er ekið út á til áningar. Útsýni er myndrænt og Örafajökull sést í vestri. Fuglalíf er ríkulegt auk gróðurs við tjörnina og votlendinu umhverfis hana.



Mynd 12.2.51. Fífutjörn í Suðursveit

1-x3 Reynivallarvegur (9857-01) – Jökulsá (ankeri)

93. Austan við **gamla Stemmufarveginn** er mikið stoppað. Útsýni er fjölbreytt, jökla- og fjallasýn með Örafajökli í vestri, þá Fjallsjökli og Breiðamerkurjökli.

Sérstakt hólalandslag einkennir staðinn sem skapast af jökulurð með tjörnum á milli.



Mynd 12.2.52. Hólar með tjörnum á milli.

94. **Austan Jökulsárlóns** er alls staðar ekið utan vegar og bifreiðum lagt í vegköntum. Um er að ræða einn fjölsóttasta ferðamannastað á landinu og yfir hásumarið skapast oft umferðaröngþveiti á svæðinu. Þá á ferðafólk til að stoppa á einbreiðri brú yfir Jökulsá til myndatöku.



Mynd 12.2.53 Vegfláar í nágrenni Jökulsárlóns



Mynd 12.2.54. Umferðaröngþveiti við einbreiða brú á Jökulsá.



Mynd 12.2.55. Ferðamenn á gangi yfir brú á Jökulsá.

1-x4 Jökulsá (ankeri) - Fjallsá

95. Vestan Jökulsárlóns er einnig mikið stoppað og má oft sjá langar bílalestir sem lagt er í vegkanti. Umhverfisstofnun, í samráði við Vegagerðina, afmarkaði þrjú bílastæði með stuttu millibili ofan vegar með girðingu, auk þess sem þau merktu gönguleiðir á svæðinu. Vegagerðin merkti stæðin með P-merki og gerði færa útafkeyrslu. Þessi minniháttar aðgerð hefur skilað góðum árangri og hefur ástandið á þessum kafla breyst töluvert til batnaðar. Bílastæðin eru aftur á móti allt of lítil og þar sem þau eru ekki með slitlagi þarf ekki nema góða rigningu til að útafkeyrslurnar verði ófærar almennum bílum. Þrátt fyrir bílastæðin má því sjá útraðkaða vegkanta.



Mynd 12.2.56. Bílastæði vestan Jökulsárlóns
Fjallsjökull í bakgrunni.



Mynd 12.2.57. Útafkeyrsla við eitt stæðið.




Mynd 12.2.58. Eitt af þremur bílastæðum
vestan Jökulsárlóns sem Umhverfisstofnun
útbjó í samstarfi við Vegagerðina

96. Á Breiðaráurum er mikið stoppað á vegi eða vegkanti til myndatöku enda stórbrotin jöklasýn og návígi við jöklana mikið. Áætla má að stoppistaðirnir séu um 6-10 talsins. Vegkantar eru víða útflattir vegna átroðnings.



Mynd 12.2.59. Útflattur vegkantur á Breiðaráurum



Mynd 12.2.66. Jöklasýnin er stórbrotin.




Mynd 12.2.61. Myndataka ferðamanns á Breiðaráurum.



Mynd 12.2.62. Algeng sjón á þessum stað.

1-x6 Kvía – Mýri (bær)

97. Gegnt Bleikafjalli og Eyjafjalli, vestan Hólajökuls, er mikið stoppað. Útsýni er fagurt og litir í náttúrunni fjölbreytilegir. Jökultoppur Stígárjökuls trónir efst, neðan hans mosa- og lyngklæddir hamrar með fossi, auk þess sem líparít Bleikafjalls ljær umhverfinu myndrænan blæ. Vegurinn liggur um flata áraura og eru víða tjarnir meðfram vegi. Neðan vegarins blasir við sandrif strandarinnar við Hnappavallaós.



Mynd 12.2.63. Myndrænt útsýni við Bleikafjall (ljósmynd: www.googleearth.com)

1-x7 Mýri (bær) - Kotá

98. Undir **Svartajökli og Öldum**, austan Kotár er algengt að sjá fólk í vegkanti. Mjög víðsýnt er á svæðinu með fögrum fjallahring og jöklasýn. Þá eru litir í náttúrunni fjölbreytilegir. Vegkantar eru víða útflattir vegna átroðnings.



Mynd 12.2.64. Líparit í fjöllum.



Mynd 12.2.65. Algengt að sjá vegkanta á svæðinu útflatta.

1-x8 Kotá – Svínafellsvegur (9797-01)

99. Skammt vestan við Falljökulskvísl, **milli Falljökuls og Virkisjökuls**, er algengt að ferðamenn stoppi. Útsýni er fagurt með fjalla- og jöklasýn. Þá eru litir í náttúrunni fjölbreytilegir með lyng- og skógi vöxnum hlíðum Sandfellsheiðar og Hjalla í austri - og Hnútu í vestri. Vegkantar á þessu svæði eru víða útflattir vegna átroðnings.



Mynd 12.2.66. Falljökull og Virkisjökull. Hlíðar Hjalla og Hnútu skógi- og lyngvaxnar.

1-x9 Svínafellsvegur (9797-01) – Skaftafellsvegur (998-01)

100. Austan Svínafellsár er algengt að sjá ferðafólk í vegkanti. Útsýnishringur er myndrænn með samfelldum birkiskógi í hlíðum Svínafellsfjalls, áreyrum Svínafellsár og sandbreiðu Skeiðarársands. Þá er lúpínubreiða Svínaness, handan Svínafellsár, aðdráttarafli þegar hún er í blóma. Hvítur toppur Hrútsfjalls trónir yfir eins og rjómatoppur.

Vegkantar á þessu svæði eru víða útflattir vegna átroðnings.



Mynd 12.2.67. Grónar hlíðar Svínafellsfjalls.



Mynd 12.2.68. Hvítur toppur Hrútsfjalls sést fyrir miðri mynd.

101. Skammt vestan Freysness, milli Svínafells- og Skaftafellsjökuls er mikið stoppað. Útsýni er fagurt með jöklum beggja vegna birkivaxinnar Skaftafellsheiði. Þá sést vel yfir til Skeiðarárjökuls með Súlutindum vestan hans og ar Skeiðarársands allt um kring. Vegkantar á þessu svæði eru víða útflattir vegna átroðnings.




Mynd 12.2.69. Skaftafellsjökull er lengst til vinstri og Kristínartindar þar ofan við. Þá er Háls fyrir miðri mynd, svo Hrútsfjallstindar þar sem sést í Svínafellsjökul. Lengst til hægri eru Svarthamrar.



Mynd 12.2.70. Vegkantar á umræddu svæði.

1-y0 Skaftafellsvegur (998-01) – Sæluhúsavatn

102. Á Skeiðarársandi þar sem Hvannadalshnjúkur blasir við, er algengt að sjá ferðafólk í vegkanti. Útsýnihringur er myndrænn. Vegkantar á þessu svæði eru víða útflattir vegna átroðnings.



Mynd 12.2.71. Hvannadalshnjúkur fyrir miðri mynd.

12.3. Umræður

Á þeim hluta Hringvegjar sem er í umsjón þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði eru **40 staðir skráðir (63-102)** sem algengt er að sjá ferðafólk stoppa á vegi eða í vegkanti til myndatöku, sjá töflu 12.3.1.

Tafla 12.3.1. Skráðir myndastoppistaðir í umdæmi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar á Höfn.

Vegur	Vegkaflí	Skráningarnúmer á teikningu 12.1.1	Staðsetning
1	u2	63	Streitishvarf
1	u2	64	Við Núp
1	u2	65	Við Krossfoss
1	u5	66	Útan við Hvítá
1	u6	67	Víkur austan Teigarhorns
1	u8	68	Sunnanverður Hamarsfjörður
1	u8	69	Mynni Hamarsfjarðar
1	v0	70	Þangbrandsbryggja
1	v2	71	Sunnan Krossaneslækjar
1	v2	72	Hlíðarsandur
1	v2	73	Sunnan Hvaldalsár
1	v2	74	Austanvert Hvalnes, gengt Tófuhorni
1	v2	75	Við Hvalnesvíta
1	v2	76	Að sandrifi undir Eystrahorni
1	v2	77	Við stöð 9800 austan Víkur 1 í Lónsfirði
1	v3	78	Undir Svínhólaflajalli
1	v3	79	Skipphólar
1	v3	80	Sunnan brúar yfir Karlsá
1	v4	81	Yfir Lónsöræfi
1	v4	82	Beggja vegna Kollamúlavegar
1	v5	83	Þorgeirsstaðaklif
1	v8	84	Við Þveit
1	v8	85	Við Lindarbakka
1	v8	86	Útan við Krossbæ
1	v9	87	Fljótavegur
1	v9	88	Undir Viðborðsfjalli
1	v9	89	Viðborðssel, eyðibýli
1	v9	90	Baulutjörn, undir Fláajökli
1	x0	91	Austan Kolgrímu
1	x1	92	Við Fífutjörn í Suðursveit
1	x3	93	Austan við gamla Stemmufarveginn
1	x3	94	Austan Jökulsárlóns
1	x4	95	Vestan Jökulsárlóns
1	x4	96	Breiðarárur
1	x6	97	Gegnt Bleikafjalli
1	x7	98	Undir Svartajökli og Öldum
1	x8	99	Milli Falljökuls og Virkisjökuls
1	x9	100	Austan Svínafellsár
1	x9	101	Milli Svínafells- og Skaftárjökuls
1	y0	102	Skeiðaársandur í átt að Hvannadalshnjúk.

Á svæðinu er þegar að finna 25 staði sem skráðir eru í áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar, og sem ýmist eru skilgreindir sem áningarstaðir, útskot, opinn skógur og/eða upplýsingastaður, sjá töflu 12.3.2. Þeir staðir eru allir vel nýttir til áningar og myndatöku.

Tafla 12.3.2. Flokkun áningarstaða samkvæmt áningarstaðagrunni Vegagerðarinnar.

Vegur	Vegkafli	Staðsetning	Flokkun	Ferðamannaflokkun
1	u2	Streiti	Útskot	Útskot
1	u5	Fossá	Áningarstaður	Áningarstaður
1	u5	Lindarbrekka	Áningarstaður	Áningarstaður
1	u6	Teigarhorn	Áningarstaður	Áningarstaður
1	u7	Djárnadys Hamarsfirði	Áningarstaður	Áningarstaður
1	u9	Melrakknes	Áningarstaður	Áningarstaður
1	v1	Þvottá	Áningarstaður	Áningarstaður
1	v1	Norðan Þvottárskriða	Áningarstaður	Áningarstaður
1	v2	Hvalnes	Áningarstaður	Áningarstaður
1	v3	Reyðará í Lóni	Áningarstaður	Áningarstaður
1	v6	Hafnarvegur	Útskot	Upplýsingastaður
1	v6	Dynjandi	Áningarstaður	Áningarstaður
1	x0	Eskey	Áningarstaður	Áningarstaður
1	x11	Hestgerði	Áningarstaður	Áningarstaður
1	x2	Hali í Suðursveit	Áningarstaður	Áningarstaður
1	x3	Hrollaugshólar	Áningarstaður	Áningarstaður
1	x41	Fjallsarlón	Áningarstaður	Ferðamannastaður
1	x61	Kvíamýrarkambur	Áningarstaður	Áhugaverður staður
1	x72	Fagurhólsmýri	Opinn skógur	Áhugaverður staður
1	x82	Sandfell	Áningarstaður	Áhugaverður staður
1	x9	Skaftafellsá	Útskot	Útskot
1	x91	Svínafellsjökull	Útskot	Útskot
1	y01	Skeiðarársandur	Áningarstaður	Áningarstaður
1	y11	Háalda	Útskot	Útskot

Auk ofangreindra staða í töflu 12.3.2. er skilgreind vegasjoppa við Jökulsarlón og gisting í Freysnesi undir Örafajökli.

Þeir staðir sem skrásettir eru í töflu 12.3.1. eru misvel afmarkaðir m.t.t. myndastopps ferðamanna. Þ.e. stundum er um að ræða einn afmarkaðann stað sem ferðamenn stoppa við til að mynda, s.s. eins og við **foss við Núp (64)** og við **Krossfoss (65) í Berufirði**. Meðan að á öðrum stöðum er ekki um að ræða einn ákveðinn stað heldur nokkra staði á sama svæði þar sem sjónarhorn á það sem fangar athygli gesta á svæðinu er gott, s.s. eins og á veginum utan við **Hvítá í Berufirði (66)** þar sem sjónarhorn á kvíar fiskeldis fangar athygli gesta á svæðinu, og á veginum við **víkurnar austan við Teigarhorn (67)**. Ef töflur 12.3.1. og 12.3.2. eru rýndar má sjá að skammt sunnan afleggjara að **Streitsvita (63)** er skilgreint útskot Vegagerðarinnar við Streiti. Frá því sér ferðafólk aftur á móti afleggjarann að vitanum og mögulegann á að komast nær honum og velur því þá leið.

Auk skilgreindra áningarstaða og útskots Vegagerðarinnar í Berufirði, er afmarkað bílastæði Umhverfisstofnunar við Blábjörg á austanverðri Berufjarðarströnd. Blábjörg eru m.a. friðlýst sem náttúruvætti auk þess að vera nr. 622 á náttúruminjaskrá. Tölverð umferð ferðafólks er að staðnum.

Hamarsfjörður (68 og 69) er allur undirlagður í myndastoppi ferðafólks, einkum og sérílagi sunnanverður fjörðurinn, enda upplifunargildi hans mikið, m.a. vegna stórbrotinnar náttúru og útsýnis. Vegurinn um fjörðinn er aftur á móti varhugaverður m.t.t. umferðaröryggis vegfarenda. Mikil þörf er á afmörkuðum útsýnis- og/eða áningarstöðum á því svæði þar sem enginn slíkur staður er þar fyrir hendi.

Næsti skilgreindi áningstaður er við Melrakknes, sem er töluvert sunnan þess svæðis sem ferðamenn stoppa hvað mest á.

Í Álftafirði er engin skilgreind aðstaða til áningar og/eða myndatöku og þeir ferðamenn sem leið eiga um fjörðinn stoppa töluvert við **Pangbrandsbryggju (70)** enda útsýni myndrænt.

Skammt sunnan Hvalnesskriða, á vegkafla 1-v2, fer myndastopp ferðafólks að aukast og er nánast samfellt að Fjörum skammt sunnan Hvalnesvita. Skráðir myndastoppistaðir eru; **sunnan Krossaneslækjar (71)** þar sem útsýni suður yfir Hlíðarsand blasir við, **Hlíðarsandur (72)** sjálfur þar sem auðvelt er að komast að svörtum sandinum, **sunnan Hvaldalsár (73)** vegna frábærs útsýnis á því svæði, **gegnt Tófuhorni (74)**, **við Hvalnesvita (75)** vegna víðáttumikils útsýnis þar og við **Fjöru (76)** í austanverðum Lónsfirði. Mikil þörf er á skilgreindum áningar- og/eða útsýnisstöðum á þessu svæði enda stórkostleg náttúra hvert sem lítið er. Svæðið er allt innan svæðis nr. 626 á náttúrminjaskrá og á vefsíðu Umhverfisstofnunar um aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá Austurlands stendur:

„626. Lónsfjörður og Hvalnes, Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Fjöru og grunnsvæði í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalnes í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.“

Þess má þó geta að þegar Þvottár- og Hvalnesskriður voru endurbýggðar á árunum 2007-2008 var áningarstaður byggður við Stapavík, norðan Þvottárskriðna, þaðan sem útsýni er gott auk þess sem hægt er að komast niður í svartan sand fjörunnar og að stuðlabergsstapa sem þar er. Aðstaðan laðaði að ferðafólk og er staðurinn nú mjög vinsæll til áningar og myndatöku.



Mynd 12.3.1. Áningarstaður við Stapavík.



Mynd 12.3.2. Ferðamenn að mynda með stapann í bakgrunni

Leiða má líkur að því að bygging þessa áningarstaðar hafi létt eitthvað á myndastoppi ferðamanna á þjóðvegi, sér í lagi þeirra sem eru á suðurleið.

Þá var einnig komið fyrir útskotum í sitt hvorri utanverðri skriðunni, sem eru vel nýtt til myndatöku enda útsýni myndrænt eftir stórskorinni ströndinni.

Væru umrædd útskot ekki til staðar, né áningarstaður í Stapavík, myndi ferðafólk sem leið á um svæðið stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku. Slíka framsýni sem sýnd var við vegagerð á umræddum árum er vert að lofa.

Þegar ekið er um Lónsfjörð er fuglálífið þar m.a. það sem hefur mikið aðdráttarafli, auk annarra náttúrufrýrbrigða og fagurs fjallahrings milli Eystrahorns og Vestrahorns. Það á í það minnsta við stað sem er skammt austan **Víkur 1 í Lónsfirði (77)** og sem vinsælt er að stoppa á. Það sama er upp á teningnum við **Hvalnesvita**, **undir Svínhólafjalli (78)** og **við Skiphóla (79)**, en velta má fyrir sér hvort eins mikið væri stoppað undir Svínhólafjalli ef ekki væru hestar þar innan girðingar.

Skammt sunnan við brú yfir Karlsá (80) er mikið stoppað til myndatöku, sér í lagi þegar lúpínan er í blóma, enda miklar andstæður í landslagi.

Þegar útsýni inn og út eftir Jökulsárum Jökulsár í Lóni blasir við, auk Dímu og litríks útsýnis inn Þórisdal og **Lónsöræfi (81)** snarstoppar ferðafólk. Þetta svæði er innan svæðis nr. 627 á náttúruminjaskrá, m.a. vegna fjölbreytts og litríks landslags, auk Dalsskógar í Laxárdal. Engin aðstaða er til áningar á þessu svæði nema tenging inn á einkaveg sem liggur undir Stafafellsfjöllum og er lokaður með hliði. Allur kaflinn norðan brúar yfir Jökulsá á Lóni er undirlagður í myndastoppi ferðamanna sem stoppa bíla sínar hist og her á vegi og í vegkanti. Hæðar- og planlegu vegarins á þessum stað er ábótavant og því varhugavert að stoppa m.t.t. umferðaröryggis. Þörf er á úrbótum m.t.t. aðstöðu fyrir ferðafólk.

Þegar Höfn nálgast fer að draga úr myndastoppi ferðafólks þótt áfram sé stoppað tilviljanakennt hér og þar. Það er einna helst **við Kollumúlaveg (82)** að stoppað sé á vegi eða vegkanti til myndatöku, og eins við rauða stólinn við **Þorgeirsstaðaklif (83)**.

Þegar ekið er vestur frá Höfn í Hornafirði er það tilkomumikil jökla- og fjallasýn sem fangar athygli ferðafólks auk fuglalífsins á svæðinu. Algengt er að sjá ferðafólk vera að mynda við **Þveit (84)**, **við Lindarbrekku (85)** og **utan við Krossbæ (86)**, auk þess sem allur **Hringvegurinn milli Hoffellsár og Viðborðs (87)**, neðan Hoffellsjökuls er undirlagður í samfelldu myndastoppi ferðafólks. Umhverfi Hoffellsjökuls er innan svæðis nr. 631 á náttúruminjaskrá enda landslag umhverfis skriðjökullinn stórbrotið. Enginn skilgreindur áningarstaður er á þessu svæði svo stoppað er vítt og breitt á þjóðveginum sjálfum, vegköntum og vegöxlum hans.

Við **Baulutjörn (90)**, vestan Djúpár, er mjög vinsælt að stoppa enda tjörnin á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs og óvenju mikils lífríkis tjarnarinnar. Bílstjórar hópíla hjá stórum ferðaþjónustuaðilum hafa einnig talað um vinsældir þessa staðar. Engin aðstaða er þarna til áningar auk þess sem staðurinn er verulega varhugaverður m.t.t. umferðaröryggis þar sem vegsýn er skert til beggja handa.

Ljóst er að brýn þörf er á úrbótum á Hringveginum varðandi myndastopp ferðafólks á ofangreindu svæði; frá Höfn í Hornafirði og að Hólmsá, þar sem að á rúmlega 27 km löngum vegi er enginn skilgreindur staður til áningar.

Velta má fyrir sér hvort þörf fyrir skilgreinda áningarstaði á umræddu svæði verði jafn brýn í framtíðinni og hún er nú þar sem fyrirhuguð er framkvæmd við nýjan Hringveg um Hornafjarðarfljót og byggingu þriggja nýrra áningarstaða út frá honum. Nýr vegur mun liggja langt neðan núverandi vegar og þar með utan ofangreinds svæðis þar sem myndastopp eru nú svo tíð. Núverandi Hringvegur, á umræddu svæði, verður óbreyttur en mun liggja í hálfhring, upp eftir Hornafjarðarfljóti og um núverandi brú, út frá sitt hvorum útboðsenda nýs vegar. Ferðaþjónustuaðilar á svæðinu sjá fram á að nýta megi núverandi veg sem *ferðamannaleið* um svæðið, sem auki enn frekar upplifunargildi ferðafólks á svæðinu en nú er, eftir að gegnumstreymisumferð og þungaflutningar færast af núverandi vegi og yfir á nýjan veg.

Við Fífutjörn (92), vestan Hala í Suðursveit, er að finna sambærilegt sjónarspil og fangar athygli ferðafólks við Baulutjörn. Við Fífutjörn er reyndar gamall vegur ofan Hringvegur sem mikið er ekið út á til áningar og er það vel. Aftur á móti er hinumegin Hringvegins við Fífutjörn, önnur ónefnd tjörn sem einnig vekur athygli ferðafólks og þess vegna en algengt að sjá ferðafólk leggja bílum sínum beggja vegna á þjóðveginum og/eða þvera veginn gangandi.

Á og meðfram Hringveginum, bæði **austan og vestan Jökulsárlóns (94-95)**, er stoppað hvar sem er og ekið út af veginum þar sem það er mögulegt. Góð samlíkingin af umferðarástandi svæðisins yfir sumartímann, er við hið villta vestur. Núverandi brú er flöskuháls og fast við báða enda hennar liggja misbrattar tengingar út frá Hringveginum til beggja handa. Bílastæðin sem Umhverfisstofnun og Vegagerðin unnu að í sameiningu hafa sannað sig en nauðsynlegt er að stækka þau og leggja á þau *bundið slitlag*. Slæmt ástand er á báðum bílastæðum sem eru neðan lónsins beggja vegna brúarinnar og hafa bílstjórar hópíla kvartað mjög yfir slæmu ástandi tenginga að þeim þar sem þær eru svo mjóar

og brattar að ógerningur sé að aka stórum rútum niður þær. Þá sé einnig erfitt að fara með minni hópbíla niður á stæðið þar sem það er svo óslétt og illa farið.

Almennt gildir að nausynlegt er að hafa áningarstaði með bundnu yfirborði svo þeir troðist ekki niður í holur og ófærð í ríningum.

Skammt vestan Jökulsárlóns, á Hringveginum um **Breiðáraura (96)**, er nánast samfelld stopp ferðamanna til myndatöku og bera vegkantar á svæðinu þess skýr merki. Þar er hvergi skilgreind aðstaða til áningar nema við Fjallsárlón, sem er ferðamannastaður með þjónustu, frekar en útsýnisstaður.

Einnig er þörf á aðstöðu til áningar neðan **Bleikafjalls og Eyjafjalls (97)** enda afar sérstakt útsýni á því svæði sem fangar auðveldlega athygli ferðafólks.

Á veginum undir vestanverðum Örfæfajökli er víða stoppað á veginum vegna sama myndefnis, þ.e. skriðjöklar, fjöll og víðátta auðnarinnar, birkiskógur, auk lúpínu og annars gróðurs. Áberandi staðir þar m.t.t. myndastoppa ferðafólks á svæðinu eru undir **Svartjökli og Öldum (98)**, **milli Falljökuls og Virkisjökuls (99)**, **austan Svínafellsár (100)** og **milli Svínafells og Skaftárjökuls (101)**.

Skilgreindur áningarstaður er við Sandfell, þaðan sem gengið er upp á Hvannadalshnjúk, útskot við Skaftafellsá þaðan sem um 2,5 km langur sveitarfélagsvegur liggur að öðru útskoti við Svínafellsjökul.

Skilgreindur áningarstaður er á Skeiðarársandi með upplýsingaskiltum um þau hamfaraflið sem orðið hafa á svæðinu. Staðurinn er vel heppnaður, rúmgóður og auðvelt fyrir allar tegundir bíla að aka inn og út af honum. Bílstjórar hópbíla hafa hrósað þessum stað ítrekað fyrir gott aðgengi.

Annar sambærilegan stað þyrfti á Skeiðarársandi þaðan sem gott sjónarhorn er að **Hvannadalshnjúki (102)**, því þar er vinsælt að stoppa á vegi eða vegkanti til myndatöku. Nú stendur yfir bygging nýrrar brúar yfir Morsá sem mun leysa núverandi brú á Skeiðarsanda af hólmi. Í tengslum við það verk er fyrirhugað að byggja nýjan áningarstað út frá nýjum veltengingum sem tengja Morsárbrú við vegakerfið.

13. Ferðapjónustuaðilar með hópferðabíla

13.1. Formáli

Haustið og veturinn 2015 var haft samband við nokkra ferðapjónustuaðila með hópferðabíla og óskað eftir upplýsingum frá bílstjórum þeirra varðandi myndastoppistaði ferðafólks á Hringvegi eða vegkanti hans.


Þeir ferðapjónustuaðilar sem veittu upplýsingar voru forsvarsmenn og bílstjórar Guðmundar Tyrfingssonar ehf., Hópbíla hf, Reykjavík Excursions – Kynniferðir ehf, SBA-Norðurleið, Snæland Grímsson og Tanni Travel.

Í töflu 13.1.1. má sjá þá staði á Hringveginum sem bílstjórar ofangreindra ferðapjónustuaðila verða ítrekið varir við myndastopp ferðafólks á vegi og/eða vegkanti.

Á teikningu 13.1.1. eru neðangreindir staðir sýndir á Íslandskorti.

Tafla 13.1.1. Staðir á Hringveginum sem bílstjórar ferðapjónustuaðila verða varir við myndastopp ferðafólks á Hringvegi.

Númer á teikningu 12.1.1.	Myndastoppistaður ferðafólks	Vegkafli	Sveitarfélag
1	Skammt austan Lómagnúps	a1	Skaftárhreppur
2	Heimreið að Núpsstað	a1	Skaftárhreppur
3	Fossálar	a3	Skaftárhreppur
4	Foss á Síðu	a4	Skaftárhreppur
5	Mosavaxið Eldhraun	a6	Skaftárhreppur
6	Mýrdalssandur	b0-b2	Skaftárhreppur/Mýrdalshreppur
7	Vestan Múlavíslar	b2	Mýrdalshreppur
8	Ofan Víkur, þegar bæjarmyndin og sjórinn blasa við	b4	Mýrdalshreppur
9	Sólheimasandur	b5	Mýrdalshreppur
10	Neðan við Skógarfoss	b6	Rangárþing eystra
11	Drangshellir	b6	Rangárþing eystra
12	Rútshellir	b6	Rangárþing eystra
13	Heimreið að Þorvaldseyri	b7	Rangárþing eystra
14	Skálabæir undir Eyjafjöllum	b7	Rangárþing eystra
15	Markarfljót, beggja vegna brúar.	b8	Rangárþing eystra
16	Útsýni að Eyjafjallajökli, Eyjafjöllum og inn í Þórsmörk	b9-c0	Rangárþing eystra
17	Þjórsá, vestan brúar	d1	Flóahreppur
18	Kambabrún á Helliheiði	d8	Ólfus
19	Holtavörðuheiði, neðan Tröllakirkju	j1	Húnaþing vestra
20	Bólstaðarhlíðarbrekkan	m4	Húnavatnshreppur
21	Vegamót við Grenivíkurveg í vestanverðu Víkurskarði	q3	Svalbarðsstrandarhreppur
22	Laxárbrú við Arnarvatn í Mývatnssveit, nyrðri brúarendi	r0	Skútustaðahreppur
23	Neslandavíkur við Mývatn	r0	Skútustaðahreppur
24	Helluhraun norðvestan Reykjahlíðar	r1	Skútustaðahreppur
25	Bjarnarflag	r3	Skútustaðahreppur
26	Gömul náma í vestanverðu Vegaskarði	s2	Fljótsdalshéraðs
27	Álftafjörður	v0	Djúpavogshreppur
28	Þvottáskriður	v1	Djúpavogshreppur
29	Hvalnesvíti	v2	Sveitarfélagið Hornafjörður
30	Lónsfjörður	v2	Sveitarfélagið Hornafjörður
31	Þorgeirsstaðaklif	v5	Sveitarfélagið Hornafjörður
32	Baulutjörn undir Fláajökli	v9	Sveitarfélagið Hornafjörður
33	Fljótavegur, beggja vegna Hornafjarðarfjóts	v9	Sveitarfélagið Hornafjörður
34	Fífutjörn í Suðursveit	x1	Sveitarfélagið Hornafjörður
35	Austan og vestan Jökulsárlóns	x3-x4	Sveitarfélagið Hornafjörður



Teikning 13.1.1. Tölusettu hringirnir vísa á þá staði á Hringveginum sem bísíjörar hóperðabíla verða ítrekað varir við að ferðafólk stoppi á vegi eða vegkanti til myndatöku, auk sem þeir sinna fyrir áhuga þeirra eigin farþega á myndastoppi.

13.2. Umræður

Eins og sjá má í töflu 13.1.1. eru **35 staðir skráðir** sem bílstjórar hópferðabíla verða ítrekað varir við myndastopp ferðafólks á vegi eða vegkanti auk þess sem þeir verða fyrir þrýstingi frá eigin farþegum um að stoppa á tilteknum stöðum til myndatöku. Allir þeir staðir sem ferðapjónustuaðilar nefndu koma einnig fram hjá starfsmönnum Vegagerðarinnar í köflum 2-10.

Mikill samhljómur var í upplýsingum þeirra ferðapjónustuaðila sem rætt var við og ljóst að Suðurlandið er langsamlega versta svæðið eð tilliti til myndastoppa ferðafólks. Allir ferðapjónustuaðilarnir voru sammála um að myndastoppistaðir á Hringvegi væru mun fleiri en þeir sjálfir töldu upp og algengt að um samfelld myndastopp væri að ræða á löngum köflum á vissum stöðum. Í því samhengi var svæðið undir Örfæjökli sérstaklega nefnt, þ.e. svæðið frá Kvískerjum og vestur að Skaftafelli.

Hringvegurinn um Lónsjörð (30-31), milli Eystrahorns og Vestrahorns, var mikið ræddur vegna áhuga ferðafólks á að ljósmynda á því svæði enda útsýni fagurt og fuglalíf fjölskrúðugt. **Hvalnesviti (29)** bar einnig oft á góma. Þá minntust allir þeir bílstjórar sem rætt var við um núverandi útskot í **Kömbunum ofan Hveragerðis (18)**. Þaðan er útsýni stórkostlegt og ferðafólk vill undantekningalaust fá að stoppa þar til myndatöku. Það er aftur á móti nær útilokað vegna aðstöðuleysis, sér í lagi fyrir rútur.

Núverandi bílastæði við Skógafoss bar oft á góma vegna aðstöðuleysis auk þess sem bílstjórar höfðu áhyggjur af því að svæðið væri að troðast niður vegna ágangs. **Fossálar (3)** og **Foss á Síðu (4)** eru staðir sem alltaf voru nefndir, auk **Múlakvíslar (7)** sem verður að teljast ankanalegt þar sem áningarstaður er skammt ofan núverandi brúar að vestanverðu. Við Múlakvísl leggur ferðafólk bílum sínum aftur á móti fast við brúarendana til myndatöku og til að komast niður að kvíslinni. Það sama gildir um myndastopp ferðafólks beggja vegna brúar á **Markarfljóti (15)**. Þá nefndu nokkrir bílstjórar að almennt væri ferðafólk mjög forvitnið um gamlar brýr og stoppaði gjarnan við enda þeirra, bæði til að taka myndir af þeim og umhverfi þeirra, en einnig til að komast að vatni.

Sá staður sem mestur samhljómur var í umræðum um var **Jökulsárlón (35)**. Segja má að Jökulsárlón sé „heiti reitur“ Suðurlands þar sem fleiri ferðamenn fara að lóninu en í Skaftafell. Bílastæði á svæðinu eru aftur á móti í miklum ólestri, sér í lagi neðan vegar beggja vegna brúarinnar. Tengingar að stæðunum eru bæði það mjóar og svo brattar að nær útilokað er að koma 70 manna rútu þar út af veginum. Ef það aftur á móti tekst þá er hitt vandamálið - að koma rúttunni upp á veg aftur. Þá eru „bílastæðin“ óbundin og mikið af lausu efni sem gerir svæðið enn torveldara yfirferðar.

Bílstjórar minntust á einn skilgreindan áningarstað Vegagerðarinnar á Skeiðarársandi, á vegkafla y0, sem sérlega velheppnaða framkvæmd. Aðgengi að staðnum væri gott þar sem hægt er aka inn og út af staðnum, án þess að þurfa að bakka eða taka hringakstur. Staðurinn er rúmgóður og útsýni gott.



Mynd 13.2.1. Áningarstaður Vegagerðarinnar á Skeiðarársandi.

Ljóst er að skortur er á aðstöðu til áningar, ekki síst fyrir stærri bílar eins og hópferðabíla. Skilgreindir áningarstaðir er flestir það litlir, og/eða aðgengi að þeim er með þeim hætti, að stærri hópferðabílar eiga ekki kost á að nýta þá. Þá er einnig nokkuð um að húsbílar nýti þá sem gististaði og dragi með því úr aðstöðu fyrir aðra.

14. Samantekt

Í þessari yfirferð voru **102 staðir skráðir á Hringveginum** þar sem sjá má ferðafólk stoppa ítrekað, á vegi eða í vegkanti, til myndatöku og þar sem lítil sem engin aðstaða er fyrir hendi. Í töflu 14.1 eru þessir staðir skráðir í röð eftir vegkafla Hringvegarins, þjónustustöð Vegagerðarinnar og svæði.


Tafla 14.1. Skráðir myndastoppistaðir á Hringveginum

Skráningar-númer	Staðir	Vegkafla	Þjónustustöð / Umdæmi	Vegagerðar-svæði	
1	Við Núpsvötn, austan Lómagnúps	a1	1. Vík í Mýrdal	SUÐURSVÆÐI	
2	Heimreið að Núpsstað	a1			
3	Fossálar	a3			
4	Foss á Síðu	a4			
5	Eldhraun	a6			
6	Mýrdalssandur, vestan Blautukvíslar	b2			
7	Múlakvísl	b2			
8	Sólheimasandur	b5			
9	Skógarsandur, gegnt Sólheimajökli	b6			
10	Neðan við Skógarfoss	b6			
11	Drangshellir undir Eyjafjöllum	b6			
12	Rútshellir undir Eyjafjöllum	b6			
13	Heimreið að Þorvaldseyri	b7			
14	Hvammur undir Hvammsnúpi	b8			
15	Brú yfir Markarfljót, beggja vegna	b9			
16	Milli Markarfljóts og Hvolsvallar	c0			
17	Milli Hvolsvallar og Hellu	c2			2. Selfoss
18	Kambabrún á Hellisheiði	d8			4. Borgarnes
19	Gegnt Skipanesi í Leirárvogi	g3			
20	Í Kolásbrekkunni	h0	5. Hvammstangi	NORÐURSVÆÐI	
21	Holtavörðuheidi efst, neðan Tröllakirkju	j1			
22	Við Brandagil í Hnútafirði	k2			
23	Gegnt Borðeyri í Hnútafirði	k2			
24	Við Reykjaskóla í Hnútafirði	k2			
25	Gegnt Svertingsstöðum	k3			
26	Ósleiti í Miðfirði	k4			
27	Við Þrístapa	k8			
28	Hringvegurinn í Þingi	k8	6. Sauðárkrókur		
29	Beggja vegna vegamóta Hringvegar/Svartárdalsveg	m4			
30	Í krappri beygju ofan við Húnaver	m4			
31	Bólstaðarhlíðarbrekka	m4	7. Akureyri		
32	Bakkaselsbrekka á Öxnadalshéiði	p1			
33	Gegnt Hrauni í Öxnadal	p2			
34	"Leiruvegur" á Akureyri	p9			
35	Útsýnisstaður í Vaðlareit	q0			
36	Vegamót við Grenivíkurveg (83)	q3			
37	Vegamót við Hrísgarðisveg (8621) í Fnjóskadal	q3			

38	Fljótsheiði ofan Goðafoss	q7	8. Húsavík	NORDURSVÆÐI		
39	Austanverð Fljótsheiði	q7				
40	Suðurendi Mátvatns	q9				
41	Skjólbrekka	q9				
42	Milli Helluvaðs og brúar yfir Laxá	q9				
43	Nyrðri brúarendi Laxár	r0				
44	Hraunborgir	r0				
45	Víkur sunnan Vindbelgs	r0				
46	Neslandavík	r0				
47	Eldhraun vestan Reykjahlíðar	r1				
48	Stóragjá	r2				
49	Milli Grjótagjár og Jarðbaðsvegur	r2				
50	Bjarnarflag	r3				
51	Dalborg austan Kröfluvegar	r3				
52	Við Randir (Rjúpnakrika)	r3				
53	Við jarðfall vestan Austari Brekku	r3				
54	Í beygjunni að Jökulsá	r5				
55	Gömul náma neðan Biskupaháls	r7	9. Fellabær			
56	Í Vegaskarði	s2				
57	Víða við Langadalsá	s4				
58	Fremri Rjúkandi	s7				
59	Garðsá og Sauðá	s7				
60	Gilsá á Völlum	t5				
61	Við Skriðuvatn	t7				
62	Við Þróng á Breiðdalsheiði	t8			10. Breiðdalsvík	
63	Streitishvarf	u2			11. Höfn í Hornafirði	AUSTURSVÆÐI
64	Við Núp	u2				
65	Við Krossfoss	u2				
66	Útan við Hvítá	u5				
67	Víkur austan Teigarhorns	u6				
68	Sunnanverður Hamarsfjörður	u8				
69	Mynni Hamarsfjarðar	u8				
70	Þangbrandsbryggja	v0				
71	Sunnan Krossaneslækjar	v2				
72	Hlíðarsandur	v2				
73	Sunnan Hvaldalsár	v2				
74	Austanvert Hvalnes, gegnt Tófuhorni	v2				
75	Við Hvalnesvíta	v2				
76	Að sandrífi undir Eystrahorni	v2				
77	Við stöð 9800 austan Víkur 1 í Lónsfirði	v2				
78	Undir Svínhólafljalli	v3				
79	Skiphólar	v3				
80	Sunnan brúar yfir Karlsá	v3				
81	Yfir Lónsöræfi	v4				
82	Beggja vegna Kollamúlavegar	v4				
83	Þorgeirsstaðaklíf	v5				
84	Við Þveit	v8				
85	Við Lindarbakka	v8				
86	Útan við Krossbæ	v8				
87	Fljótavegur	v9				
88	Undir Viðborðsfjalli	v9				
89	Viðborðssel, eyðibýli	v9				
90	Baulutjörn, undir Fláajökli	v9				
91	Austan Kolgrímu	x0				
92	Við Fífutjörn í Suðursveit	x1				
93	Austan við gamla Stemmufarveginn	x3				
94	Austan Jökulsárlóns	x3				
95	Vestan Jökulsárlóns	x4				
96	Breiðarárar	x4				
97	Gegnt Bleikafjalli	x6				
98	Undir Svartajökli og Öldum	x7				
99	Milli Falljökuls og Virkisjökuls	x8				
100	Austan Svínafellsár	x9				
101	Milli Svínafells- og Skaftárjökuls	x9				
102	Skeiðaársandur í átt að Hvannadalshnjúk.	y0				

Á teikningu 14.1. er ofangreindir skráðir myndastoppistaðir ferðafólks merktir inn á Íslandskort með samsvarandi númerum og skráð eru í töflu 14.1.

Teikning 14. 1. Staðir á Hringveginum þar sem sjá má ferðafólk stoppa ítrekað til myndatöku




Eins og sjá má í töflu 14.1 og á teikningu 14.1 er mest um myndastopp ferðafólks á Hringveginum á Suðurlandi og á Suðausturlandi. Þá er Mývatnssvæðið greinilegur „heitur reitur“ á Norðurlandi þó einnig verði vart við myndastopp ferðafólks á Norðvesturlandi. Í skýrslu Ferðamálastofu (júní, 2017); um *ferðapjónustuna á Íslandi í tölum*, kemur fram að töluvert fleiri fara að Jökulsárlóni en í Skaftafell, bæði að sumri sem vetri til, sem leiðir líkur að því að ferðafólk sé farið að leita lengra austur á bóginn en áður. Þá er vetrarumferð ferðafólks að aukast mikið og samkvæmt heimamönnum í Vík í Mýrdal líkja þeir vetrarumferð erlendra gesta nú, við sumarumferð þeirra fyrir fáum árum síðan.

Bílstjórar ferðapjónustuaðila segja ferðamannastrauminn út úr höfuðborginni liggja til austurs. Myndastopp ferðafólks hefjast austan Hvolsvallar þegar Eyjafjallajökull blasir við, auk Eyjafjalla, útsýni inn í Þórsmörk að ónefndum Seljalandsfossi. Við Markarfljótsbrúna verða viss skil í myndastoppi og má líta á þann stað sem ákveðinn upphafspunktur í nánast samfelldu myndastoppi sem nær til Austurlands.

Margt er það í náttúru Íslands sem ferðamenn hafa áhuga á að mynda. Undir Eyjafjöllum, Mýrdalsjökli og Vatnajökli er stutt á milli frægra náttúrufrábæra og litatilbrigða náttúrunnar, skriðjökla, fagurs gróðurs, sandauðna og hrauns. Þar er því víða stoppað. Á Suðausturlandi er það fjölbreytilegt landslag með stórbrotnum fjöllum, skriðurunnum hlíðum, svörtum söndum, vatnsföllum og fjölskrúðugu fuglalífi sem laðar að ferðafólk.

Fossar hafa einnig mikið aðdráttarafl fyrir ferðafólk, ekki síður í klakaböndum og undir dansandi norðurljósum. Þá hafa lúpínubreiður sandanna á Suðurlandi aðdráttarafl fyrir erlenda gesti og vinsælt er að labba út í víðáttumikla blómabreiðu og taka myndir af höfði sem gægist upp úr henni. Þetta sést greinilega á vegkanti Hringvegarins á Suðurlandi þar sem lúpínan vex upp í vegöxl og dældir/lautir myndast inn í gróðurinn næst veginum þar sem ökutækjum er lagt. Innan umdæmis þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Vík í Mýrdal eru vegkantar lítið slegnir þar sem þess gerist ekki þörf. Bílslagningar erlendra gesta í vegkanti gerir það að verkum að gróður nær sér ekki á strik þar sem hann er stöðugt bældur niður með ökutækjum.

Þá laðar vatn að ferðafólk, hvort heldur lygnt eða straumvatn, enda getur það verið mjög myndrænt í mismunandi birtuskilyrðum. Allsstaðar þar sem hægt er að komast að vatni er mikið stoppað, eins og sést vel við Mývatn. Við brýr er t.d. vinsælt að stoppa en við brúarenda eru oft breiðari svæði en annarsstaðar á vegum og þar er algengt að ferðafólk leggi bílum og fari út úr þeim.




Mynd 14.1. Algeng sjón að sjá ferðamann mynda frá miðri brú. Við Gljúfurá í Húnavatnshreppi og Húnabíngi vestra.

Ljóst er að aðstöðu til áningar og útsýnis meðfram Hringveginum er verulega ábótavant. Miðað við þessa öru fjölgun ferðamanna og auknu umferð á landinu eru áningarstaðirnir allt of fáir, flestir of litlir, og margir of nálægt þjóðvegi. Þá komast fáar rútur inn á núverandi áningarstaði og sama gildir um stærri þjónustutæki í vetrarþjónustu. Því getur verið örðugt að þjónusta staðina að vetri til.

Flestir þeirra áningarstaða sem eru nú fyrir hendi eru þó vel staðsettir, með tilliti til útsýnis og upplifunar, en þyrfti að stækka og bæta tengingu að.

Í skýrslu Rögvaldar Guðmundssonar (2015) hjá Rannsóknunum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar kemur fram að ferðamenn nýta sér þá áningarstaði sem eru fyrir hendi, sjá mynd 14.1. Þess má þó geta að þeir stoppa einnig alls staðar annarsstaðar þar sem færi gefst, s.s. á heimreiðum, tengingum að túnum, framhjáhlaupum og malarpúðum fyrir snjóruðningstæki.



Mynd 14.2. Úr skýrslu RRF um vegi og ferðaþjónustu 2014-15.

Bygging áningarstaða er ekki alltaf einfalt mál. Fyrir utan hönnunar-, byggingar- og rekstrarkostnað þarf að útvega land undir staðinn. Á Suðurlandi, þar sem þörfin fyrir bættu aðstöðu er hvað mest, er land þó víða það flatt og víðáttan það mikil að umferðaröryggislega og vegtæknilega séð ætti að vera tiltölulega auðvelt að koma fyrir áningarstöðum og stærri útskotum, ætluðum til áningar og útsýnis. Við staðsetningu áningarstaðar þarf einnig að huga að því að hann sé þeim megin vegar sem myndaefnið er. Þá þarf að vera skilyrði að yfirborð hans sé bundið.

Þá geta merkingamál verið vandrataður vegur. Hefðbundin vegvísun að áningarstað á þjóðvegum á Íslandi í dag byggir víðast hvar á einu skilti, beggja vegna tiltekins áningarstaðar. Í besta falli er um að ræða vegvísun með 500 m fjarlægð en oft 200 eða 400 m fjarlægð. Í handbók Vegagerðarinnar um umferðarmerki (2010) kemur fram að æskilegt sé að hefja vegvísun a.m.k. 500 m framan við áningarstað. Ekkert er minnst á hve mörg skilti eigi að vera né hvenær eigi að hefja vegvísun.

Þjónustustöð Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði gerði tilraun með breytingu út frá hefðbundinni vegvísun við áningarstað á Skeiðarársandi með því að setja fleiri skilti í aukinni fjarlægð frá honum, beggja vegna. Merkin voru staðsett í 2ja km, 1 km og 0,5 km fjarlægð frá áningarstaðnum. Samkvæmt yfirverkstjóra stöðvarinnar hefur þetta mælst vel fyrir og fleiri sem leita út af Hringveginum og inn á staðinn (Reynir Gunnarsson, september 2016). Þessi aðgerð vekur von um að hægt sé, með góðum merkingum, að „færa“ fólk út af vegi, eða vegkanti, og inn á öruggari staði.

Þá hefur Ólafur Guðmundsson tæknistjóri hjá EuroRAP á Íslandi verið talsmaður þess að kantlínur á íslenskum vegum ættu að vera heilar en ekki strikalínur eins og hingað til hefur tíðkast. Ástæða þess sé sú að erlendir ferðamenn telji að við strikalínur megi stöðva bílana. Víða erlendis eru kantlínur heilmálaðar, eins og í Pýskalandi, Austurríki, Tékklandi, Spáni, Kanada, Brasilíu og víðar. Heilar kantlínur senda út skýr skilaboð um að bannað sé að aka yfir þær og því líkur á að heilmálun kantlína á Íslandi myndi draga úr stoppi erlendra gesta okkar í vegköntum (október 2016).

Sumarið 2017 voru kantlínur Hringvegarins, milli Reykjavík-Klaustur og Reykjavík-Blönduós, heilmálaðar og samkvæmt starfsmönnum Vegagerðarinnar er merkjanlegur munur á myndastoppi ferðafólks eftir þá aðgerð. Færri ferðamenn stoppa nú á vegi, eða í vegkanti, eftir að kantlínur vegkanta voru heilmálaðar. Þá er einnig greinanlegt að þeir ferðamenn sem stoppa til myndatöku, aka alveg út af veginum og yfir kantlínuna, þar sem það er hægt, þannig að bifreiðin sjálf stendur utan við akreinar vegarins.

Innan Vegagerðarinnar er skilningur og áhugi á úrbótum í þessum málaflokki vegagerðar og má meðal annars nefna þátttöku Vegagerðarinnar í fjölmörgum rannsóknum og útteltarverkefnum undanfarin ár sem snerta ferðamál og ferðaþjónustu. Vanmáttur stofnunarinnar er aftur á móti mikill vegna fjármagnskorts auk þess sem Vegagerðin hefur haft litla aðkomu að stefnumótun og áætlanagerð í málefnum ferðaþjónustunnar. Þessu þyrfti að breyta og sérmerkja t.d. fjárveitingar til endurbóta og uppbyggingar á einstökum leiðum og vinsælum stöðum og auka samstarf milli stofnana. Ferðaþjónustan hefur fest sig í sessi sem ein af meginstöðum íslensks atvinnulífs og með áframhaldandi markaðssetningu ferðaþjónustu á landinu - allt árið um kring, fjölgun ferðamanna og umferðaraukningu er hætta á aukinni slysatíðni verði ekki brugðist við á virkan hátt.

15. Heimildaskrá

Ferðamálastofa, 2017:	<i>Ferðaðþjónusta á Íslandi í tölum.</i> Júní 2017. Ferðamálastofa, heimasíða 2017.
Matthildur B. Stefánsdóttir, 2016:	<i>Ævintýravegurinn, tillaga að vinnuferli við áætlanagerð ferðamannavega.</i> Júlí 2016, Vegagerðin. Reykjavík.
Náttúruminjaskrá, 2017.	<i>Náttúruminjaskrá,</i> skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Umhverfisstofnun, heimasíða 2017.
Katrín Halldórsdóttir, 2015:	<i>Ísland allt árið eða hvað?,</i> rannsóknarverkefni. Apríl 2015. Umferðardeild Vegagerðarinnar.
Ólafur Guðmundsson, 2016:	Munnlegar heimildir og tölvupóstur með ýmsum upplýsingum er varða merkingar á vegum.
Rögvaldur Guðmundsson, 2015:	<i>Vegir og ferðaðþjónusta 2014-15, árstíðadreifing erlendra ferðamanna og notkun bílaleigubíla.</i> Samanburður við fyrri kannanir. Samantekt fyrir Vegagerðina. Nóvember 2015. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaðþjónustunnar-RFF.
Rögvaldur Guðmundsson, 2017:	<i>Akstur og öryggi erlendra ferðamanna 2016.</i> Greinagerð unnin með stuðningi rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar. Febrúar 2017. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaðþjónustunnar-RFF.
Snævarr Guðmundsson o.fl., 2016:	<i>Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót.</i> Mars 2016. Náttúrustofa Suðausturlands, NattSA 2015-02.

16. Pakkir

Eftirtöldum aðilum eru færðar þakkir vegna aðstoðar við verkefnið.

- Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar fyrir veittan styrk til verkefnisins.
- Starfsmönnum Vegagerðarinnar í þjónustu og rekstri fyrir gagnaöflun og vettvangsferðir:
 - Ágúst Freyr Bjartmarson, Vík í Mýrdal.
 - Páll Halldórsson, Selfossi.
 - Jóhann B. Skúlason, Hafnarfirði.
 - Guðni Eðvarðssoni, Borgarnesi.
 - Guðmundur Sigurðsson, Hvammstanga.
 - Páll Hlöðver Kristjánsson, Akureyri.
 - Gunnar Bóasson, Húsavík.
 - Magnús Jóhannsson, Fellabæ.
 - Ari B. Guðmundsson, Reyðarfirði.
 - Reynir Gunnarsson, Höfn í Hornafirði.
- Öðrum starfsmönnum Vegagerðarinnar fyrir margskonar aðstoð, s.s. gagnaöflun, yfirlestur og hvatningu:
 - Ásbjörn Ólafsson, þjónustudeild.
 - Einar Pálsson, þjónustudeild.
 - Erna Bára Hreinsdóttir, hönnunardeild.
 - Helga Aðalgeirsdóttir, hönnunardeild.
 - Auður Þóra Árnadóttir, umferðardeild.
 - Katrín Halldórsdóttir, umferðardeild.
- Forsvarsmönnum og bílstjórum eftirfarandi ferðaþjónustufyrirtækja fyrir gagnaöflun og fundi:
 - Guðmundur Tyrfingsson ehf.
 - Hópbílar hf.
 - Reykjavík Excursions – kynnisferðir ehf.
 - SBA-Norðurleið.
 - Snæland Grímsson.
 - Tanni Travel.
- Ólafi Guðmundssyni tæknistjóra Eurorap á Íslandi fyrir gagnaöflun og upplýsingar.

